

• Ferðir • Bílar
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

Sérblað um vinnuvélar
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

KALDIR
DAGAR

DAGANA
13.-22. SEPT.


**15-20%
AFSLÁTTUR**
AF KÆLI- OG
FRYSTISKÁPUM

ORMSSON

ELLEUFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ÁLTÍ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími: 512 5000

FÓLK 28

UMRÆÐAN 20

FÓLK 38

ÍPRÓTTIR 34

The map shows the British Isles with weather icons and numbers. In the northwest, there is a sun behind a cloud and rain, with a red box containing the number 8. In the northeast, there is a sun behind a cloud and rain, with a red box containing the number 8. In the south, there is a sun behind a cloud and rain, with a red box containing the number 7. In the west, there is a sun behind a cloud and rain, with a red box containing the number 8. Arrows indicate wind direction: one arrow points from the northwest towards the center, and another points from the northeast towards the center.

VEÐUR 4

Vilja verslunarmiðstöð frá Laugavegi að Skúlagötu

Hæð byggingarinnar mun taka mið af hæð þeirra húsa sem eru fyrir frá Laugavegi og norður fyrir Hverfisgötu. Við Skúlagötu munu hins vegar rísa íbúðaturnar, allt að sautján hæða háir, eins og núgildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir, og er orðið einkenni götunnar með tilkomu háhýsa á Klapparstígsreit og í Skuggahverfi.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa Björgólfsfeðgar, í gegnum Samson Properties, keypt upp stóran hlut eigna á reit sem markast af Laugavegi, Hverfisgötu, Barónsstíg og Vitastíg. - **kh**



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fangarnir verða í Dritvík

- mh

Frestast um einhverja daga

Nokkur fyrirtæki hafa lýst yfir áhuga á að skrá bréf sín í evrum, en Einar segir líklegt að þau munu biða á hliðarlínunni þar til þetta mál leysist. Þeirra á meðal er Exista, en Erlendur Hjaltason, forstjóri félagsins, segir þessa atburðarás nú engu breyta fyrir félagið. Stjórnin hafi heimild aðalfundar til að skrá hlutafé í evrum, en engin ákvörðun hafi verið tekin.

- bj / sjá síðu 4



Borðaðu OTA hafragrautinn þinn á hverjum morgni

SPURNING DAGSINS



Jakob Falur, eruð þið orðnir leiðir á þessum pillum?

„Svo lengi sem það eru ekki gleðipillur.“

Frumlyfjaframleiðendur eru ósáttir við umfjöllun stjórnmalamanna um lyfjaverð og segja þá sleppa því sem máli skiptir. Jakob Falur Garðarsson er framkvæmdastjóri Frumtaka.

Kornrækt á Íslandi:

Kornuppskeran eykst ár frá ári

LANDBÚNAÐUR Um fjögur þúsund hektarar lands eru notaðir undir kornrækt á Íslandi sem munu skila um það bil 14 til 16 þúsund tonna uppskeru af korni í ár. Kornrækt hefur aukist mjög að umfangi síðustu ár en til samanburðar var árið 1995 ræktað korn á um 500 hekturum.

Mest er ræktað af byggi og er það notað að miklum hluta sem fóður fyrir kýr og svín en í mjög litlum mæli til manneldis.

Fjallað er um kornrækt og kornskurðarvélur í sérblaði um vinnuvélur sem fylgir Fréttablaðinu í dag.

Réttað yfir Phil Spector:

Ósamkomulag í kviðdóminum

BANDARÍKIN, AP Kviðdómur sem kveða átti upp úr um sekt eða sýknu í dómsmáli bandaríska upptökustjórans Phil Spector tilkynnti dómara í gær að ekki hafi tekist að ná samkomulagi um niðurstöðuna innan kviðdómsins.

Kviðdómurinn hefur reynt að komast að niðurstöðu frá 10. september án árangurs. Verjandi Spectors krafðist í gær frávísunar á málinu vegna þessa, en dómari hafnaði því.

Spector er sakaður um að hafa orðið leikkonunni Lönu Clarkson að bana árið 2003. Hann segir að Clarkson hafi framið sjálfsvíg. - bj

JAPAN

Afmæli elsta manns heims

Japaninn Tomoji Tanabe, sem talinn er elsti núlifandi maður heims, hélt upp á 112 ára afmæli sitt í gær. Hann segir leyndarmálið að baki langlífi sínu vera að hann hafi aldrei bragðað áfengi.

Samgöngunefnd Alþingis fór til Grímseyjar í gær og kynnti sér aðstæður í eynni:

Sjálfstæðismenn ósammála

STJÓRNMÁL Stuðningur er við það innan samgöngunefndar Alþingis að hætta við smíði fyrirhugaðrar Grímseyjarferju. Samgöngunefnd Alþingis fór til Grímseyjar í gær og ræddi við heimamenn og kynnti sér aðstæður í eynni. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni eru ósammála en Árni Johnsen vill að hætt verði við smíði skipsins en Ármann Kr. Ólafsson og Ólöf Nordal vilja halda áfram með málið og klára það.

Málefni Grímseyjarferju hafa verið mikið deilufeni síðan Ríkisendurskoðun gagnrýndi harkalega hvernig staðið var að kaupum á skipinu og viðgerðum á því. Var

FULLTRÚAR Í SAMGÖNGUNEFND

Í samgöngunefnd Alþingis eru Steinunn Valdís Óskarsdóttir formaður, Árni Johnsen (D), Ólöf Nordal (D), Ármann Kr. Ólafsson (D), Karl V. Matthíasson (S), Guðni Ágústsson (B), Guðjón Arnar Kristjánsson (B) og Árni Þór Sigurðsson (V).

það mat Ríkisendurskoðunar að fjármunum ríkisins, um 500 milljónum króna, hafi verið ráðstafað í trássi við lög þar sem heimild hafi ekki verið fyrir fjárveitingu í verkefnið.

Ólöf Nordal, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, leggst gegn því að smíði ferjunnar verði hætt. „Kjarni málsins er sá að þetta er vandi Grímseyinga og við þurfum að leysa málið fyrir þá.“

Árni Johnsen, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, lýsti því yfir í samtali við Stöð 2 í gær að skipið væri „samsafn af vanda-málum“ og „ekki boðlegt“.

„Þetta er ekki eina málið á sviði samgöngumála sem Árni Johnsen hefur aðra skoðun á en við,“ sagði Ólöf um yfirlýsingu Árna.

Ekki náðist í Steinunni Valdís Óskarsdóttur, formann samgöngunefndar, í gær.

- mh

Krafist eigendasögu listaverka til sölu

Stefnt er að lögfestingu þess að seljendur listaverka krefjist eigendasögu listaverka sem eru til sölu. Allar breytingar sem tryggja það að fölsuð málverk gangi ekki kaupum og sölum sem ófölsuð eru til hins betra, segir ríkislögreglustjóri.

STJÓRNMÁL Viðskiptaráðuneytið hefur í undirbúningi breytingar á lögum um verslunaratvinnu en í væntanlegu frumvarpi verða sérstaklega lagðar til breytingar á sölufrelsi listaverka á listmunauppbodum og listaverkasöllum.

Lagt er til að seljandi myndverka geri kröfu um eigendasögu listaverka sem selja má.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri segir allar breytingar sem miði að því að tryggja að fölsuð verk gangi ekki kaupum og sölum til hins betra. „Rétt er að gera allt sem miðar að því að tryggja rétta upprunasögu listaverka og reyna að stemma stigu við verslun með fölsuð verk. Að minnsta kosti þarf að búa tryggilega þannig um hnútana að þau verk sem eru þekktar falsanir gangi ekki kaupum og sölum sem ófölsuð listaverk.“

Nokkur umræða vaknaði eftir málverkafölsunarmálið svokallaða um hvernig mætti koma í veg fyrir að svipuð mál kæmu upp að nýju. Hæstiréttur sýknaði í maí 2004 tvo menn, Pétur Þór Gunnarsson og Jónas Freyðal Þorsteinsson, af því að hafa falsað og látið falsa fjölda málverka og höfundarmerkingu þeirra og með því blekkt viðskiptavini á listauppbodum, og í verslun Gallerís Borgar, til að kaupa verk á fölskum forsendum. Héraðsdómur hafði áður dæmt þá í skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu bóta. Málið er eitt það umfangsmesta sem farið hefur í gegnum íslenskt dómsskerfi og nam kostnaðurinn við



Í DÓMSAL Réttarhöldin í málverkafölsunarmálinu voru umfangsmikil og þurftu menn meðal annars að stilla upp fjölda listaverka á trönum í dómsal. Hér sést Pétur Þór Gunnarsson, annar þeirra sem ákærðir voru í málinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÁSLAUG THORLACIUS Fagnar fyrirhuguðum breytingum.



HARALDUR JOHANNESSEN Rétt að tryggja að fölsuð málverk gangi ekki kaupum og sölum sem ófölsuð.

rannsókn og málsmeðferð tugum milljóna króna.

Áslaug Thorlacius, formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna, er ánægð með breytingarnar en leitað var til sambandsins þegar starfshópur á vegum menntamálaráðherra og viðskiptaráðherra fjallaði sérstaklega um hvernig væri hægt, með laga-breytingum, að koma í veg fyrir að fölsuð málverk kæmst í umferð og þau seld á uppboðum

og í galleríum. „Þetta er gott fyrir íslenska myndlist,“ sagði Áslaug.

Knútur Bruun, lögmaður Sambands íslenskra myndlistarmanna, fagnar breytingunum og segir þær tímabærar. „Þetta eru tímabærar breytingar og vonandi tryggja þær að nýtt málverkafölsunarmál komi ekki upp aftur. Það var skaðlegt fyrir íslenska menningu en því betur hefur tekist, með samstilltu átaki, að bæta fyrir skaðann.“

magnush@frettabladid.is

Nýstárleg þjónusta hjá ÍE :

Sjúkdómslíkur reiknaðar út

VÍSINDI Íslensk erfðagreining mun bjóða almenningi að senda lífsýni sín til fyrirtækisins og fá í staðinn greiningu á um hálfri milljón breytilegra svæða í erfðamengi sínu. Með hugbúnaði geti fólk þannig reiknað út líkur á mismunandi sjúkdómum og kannað uppruna sinn nánar.

Kári Stefánsson, forstjóri fyrirtækisins, sagði að líklega verði opnað fyrir þessa þjónustu fyrir almenning í október. Þetta kom fram í viðtali í þættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni í gær. Ekki sé komið á hreint hversu mikið þessi þjónusta muni kosta, en hún verði ekki ódýr. - sþs



HJÓLAÐ Markmiðið með tillögu VG var að hjóltreiddar verði fullgildur samgöngukostur í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tillaga VG í borgarstjórn:

Láta gera hjóltreiddaáætlun

REYKJAVÍK Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti í gær að unnin verði sérstök hjóltreiddaáætlun fyrir borgina með það að markmiði að gera hjóltreiddar að fullgildum samgöngukosti.

Áætlunin verður tvískipt. Annars vegar að taka til stefnumótunar aukið aðgengi hjólafélks, en hins vegar verður um að ræða framkvæmdaáætlun til nokkurra ára þar sem gera á grein fyrir einstökum verkefnum og fjármögnun þeirra.

Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, bar tillöguna upp, og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þetta var síðasti borgarstjórnarfundur Árna, sem kjörinn var á þing í vor. - bj

LÖGREGLUFRETTIR

Ekið á barn

Bífreið var ekið á barn á mótum Lönguhlíðar og Mávahlíðar í Reykjavík í gær. Barnið var flutt á slysadeild en meiðsl þess reyndust aðeins minni háttar.

Á rúntinn á stolnum bíl

Bífreið íbúa í Reykjanesbæ var stolið úr innkeyrslu hans í gær, og lagt í íbúðarhverfi annars staðar í bænum. Lögregla telur að einhver hafi farið inn til mannsins, tekið bíllyklana og farið á rúntinn. Bíllinn er eitthvað skemmdur. Málið er í rannsókn hjá lögreglunni á Suðurnesjum.

Áfram ríkir ótti við gjaldþrot breska bankans Northern Rock:

Breska ríkið kemur til bjargar

BRETLAND, AP Hlutabréf í breska bankanum Northern Rock hækkuðu á ný í gær eftir að breska stjórnin hafði lofað að ábyrgjast innistæður viðskiptavina hans. Engu að síður stóðu margir viðskiptavinir í röðum fyrir utan útibú bankans til að taka út sparifé sitt af ótta við hugsanlegt gjaldþrot bankans.

Ríkisstjórn Gordons Brown hefur haft sig mjög í frammi til að koma á ró í kringum bankann og breski seðlabankinn greip til þess ráðs að kaupa verðbréf fyrir 4,4 milljarða punda til að styrkja markaðinn.

„Ástandið er undarlegt og óvenjulegt. Það er erfitt að setja lög um traust,“ segir Callum McCarthy, formaður breska fjármálaeftirlitsins. Hann sagði það órókrétt af viðskiptavinum bankans að halda áfram að taka út fé sitt.

„Ég veit ekki enn þá hvað við gerum við peningana, en ég treysti ekki því sem stjórnin segir,“ sagði Doria Watson, sem stóð í biðröð ásamt eiginmanni sínum og um það bil fimmtíu öðrum viðskiptavinum Northern Rock fyrir utan útibúið í Kingston-upon-Thames fyrir opnun í gærmorgun. „Við vorum



BIÐRÖÐ VIÐ NORTHERN ROCK Margir viðskiptavina bankans treysta ekki loforðum bresku ríkisstjórnarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/APP

hérna í gær en þá var okkur sagt að við ættum enga möguleika á að komast inn, þannig að við komum aftur í dag og munum bíða eins lengi og þarf.“ - gb

-2kr.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

www.ob.is



NISSAN PATHFINDER ADVENTURE GERI AÐRIR BETUR!

Nissan Pathfinder Adventure er alvöru bíll, kraftmikill, fallegur og töff! Hann er með fullkomið fjórhjóladrif sem gefu möguleika á að aka einungis í afturhjóladrifi (2WD) og spara þannig eldsneyti þegar ekki er þörf á fjórhjóladrifi (4WD).

Adventure útgáfan er sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður og fæst hvergi nema á Íslandi.

STAÐALBÚNAÐUR:

- 33" breyting
- Sérsmíðaðar álfelgur
- 7 manna
- Sjálfskipting
- 174 hestafla díselvél
- 3000 kg dráttargeta
- Cruise control
- Dráttarbeisli
- 6 diska CD spilari
- Húddhlíf
- Vindskeið
- Litað gler
- Regnskynjari
- Þokuljós



ATH: Við erum með Adventure sýningarbíl í salnum og reynsluakstursbíl á staðnum.

NISSAN PATHFINDER ADVENTURE SE

Verð aðeins **4.950.000 kr.**

KOMDU OG REYNSLUAKTU



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.

NISSAN / SIA / N029410

GENGIÐ 18. 9. 2007			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	64,93	65,23
	Sterlingspund	129,34	129,96
	Evra	89,96	90,46
	Dönsk króna	12,073	12,143
	Norsk króna	11,54	11,608
	Sænsk króna	9,678	9,734
	Japanskt jen	0,5633	0,5665
SDR		99,92	100,52
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR			
121,4957			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Slys í höfuðborginni í gær: Príl á þaki og girðingagangur

LÖGREGLUMÁL Piltur á grunnskóla-alldri handleggsbrotnaði í austurborg Reykjavíkur í gær þegar hann féll af þaki fyrirtæk-is. Talið er að hann hafi verið að príla á þakinu, að því er kemur fram á fréttavef lögreglunnar.

Annar drengur slasaðist þegar hann datt af girðingu sem hann gekk ofan á í Kópavogi. Hann var fluttur á slysadeild.

Maður á miðjum aldri slasaðist síðan þegar stálplata lenti á fæti hans meðan hann var við vinnu. Honum var komið undir læknis-hendur.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum: Óskar eftir samstarfsnefnd

LÖGREGLUMÁL Lögreglustjórinn á Vestfjörðum hefur óskað eftir því við Fjórðungssamband Vestfirð-inga að komið verði á samstarfs-nefnd milli lögreglunnur á Vestfjörðum og sveitarfélaga í fjórðungnum. „Þetta kom fram af minni hálfu strax í vor en ég sendi ekki inn formlegt erindi vegna þessarar beiðni fyrr en nú á haustmánuðum. Það er líka verið að vinna að þessum málum af hálfu ríkislögreglustjóra í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga,“ segir Kristín Völundardóttir, lögreglustjóri á Vestfjörðum.

Samkvæmt lögreglulögum skal vera samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar í hverju umdæmi en henni er ætlað að vera vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lögreglu og sveitarfélaga.

LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með örnefni í grein um Þjóðgarðinn í Skaftafelli sem birtist í Fréttablaðinu á laugardag. Staðurinn sem um var rætt heitir Sjónarnípa.

4 FRÉTTABLAÐIÐ Afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra fyrir ágúst 2007:

Aldrei fleiri teknir undir áhrifum

LÖGREGLUMÁL Aldrei hafa fleiri ökomenn verið teknir undir áhrif-um ávana- og fíkniefna við akstur en í ágúst síðastliðnum. Þá voru samtals 98 teknir vegna brota af þessu tagi, sem þýðir að 3,2 slík brot voru skráð að meðaltali á degi hverjum í ágúst.

Þetta kemur meðal annars fram í afbrotatölfræði Ríkislögreglu-stjóra fyrir ágúst 2007.

Fjöldi þeirra ökumanna sem hafa verið teknir við akstur undir áhrifum fíkniefna það sem af er árinu nálgast nú fjórða hundrað-ið.

Fíkniefnabrotum fækkaði um 38 prósent milli ára í ágúst 2006 og

2007. Þau voru 169 talsins í síðasta mánuði. Hraðakstursbrotum hefur á hinn bóginn fjölgað verulega milli ára. Í ágúst síðastliðnum voru þau 4.711 en það eru 35 pró-sentum fleiri brot en í fyrra. Þar eiga hraðamyndavélar í höfuð-borginni, Hvalfjarðargöngum og Hvalfjarðarsveit drjúgan hlut að máli. Má rekja um 50 prósent skráðra hraðakstursbrota í ágúst-mánuði til hraðamyndavéla í land-inu.

HVALFIJARÐARGÖNG Hraðamyndavélar reynast vel við að góma ökuniðinga.

FÍKNIEFNAAKSTUR	
Fjöldi brota 2007*	
Janúar	16
febrúar	24
mars	25
apríl	55
maí	32
júní	61
júlí	81
ágúst	98
* HEIMILD: RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI (BRÁÐABIRGÐATÖLUR)	

Evruskráningu í Kauphöll frestað

Frestað hefur verið skráningu hlutabréfa Straums í evrum í Kauphöllinni vegna síðbúinna athugasemda Seðlabankans. Verði ekki hægt að veita þjónustuna grefur það undan markaðinum hér, segir forstjóri Kauphallarinnar.

VÍÐSKIPTI Frestað hefur verið um óákveðinn tíma skráningu hluta-bréfa Straums-Burðaráss fjár-festingabanka í evrur í Kauphöll Íslands sem átti að eiga sér stað á morgun, 20. september. Frestunin er til komin vegna athugasemda sem Seðlabanki Íslands sendi Verðbréfaskráningu Íslands síð-asta föstudag og varða tilhögun á uppgjöri verðbréfa í evrum.

„Ákveðið var að taka athuga-semdir og ábendingar Seðlabank-ans til gaumgæfilegrar skoðun-ar,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, og bætir við að „á öllum bæjum“ sé fullur vilji til að leysa málið. „Þetta eru lagaleg formsatriði sem fara þarf yfir.“

Í fréttatilkynningu Verðbréfa-skráningar, Kauphallar og Straums, kemur fram að það sé sameiginleg ákvörðun þeirra að fresta skráningunni. Undanfarna mánuði hefur staðið undirbúning-ur að því að hefja viðskiptin og ferlið auglýst í Lögbirtingablaði og dagblöðum. Til stóð að Lands-bankinn annaðist tímabundið greiðsluuppgjör viðskiptanna og Seðlabanki Finnlands væri tilbú-inn að taka að sér það hlutverk.

Þórður segir rétt að unnið hafi verið að undirbúningi evruskrán-ingarinnar í nokkra mánuði í sam-ráði við alla aðila, þar á meðal Fjármálaeftirlit og Seðlabankann. „Og auðvitað hefði verið æskilegt ef þetta hefði komið upp fyrr í ferlinu, en taka verður á hverju máli þegar það kemur upp,“ segir hann og bætir við að lengd frest-unarinnar fari dálítið eftir því



Í FORSVARI HJÁ OMX Jukka Ruuska forstjóri norræns kauphallararms OMX sam-stæðunnar og Þórður Friðjónsson forstjóri OMX Kauphallar Íslands. Þórður segir Kauphöllinni nauðsynlegt að bjóða hlutabréfaviðskipti í evrum.

Frestunin breytir í engu ákvörðun okkar um að færa hlutafé okkar í evrur, enda þjónar það lang-tímahagsmunum hagsmunaaðila bankans.

JÓHANNA VIGDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR FORSTÖÐUMAÐUR HJÁ STRAUMI

hvað skoðunin leiði í ljós. Hann segir þó stefnt á að málinu verði lokið á skömmum tíma enda þýð-ingarmikið að fá á því lausn. „Grafið getur verulega undan markaðnum ef ekki er hægt að veita þessa þjónustu hér heima. Þá er einfaldlega hætt við því að innlend félög sem telja hagsmun-um sínum til framdráttar að gera

upp og skrá hlutabréf sín í evrum skoði aðrar leiðir ef ekki er hægt að finna lausn á þessu.“

„Frestunin breytir í engu ákvörðun okkar um að færa hluta-fé okkar í evrur, enda þjónar það langtímahagsmunum hagsmuna-aðila bankans,“ segir Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, forstöðu-maður samskiptasviðs Straums. Að óbreyttu verður Straumur því fyrsta kauphallarfélagið hér til að skrá hlutabréf í annarri mynt en krónum. Fleiri félög hafa lýst áhuga á að fara sömu leið án þess að um það hafi verið tekin form-leg ákvörðun enn. Nú síðast upp-lýsti Kaupþing um ráðagerðir í þessa átt, en í hópnum eru einnig félög á borð við Marel, Óssur og Exista.

Miðbæjarskipulag Álfтанess: Tillögu hafnað í bæjarstjórn

ÁLFTANES Tillaga minnihluta sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Álfтанess um miðbæjarskipulag var felld á bæjarstjórnarfund i gær. Lagt var til að unnið yrði úr þeirri tillögu sem hlutskörpust var í arkitektasamkeppni um nýtt deiliskipulag og að bæjarbúar fái að kjósa um framtíð miðbæjarins.

Guðmundur G. Gunnarsson, oddviti Sjálfstæðisflokks, segir það vonbrigði að meirihlutinn skuli ekki hafa ljáð máls á því að skoða hvort þetta geti orðið til þess að friður skapist um miðbæinn. Bodað verður til fundar með bæjarbúum á næstunni.



SIJIRINOVSKI OG LUGOVOI Sjirinovski bauð Lugovoi annað sæti á lista sínum.

Lugovoi í framboð: Kominn á lista hjá Sjirínovskí

RÚSSLAND, AP Rússneski kaup-sýslumaðurinn Andrei Lugovoi, sem breska lögreglan hefur grunaðan um morðið á Alexander Litvinenko í vetur, verður í öðru sæti á lista Frjálslynda lýðræðis-flokksins í þingkosningum í Rússlandi í byrjun desember. Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn er flokkur þjóðernissinnans Vladimirs Sjivinovskis, sem hefur vakið heimsathygli fyrir öfgakenndar og herskár yfirlýsingar sínar. Annað sæti listans gefur Lugovoi eiga mjög góðar líkur á að ná kjöri, og þar með myndi hann njóta þinghelgi gegn saksókn.

Ekki talinn alvarlega slasaður: Féll af bifhjóli á Fáskrúðsfirði

LÖGREGLUMÁL Maður um þrítugt slasaðist alvarlega þegar hann féll af bifhjóli á Fáskrúðsfirði í gær. Hann ók hjólinu austur Skólaveg þegar hann datt, rétt fyrir klukkan fimm.

Maðurinn var fluttur með sjúkrafreiði til Egilsstaða og þaðan með sjúkraflugi til Reykjavíkur þar sem hann var lagður inn á slysadeild Landspít-alans. Ekki er vitað um líðan hans að svo stöddu.

30% afsláttur af Vega vítamínum

Acidophilus Bifidus + FOS
Mjólkursýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

Champignon DETOX + FOS og Spirulina
Hreinsaðu líkamann – eyðir óæskilegri lykt.

Milk Thistle DETOX
Hreinsaðu líkamann að innan.

Psyllium Husk Fibre
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.

Apótekið
lægra verð

LYFJA
Lífð heil

www.lyfja.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »

Best NORDAN TIL

Fallegasta veðrið í dag verður austan til á Norðurlandi gangi allt eftir. Þar verður vindur hvað hægastur, bjart með köflum. Syðra má hins vegar búast við strekkingsvindi og sumstaðar rúmlega það. Hann er smám saman að halla sér í norðlægar áttir en vegna þess hversu mikið lægðakraðakið er verður að líkindum vætusamt víða um land fyrripartinn á morgun en smám saman ætti að léttja til suðvestanlands.

REYKJAVÍK Í DAG
Austan strekkingur og rigning. Hiti 6-10 stig.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	14°C skúrir	London	18°C skúrir	Friedrichshafen	15°C léttskýjað
Billund	14°C skúrir	Paris	17°C hálfskýjað	Basel	17°C hálfskýjað
Oslo	10°C skúrir	Amsterdam	17°C skúrir	Alicante	28°C léttskýjað
Stokkhólmur	12°C hálfskýjað	Frankfurt	16°C hálfskýjað	Róm	27°C skúrir
Gautaborg	14°C skúrir	Berlin	15°C skúrir	Las Palmas	26°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun

8-15 m/s á Vestfjörðum, annars hægari

» föstudagur

3-10 m/s, hvassast allra syðst.

Við borgum þér vextina mánaðarlega

ef þú leggur inn á **Mx12** hjá Kaupþingi.

Mx12 er nýr hávaxtareikningur Kaupþings þar sem vextirnir eru greiddir mánaðarlega í stað árlega. Þú getur ráðstafað vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Hver innlögn er bundin í sjö daga en síðan laus til úttektar. Vextir eru stighækkandi eftir tíma og fjárhæð. Lágmarksinnstæða er 1 milljón kr.

Mx12 er óverðtryggður innlánsreikningur og ársávöxtun er frá 12,55% - 14,05%.

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á **kaupthing.is**

KJÖRKASSINN

Finnst þér starfsemin sem fer fram í Kolaportinu mikilvæg?

Já

69%

Nei

31%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú áhyggjur af stríði í Íran?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

6FRÉTTABLAÐIÐ19. september 2007MIÐVIKUDAGUR

Snáði smíðar kofa, með svölum, palli og tveimur herbergjum, upp á eigin spýtur: Tíu ára smíðameistari á Vopnafirði

VOPNAFIÖRÐUR

Enok Örn Pálsson, tíu ára drengur á Vopnafirði, þykir standa flestum jafnöldrum sínum, og líklega þónokkuð mörgum fullorðnum, framur þegar kemur að smíðum. Hann hefur nú verið valinn sigurvegari í Kofa- og kassabíla-leik BYKO.

„Honum þykir ekki mjög gaman í skóla en þetta er eitt-hvað sem örvar hann mjög,“ segir Astrid Linnéa Örn Aðalsteinsson, móðir Enoks. „Spýturnar sagar hann til sjálfur en þær fékk hann gefins. Þegar naglapakkinn var búinn fór hann bara sjálfur inn í búð og

EKKERT NEMA SMÍÐAR

Hinum unga Enok Erni þykir fátt skemmtilegra en smíðar og stefnir á að hafa þær að atvinnu í framtíðinni.

MYND/ASTRID

keypti sér nýjan fyrir flöskupening sem hann hafði safnað,“ segir Astrid stolt. Hún segir árangurinn í raun líkari íbúðarhúsi en kofa þar sem hann hefur tvö herbergi, svalir, pall og ljós. Enok sjálfur segir kofanum ætlað að hýsa leynifundi bekkjarins en hann neitar alfarið að gefa upp hvað fer fram á þeim. Hann svarar þó ákveðið þegar hann er spurður um hvað hann ætli að verða þegar hann verður stór. „Smíður,“ segir hann og ekkert annað virðist koma til greina.

- kdk

Slys á Suðurlandsvegi: Hjólbarði lenti framan á bíl

LÖGREGLUMÁL

Hjólbarði losnaði undan vörubíl og hafnaði á fólksbíl á Suðurlandsvegi við Biskupstungnabraut í gær. Báðar bifreiðarnar voru á ferð um sjöleytið í gærkvöldi þegar hjólbarðinn varð viðskila við vörubílinn og lenti beint framan á fólksbílnum. Ekki er ljóst hvers vegna dekkið losnaði.

Að sögn lögreglunnar á Selfossi skemmdist fólksbíllinn mjög mikið við áreksturinn, enda dekkið stórt og þungt.

Farið var með okumann bílsins til skoðunar á heilsugæslustöð, en meiðsl hans reyndust vera minni háttar.

- sþs

Rafstöðvar

Bensín- og díselrafstöðvar í stærðum 2,5 kW -4,2 kW.

HAGSTÆTT VERÐ

PÓR HF

REYKJAVÍK • AKUREYRI

HYUNDAI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Laugardaginn 22. september á Grand Hótel Reykjavík

ALZHEIMER dagurinn 2007

FAASFélag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma

Hátíðarfundur

12:00 Húsið opnar.

12:30 Fundur settur; María Th. Jónsdóttir.

12:40 Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra; „Stefna og áherslur heilbrigðisráðuneytis í málefnum heilabílaðra“.

13:10 Sr. Gylfi Jónsson sóknarprestur; „Úrvinnsla tilfinninga“.

13:40 María K Jónsdóttir taugasálfræðingur; „Hversdags gleym ska“.

14:10 Hinn eini sanni K.K. Söngur, gítarleikur og gamanmál.

14:45 Veitingar

15:30 Söngur; Kvennakórinn Kyrjurnar undir stjórn Sigurbjargar Hvanndal Magnúsdóttur.

16:00 Janus Guðlaugsson; „Við eldumst öll - Hugum að heilsunni í tíma“ Rannsóknir á líkams- og heilsurækt eldri aldurshópa á Íslandi.

16:50 Fundarslit

Fundarstjóri verður Björk Vilhelmsdóttir

Allir velkomnir

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi

Tölvupóstur: FAAS@alzheimer.is

Sími: 5331088

www.alzheimer.is

Yfir 150.000 gestir daglega

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

ÉÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÁ SVARTSENGI Í ILLAHRAUNI Forstjóri Hitaveitu Suðurnesja segir nýleg raforkulög hafa stóraukið kostnað almennings við dreifingu og flutning raforku.

Aðskilnaður í orku- rekstri er óþarfur

Forstjóri Hitaveitu Suðurnesja telur óþarft að skilja að samkeppnisrekstur og einkaleyfisstarfsemi orkufyrirtækja með nýjum lögum, líkt og iðnaðarráðherra vill. Slíkur aðskilnaður sé þegar til staðar. „Verið að setja axlabönd til viðbótar við beltið.“

STJÓRNMÁL

Júlíus Jón Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, sér ekki þörf á að skilja að starfsemi sem nýtur einkaleyfa og samkeppnisrekstur í starfsemi orkufyrirtækja. Hann telur að þegar hafi nóg verið að gert.

JÚLÍUS JÓN JÓNSSON

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra lýsti í Fréttablaðinu á mánudag hugmyndum um breytingar á orku-markaði. Honum finnst æskilegt að grípa til slíks aðskilnaðar, ekki síst í ljósi aukins áhuga fjárfesta á orkufyrirtækjum. Þjónusta við almenning yrði þá skilin frá framleiðslu og sölu orku til stórnotenda.

Júlíus segir að í slíkum áformum hljóti að felast að engir vernaglar hafi verið slegnir. Sú sé þó raunin. „Ég tel að menn séu búnir að ganga mjög langt í að tryggja þetta.“ Hann bendir á að Orku-

stofnun annast eftirlit fyrir hönd ríkisins með raforkudreifingu og Hitaveitu Suðurnesja sé tilkynnt að fyrirtækinu sé heimilt að hafa nákvæmlega 1.043.539 þúsund krónur í tekjur af þeirri starfsemi á árinu, án tillits til eignarhalds. „Þess vegna skil ég ekki að það þurfi að aðskilja þetta í þökkabót. Það er þá verið að setja axlabönd til viðbótar við beltið,“ segir hann og finnst umræðan benda til ákveðinnar vanþekkingar á laga- umhverfi fyrirtækjanna og/eda vantrausts á eftirlitinu.

Júlíus gerir einnig athugasemdir við þau áform ráðherra að tryggja að almannajónustustarfsemi orkufyrirtækjanna verði í félagslegri eigu en ekki í höndum fjárfesta, hvort heldur er innlendra eða erlendra. „Ríkið seldi fimmtán prósentu hlut sinn í Hita- veitu Suðurnesja fyrir fjórum mánuðum og þá máttu allir aðrir en orkufyrirtæki í opinberri eigu kaupa. Og það var sérstaklega tilgreint að útbúið næði til Evrópska efnahagssvæðisins. Nú,

fjórum mánuðum seinna, á að gjörbylta öllu, skipta fyrirtækinu upp og meina útlendingum að eiga óbeinan hlut í fyrirtæki sem á orkuauðlindir. Þarna hljóta menn að vera komnir á hálán ís.“

EIGENDUR HITAVEITU SUÐURNESJA	
Reykjanesbær	43,75%
Geysir Green Energy	32%
Hafnarfjarðarbær	15,42%
Orkuveita Reykjavíkur	16,58
Aðrir	1,25%

Júlíus telur að hugmyndir stjórnmálamanna og samkeppnis- yfirvalda um aðskilnað í starfsemi orkufyrirtækja séu sprottnar í framhaldi af nýlegum raforkulögum. Þau hafi verið sett í þágu almennings en hafi þvert á móti stóraukið allan kostnað við dreifingu og flutning raforku og þegar upp er staðið verði sá kostnaður ekki greiddur af öðrum en þeim sama almenningi.

bjorn@frettabladid.is

Forstjóri Orkuveitunnar tekur ágætlega í áform ráðherra um breytingar á orku-markaði:

Auðvelt að ganga skrefi lengra

STJÓRNMÁL Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segist ekkert hafa að athuga við áform Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra um aðskilnað samkeppnisreksturs og einkaleyfisstarfsemi orkufyrirtækja.

„Við höfum þegar aðgreint þetta reikningslega og fjárhagslega og höfum ákveðna múra á milli framleiðslu og sölu annars vegar og dreifingu hins vegar. Það yrði því tiltölulega auðvelt fyrir okkur að ganga skrefi

lengra eins og ráðherra ræðir um og gera þetta með enn skýrari hætti.“

Össur hefur jafnframt í hyggju að tryggja félagslega meirihluta- eign yfir þeim þáttum markaðarins sem annast almannajónustu á sviði orkumála. Hjörleifur bendir á að nú þegar sé slík ákvæði að finna í lögum um vatnsveitur og sér ekki mein- bugi á að sama leið verði farin með heitt vatn og rafmagn. „Sumir vilja jafnvel ganga lengra og hafa slíkan rekstur

alfarið í opinberri eigu en leyfa dreifðari eignaraðild að því sem er í samkeppni. Mér finnst það líka koma til greina.“ Jafnframt finnst Hjörleifi eðlilegt, eins og Össuri, að óráðstafaðar orkuauðlindir í ríkiseigu verði það áfram og notendur greiði fyrir afnot. „Það er þó mikilvægt að endurgjaldið yrði hóflegt því það er alltaf einhver sem borgar og það verða fyrst og síðast kaupendur að orkunni.“ Með öðrum orðum yrði slíku gjaldi veitt út í verðlagið.

- bþs



Einstök kjör

DMK þjónusta SPRON miðar að því að mæta þörfum ungs fólks á leið út í lífið og gera fjármálin einfaldari, hagkvæmari og þægilegri.*

- **DMK DEBETKORT** – ekkert árgjald
- **DMK YFIRDRÁTTARHEIMILD** – LÍN-kjör fyrstu tvö árin
- **DMK TILTEKTARLÁN** – á einstökum kjörum
- **DMK LÉTTLÁN** – léttari greiðslubyrði
- **DMK RÁÐGJÖF** – sérsniðin að þörfum hvers og eins
- **DMK 50% AFSLÁTTUR** – af kreditkortum
- **DMK 90% ÍBÚÐALÁN** – sérkjör á brunatryggingu fyrstu íbúðar
- **DMK REGLULEGUR SPARNADUR** – ýmis sérkjör

Frítt Einkaklúbbskort

Viðskiptavinum í DMK stendur til boða frítt Einkaklúbbskort.

Skoðaðu framtíðina með **DMK** og sæktu um á spron.is

* skv. útlánareglum SPRON

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

Gríptu tækifærið fyrir 15. október

- Gjafabréf fyrir tvo í Borgarleikhúsið
- 10.000 kr. gjafabréf á veitingahúsið Argentínu eftir þriggja mánaða virk viðskipti
- Frítt e² vildarkort fyrsta árið

75 ára



VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu margir biða eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík?

2. Hverju dældi forseti Íslands á bilinn á dögunum?

3. Hver er rektor Listaháskólans?

SVÖR Á SÍÐU 30

Andstæðingar Musharraf: Segja framboð ekki löglegt

PAKISTAN, AP Stjórnarandstaðan í Pakistan segir að Pervez Musharraf forseti geti ekki boðið sig fram til forsetakjörs nema hann hafi fyrst sagt af sér sem yfirmaður hersins. Slíkt væri stjórnskrárbrót.

Talsmaður Musharraf sagði í gær að forsetinn myndi segja af sér sem yfirmaður hersins eftir að hann nær kjöri sem forseti.

Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra, sem snýr úr útlegð innan skamms til að taka þátt í kosningabaráttu fyrir þingkosningar, neitar að sætta sig við að Musharraf verði áfram forseti nema hann hafi fyrst sagt af sér sem yfirmaður hersins.

Musharraf reynir nú að fá þing landsins til að kjósa sig forseta áður en þingkosningar verða haldnar.

- gb

8FRÉTTABLAÐIÐ19. september 2007MIÐVIKUDAGUR

Þjóðfræðideild Háskóla Íslands sú deild sem hefur vaxið hvað mest undanfarið:

Háskólanám í Draugasetrinu

MENNTUN

„Það er ofboðslegur áhugi á þessum fræðum. Það sést vel á því að Þjóðfræðideildin í Háskóla Íslands er sú deild sem hefur vaxið hvað mest að undanförnu,“ segir Linda Ásdísardóttir, starfsmaður hjá Þjóðfræðimiðstöðinni á Stokkseyri.

Miðstöðin er í samstarfi við Draugasetrið og Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið sem staðsett eru í sölum gamla frystihússins í þorpinu. Ætlunin er að hægt verði að bjóða upp á kennslu í Þjóðfræði á háskólastigi í húsnæðinu á næsta ári og er verið að leggja drög að viðræðum við Háskólafélag Suðurlands auk þess sem stefnt er á



DRAUGAFRÆÐI Flestir hafa gaman af draugasögum og margir hafa gaman af Þjóðfræði og í gamla frystihúsinu á Stokkseyri á að tvinna afþreyingu og menntun um þessi mál saman.

að funda með forsvarsmönnum Háskóla Íslands innan skamms.

„Við viljum að þarna verði hægt að hafa svokallaða vinnusmiðju fyrir háskólanema, halda fyrirlestraraðir, námskeið og annað skólastarf. Þetta verður ekki sjálfstæður skóli heldur stofnun í miklum tengslum við aðrar menntastofnanir, svo sem hér á Suðurlandi,“ segir hún.

Linda bendir einnig á að í gömlu verstöðinni séu góðir salir sem gjarnan megi nýta betur, til að mynda fyrir tónlistarviðburði. Einnig hafa verið uppi hugmyndir um að reyna tengja Norðurljósa-safnið náttúrufræðimenntun en þær hugmyndir eru skammt á veg komnar.

- kdk

Síbrotamaður í varðhald: Afbrotahrina eftir afplánun

DÓMSMÁL

Hæstiréttur Íslands staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir síbrotamanni. Maðurinn þarf að sitja í gæsluvarðhaldi til 6. nóvember, falli ekki dómur vegna mála hans fyrr.

Maðurinn lauk afplánun á tólf mánaða fangelsisdómi 3. ágúst síðastliðinn. Á tímabilinu 5. ágúst til 11. september hafði lögreglan ellefu sinnum afskipti af honum vegna þjófnaða, fíkniefnabrota og innbrota.

Áður hafði maðurinn strokið úr fangelsi í þrettán daga í júní og er talinn hafa nýtt þann tíma til innbrota.

- bj

Nokkrar tafir og minniháttar tjón urðu þegar húsið að Hverfisgötu 44 var flutt að Bergstaðastræti 16 í gær:

Mátti búast við vandkvæðum

SKIPULAGSMÁL Erfiðlega gekk að flytja húsið sem áður stóð við Hverfisgötu 44 en hefur nú fengið nýtt heimili að Bergstaðastræti 16. Flutningarnir stóðu yfir í um hálfan sólarhring.

Götur miðbæjarins reyndust of þröngar og urðu fyrst tafir neðarlega á Klapparstíg við skemmtistaðinn Sirkus og þegar komið var yfir Laugaveg festist húsið aftur ofar á Klapparstígnum og olli þar skemmdum.

„Það urðu skemmdir á tveimur húsum. Við höfum þegar haft samband við eigendurna og munum láta lagfæra húsin,“ segir Kristján Magnússon, einn eigenda hússins.

Kristján segir einn glugga hafa skemmst við Laugaveg 22 og klæðning húss við Laugaveg 20. „Það mátti búast við að eitthvað færi úrskeiðis. En tjónið reyndist mjög lítið og á heildina lítið fór þetta fór vel þótt þetta hafi tekið þennan tíma. Það er varla sprunga inni í húsinu og ekkert hefur hreyfst,“ segir Kristján, en í húsinu eru þrjár íbúðir sem teknar verða í gagn við byrjun næsta árs. Ekki hefur verið ákveðið hvort þær verða leigðar út eða seldar.

Á morgun verður húsgrunnur Hverfisgötu lagfærður og Kaffistofu Samhjalpar gert kleift að flytja tímabundið aftur í sitt gamla húsnæði.

- eb

Velgengni í mismunandi myndum. Pitt er valið.

BMW 3 línan

www.bmw.is



Sheer Driving Pleasure



Ertu að leita þér að sportlegum lúxusbíl fyrir þig og vinnuna? Viltu færast nær sólinni, veginum og frelsinu - með blæjuna niðri og vindinn einan að förunaut. Vantar þig meira rými svo að áhugamálin komist fyrir í bílnum. Eða langar þig til að upplifa ósvikna akstursánægju eins og hún gerist best. BMW 3 línan stendur undir væntingum í ótal myndum og rúmlega það. Komdu í reynsluakstur og upplifðu alla kosti BMW 3 línnunnar af eigin raun.

BMW 318 Advantage kr. 3.810.000

BMW 320 Exclusive kr. 4.290.000


BMW 325xi xDrive Prestige Edition kr. 5.900.000

Advantage, Exclusive og Prestige edition eru aukahlutapakkar sem gerir glæsilega BMW 3 línu enn glæsilegri. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum í síma 575 1210.



Með bilinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is



TIL HAMINGJU STELPUR!



ÍSLANDSMEISTARAR 2007:
MEISTARAFLOKKUR VALS
Í KNATTSPYRNU KVENNA

VIÐ ERUM STOLT AF OKKAR LIÐI!

Frjálsi fjárfestingarbankinn er aðalstyrktaraðili Vals og er að vonum stoltur yfir glæstu gengi Valsstúlkna sem hampa nú Íslandsmeistara-
titlinum annað árið í röð. Við þökkum þessum frábæru íþróttakönunum
fyrir skemmtilegt samstarf og glæsilega baráttu í sumar. Við hlökkum
til að fylgjast með þeim í framtíðinni.

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN



HOPP OG SKOPP Fjöllistamaður í Cirque de Soleil-hópnum skoppar um á bolta á sýningu í Madison Square Garden í New York á dögunum. Sýningin fjallar um leit ungs drengs að snjó og ævintýrum og hefst formlega í nóvember.

NORDICPHOTOS/AFP

Ráðherrafundur í Brussel:

Austur-Evrópa inn í Schengen

SAMGÖNGUR Vorið 2008 munu aðildarríki Evrópusambandsins í Austur-Evrópu taka fullan þátt í Schengen-samstarfinu og hefur undanfarið verið unnið að því að veita löndunum aðgang að nauðsynlegum gagnaböndum.



BJÖRN BJARNASON

meðal þess sem rætt var á ráðherrafundi um Schengen-málefni sem fram fór í Brussel í gær. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sat fundinn fyrir Íslands hönd, að því er fram kemur í tilkynningu frá dómsmálaráðuneytinu.

Schengen-samstarfið gengur út á aukið eftirlit á ytri landamærum ríkjanna en minna eftirlit með ferðum fólks á milli landa innan Schengen-svæðisins.

- bj

LÖGREGLUFRÉTT

Ekið á dreng á bifhjól

Ekið var á dreng á léttu bifhjól við Suðurfell í Breiðholti í gær. Hann var án réttinda á númerslausu og ótryggðu hjóli. Að sögn lögreglu voru bæði bifreið og hjól lítið skemmd og ökumenn ómeiddir.

Talsmaður McCann-fjölskyldunnar svarar fyrir ásakanir undanfarna daga:

Fáranlegt og fjarstæðukennt

BRETLAND, AP „Ásakanir þess efnis að Kate og Gerry McCann hafi skaðað dóttur sína Madeleine á nokkurn hátt eru jafn fáranlegar og þær eru fjarstæðukenndar,“ sagði talsmaður McCann-hjónanna á blaðamannafundi í Bretlandi í gær. „Þær væru hlægilegar ef málið væri ekki svo alvarlegt.“

Fundurinn var tilraun fjölskyldunnar til að binda endi á getgátur og sögusagnir um málið og sögðu þau að athygli fólks ætti frekar að beinast að því að finna týndu stúlku. „Það eru fullkomlega eðlilegar ástæður fyrir hverju því sem lögreglan hefur fundið við rann-



MCCANN-HJÓNIN Madeleine McCann hvarf af hótellerbergi fjölskyldunnar í Portúgal 3. maí síðastliðinn. Þau hafa alla tíð neitað því að tengjast hvarfi hennar á nokkurn hátt.

sókn sína,“ sagði talsmaðurinn, Clarence Mitchell.

Kate og Gerry hafa stöðu grundaðra í rannsókn portúgölsku lögreglunnar á málinu, eins og hefur áður komið fram. Þau hafa alla tíð neitað því að tengjast hvarfi þriggja ára dóttur sinnar úr hótellerbergi á Algarve-svæðinu í byrjun maí.

Fram hefur komið í portúgölskum fjölmiðlum að rannsóknarlögreglunnar þarlendis vilji yfirheyra hjónin á ný. Mitchell sagði enga beðni um slíkt hafa borist frá yfirvöldum í Portúgal, en hjónin héldu aftur heim til Englands 9. september.

- sps

Rannsókn á íslenskri náttúru:

Dr. Jack Ives veitt fálkaorða

VIÐURKENNING Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sæmdi dr. Jack Ives riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu í gær. Orðuna fékk Ives fyrir rannsóknir á náttúru landsins og samvinnu við íslenska fræðimenn.

Dr. Jack Ives hefur stundað rannsóknir á Íslandi í hálfu öld, meðal annars í Skaftafellshjóðgarði, Öræfum og á íslenskum jöklum. Bók eftir hann, Skaftafell in Iceland, þar sem fjallað er um þúsund ára sögu Skaftafells, kemur út á þessu ári. Bókin er helguð fjörutíu ára afmæli þjóðgarðsins, segir í fréttatilkynningu.

- sps

Meðalbiðtími eftir félagslegri íbúð er 21 mánuður

Reykjavík býður hverjum þúsund íbúum upp á 16 félagslegar íbúðir, en fjórða stærsta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, einungis 1,45 íbúðir á hverja þúsund íbúa. Á Álftanesi er engin félagsleg íbúð.

FÉLAGSMÁL Meðalbiðtími eftir félagslegri íbúð í Reykjavík er 21 mánuður, miðað við fyrri hluta ársins.

Þar, eins og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu, eru umsækjendur metnir eftir því hversu sárneyð þeirra er. Þannig gengur til að mynda tekjulítið fólk með mörg börn oftast fyrir.

Reykjavíkurborg býður upp á fleiri félagslegar íbúðir en öll hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu til samans. Miðað við höfðatölu eru einnig mun fleiri félagslegar íbúðir í höfuðborginni en í nágrannasveitarfélögum.

Á hverja þúsund íbúa eru til reiðu rúmlega 16 félagslegar íbúðir í Reykjavík og er bætt við 100 íbúðum á ári. Í Kópavogi eru þær 305, eða tæplega 11 á hverja þúsund íbúa. Kópavogsbær kaupir 20 íbúðir árlega í þessa þágu.

Í Garðabæ, með 9.613 íbúa, eru 14 íbúðir, eða 1,45 fyrir hverja þúsund íbúa. Fimm einstaklingar bíða félagslegs húsnæðis í Garðabæ og er meðalbiðtími á bilinu eitt til tvö ár.

FÉLAGSHÚSNÆÐI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Félagsíbúðir	Biðlisti	Íbúðir á 1000 íbúa
Reykjavík	117.099	1.890	760	16,14
Kópavogur	27.835	305	155	10,95
Hafnarfjörður	24.111	220	160	9,12
Garðabær	9.613	14	5	1,45
Mosfellsbær	7.588	30	7	3,95
Seltjarnarnes	4.456	13	5	2,91
Álftanes	2.293	0	0	0
Kjósarhreppur	183	0	0	0

Samtals 193.178 2.472 1.092 12,79

*MANNFJÖLDATÖLUR FRÁ HAGSTOFU ÍSLANDS, MIÐAÐ VIÐ ÁÆTLUN FYRIR APRÍL 2007. TÖLUR UM FÉLAGSÍBÚÐIR MIÐAÐ VIÐ UPPLÝSINGAR SEM FRÉTTABLAÐIÐ FÉKK FRÁ SVEITARFÉLÖGUM Í GÆR.

Til samanburðar er meðalbiðtími í Mosfellsbæ sex til tólf mánuðir, en þar bíða sjö.

Rúmlega 220 félagslegar íbúðir eru í Hafnarfjarðarbæ. Þar teljast tæplega 60 manns á biðlista vera í brýnni þörf. Starfsmenn hjá félagsþjónustu Seltjarnarness treysta sér ekki til að giska á meðalbiðtíma en taka fram að enginn sem bíði sé á götunni.

Í Álftanesi er skortur á leigu-

húsnæði. Bæjarstjórnin þar segir að síðasta sumar hafi vantað þrjár félagsíbúðir. Umsækjendum hafi verið veitt aðstoð til að leigja á almennum markaði.

Í neyðartilfellum hefur fólk á Álftanesi verið aðstoðað til að leigja í öðrum sveitarfélögum, en Sigurður Magnússon bæjarstjóri segist ekki sætta sig við slíkt ástand. Sveitarfélagið eigi að geta séð fyrir eigin fólki.

„Markmið okkar er að auka framboð leiguhúsnæðis, svo leysa megi húsnæðisvanda fólks hér innan sveitar. Annað er óforsvaranlegt,“ segir hann.

Í Kjósarhreppi með rúmlega 180 íbúa hefur aldrei verið þörf fyrir félagslegar íbúðir. Þar var þó einu sinni sótt um húsaleigubætur og fékk viðkomandi námsmaður þær greiddar.

klemens@frettabladid.is



Espresso upplifun.

LAVAZZA
ITALY'S FAVOURITE COFFEE



BREYTINGAR Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hyggst meðal annars breyta lögum sem heimila hluta ríkisstarfsmanna að fara á eftirlaun 50 ára.

NORDICPHOTOS/AFP

Frakklandsforseti kynnir breytingar á eftirlaunakerfi:

Verkalyðsforingi hótar verkfalli

FRAKKLAND, AP Forsvarsmaður áhrifamikils fransks verkalyðsfélags sagði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta ætla sér að breyta eftirlaunakerfi of miklu og of hratt og hvatti til verkfalls 13. október.

Sarkozy kynnti í gær viðamiklir breytingar á meðal annars eftirlaunakerfinu í Frakklandi. Hann sagði að viðræður við verkalyðsfélög um framkvæmd breytinganna myndu hefjast strax.

Félagslega kerfið í Frakklandi er vinnuleytandi, sagði Sarkozy. Hann ætlar einnig að breyta lögum

um 35 stunda vinnuviku þannig að launþegar geti annaðhvort fengið hærri laun fyrir lengri vinnuviku, eða fengið frí á móti kjósi þeir það heldur.

Sarkozy ræddi breytingar á eftirlaunakerfinu og vinnuvikunni nú þegar umræður um breytingu á innflytjendalögum eru að hefjast í Frakklandi. Meðal fyrirhugaðra breytinga á innflytjendalögum sem kynntar hafa verið eru kröfur um frönskupróf fyrir innflytjendur, og um að DNA-próf sanni skyldleika innflytjenda við fólk búsett í Frakklandi.

- bj



SIMPLY CLEVER

Skoda Octavia

hefur góða ástæðu til að brosa - **aftur!**



Afl og hagkvæmni

Enn á ný hefur **Skoda** Octavia sannað að afl og hagvæmni fer saman. Í fyrra var honum ekið hringinn í kringum landið og rúmlega það á einum tanki og þann 15. maí síðastliðinn sigraði þessi fullbúni fjölskyldubíll í Sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu.

Sigurgangan heldur áfram og nú í Kappakstrinum mikla sem haldinn var af Verkfræðistofnun HÍ og Orkuveitunni 13. september. Þar sigraði Octavia í öllum greinum í sínum flokki.

Þú brosir allan hringinn á Skoda Octavia TDI[®]



Sigurvegarinn í Kappakstrinum mikla.

Keppt var í sparneytni, orkunýtingu og lágum CO₂ útblæstri.



FELLIBYLUR Í TAÍVAN Mikið úrhelli var í Taívan í gær skömmu áður en fellibylurinn Wipha reið yfir eyjuna af miklu offorsi. Þessi vegfarandi lét þó úrhellið ekki stöðva sig, heldur fór allra sinna ferða á mótorhjólínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Samkeppniseftirlit úrskurðar: Samruni rútu-félaga ógiltur

SAMKEPPNI Fyrirhugaður samruni rútfyrirtækjanna Reynimels ehf. og Kynnisferða ehf. hefur verið ógiltur af Samkeppniseftirlitinu. Með samrunanum hefði orðið til markaðsráðandi staða á þeim markaði sem þessi fyrirtæki starfa á, segir í ákvörðun eftirlitsins sem birt var í gær.

Reynimelur er félag sem stofnað var af hópferðafyrirtækjunum SBA-Norðurleið ehf. og Hagvögnum/Hópþílum hf. ásamt fleirum. Guðmundur Arnalds, stjórnarformaður Kynnisferða, segir úrskurðinn þess eðlis að hann telji enga aðra leið en að félagið gangi úr kaupunum.

- sps

DÓMSMÁL

Braut bein í hendi

Þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að kreista svo hönd á öðrum manni að miðhandarbein hins síðarnefnda brotnaði.

LANDVERND

Samningi verði sagt upp

Landvernd hefur skorað á Hitaveitu Suðurnesja að segja upp samningi við Múlavirkjun þannig að unnt verði að breyta henni svo lífríki Baulárvalldvatns verði ekki ógnað.

Fjölmarginir fylgdust með mótmælum búddamunkanna í Búrma:

Táragasi beitt á munkana

BÚRMA, AP Búddamunkar í Búrma létu viðvaranir herforingjastjórna- arinnar sem vind um eyru þjóta og efndu til fjöldamótmæla í að minnsta kosti fimm borgum landsins í gær.

Herforingjastjórnin lét munkana óáreiða í borgunum Jangon og Bago en samkvæmt fréttastofu BBC beitti herinn táragasi í borginni Sittwe og barði niður mótmælin.

Í Jangon tóku að minnsta kosti 400 munkar þátt í mótmælagöngu, en síðasta mótmælaganga sem þar var haldin, sem var hinn 28. ágúst síðastliðinn, var barin niður af



BÚDDAMUNKAR Í BÚRMA Mikil virðing er borin fyrir búddamunkum í Búrma. Harðar aðgerðir gegn þeim geta því leitt til enn frekari mótmæla. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

fullri hörku. Í Bago tóku að minnsta kosti þúsund munkar þátt í gönguinni.

Þúsundir manna fylgdust með

munkunum í Jangon, klöppuðu þeim lof í lófa og buðu þeim vatn að drekka.

„Ég er munkunum mjög þakklátur fyrir að taka svona mikla áhættu með því að endurspegla hið raunverulega álit almennings,“ sagði maður á fimmtugsaldri sem fylgdi munkunum eftir í nokkurri fjarlægð. Eins og flestir sem lýsa andstöðu sinni við stjórna- ina vildi hann ekki gefa upp nafn sitt af ótta við valdstjórnina.

Það voru einkum yngri munkarnir sem tóku þátt í mótmælunum, en eldri munkar reyndu að telja þá ofan af því.

- gb

Kona lést á Nýja-Sjálandi:

Skrifaði eigin dánargrein

NÝJA-SJÁLAND, AP Lois Ngaire Causer, 76 ára gömul kona á Nýja-Sjálandi, skrifaði tilkynningu um andlát sitt og hafði gert þær ráðstafanir að tilkynningin birtist í dagblaði daginn eftir andlát hennar. Banaheim hennar var krabbamein.

„Þið sem lesið þetta hafið áttað ykkur á því að ég er ekki lengur á meðal ykkar,“ skrifaði Causer, og hvatti ættingja sína og vini til að fyllast ekki sorg.

„Ég bið ykkur um að gleðjast yfir lífi mínu,“ sagði hún. „Þótt stundum hafi það verið erfitt, þá átti ég yfirleitt góða ævidaga.“ - gb

Efi um að vetni sé framtíðin

Á ráðstefnu um umhverfissvæna samgöngutækni var lýst efasemdum um að vetni væri það eldsneyti framtíðarinnar sem sumir vilja vera láta. Rafmagn mun leika æ meira hlutverk í að knýja farartæki framtíðarinnar.

ORKUMÁL Miklum efasemdum var lýst á að vetni væri eldsneyti framtíðarinnar á alþjóðlegri ráðstefnu um umhverfissvæna samgöngutækni sem lauk í Reykjavík í gær.

„Vetnissamfélagið á sér hvorki fortíð, nútíð né framtíð,“ lýsti Ulf Bossel, talsmaður Evrópska efnarafalsvettvangsins (European Fuel



ULF BOSSEL

Cell Forum), yfir í erindi sínu á ráðstefnunni, sem fór fram á Hótel Nordica undir yfirskriftinni Driving Sustainability '07.

Þessu andmæltu Þorsteinn I. Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar, og Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar nýorku. Sakaði Þorsteinn Bossel um að taka ekki tillit til aðstæðna – á Íslandi væru aðstæður til vetnisframleiðslu miklu hagstæðari en til að mynda á meginlandi Evrópu.

Aðalröksemdir Bossels gegn vetninu sem eldsneyti voru hve mikil orka tapaðist við að búa fyrst til vetnið með rafgreiningu

og síðan brenna því í efnarafölum samanborið við að nota rafmagn beint sem orkugjafa. Gegn vetninu mælti líka hve orkubéttleiki þess væri lítill – jafnvel þótt því væri þjappað saman undir marghundraðföldum andrúmsloftsþrýstingi væri orkugildi þess á rúmmálseiningu miklum mun lakara en annað umhverfissvænt eldsneyti á borð við metan og etanol.

Baldur Elíasson, fyrrverandi yfirmaður svissnesk-sænska stórfyrirtækisins ABB og varaformaður rannsóknáætlunar Alþjóða orkumálastofnunarinnar um tækni til að fanga gróðurhúsalofttegundir, lýsti einnig efasemdum um vetnistæknina. Talaði hann fyrir því að metanól væri framlétt úr vetni og koltvísýringi sem fangaður væri úr útblæstri verksmíðja, en metanól er hægt að flytja og nota – líka sem eldsneyti á hefðbundna sprengihreyfíknúna bíla – með nákvæmlega sama hætti og bensín.

Allir fyrirlesarar voru þó á einu máli um að ef takast myndi að þróa rafhlöður sem gerðu rafmagnsbíla samkeppnisfæra við hefðbundna sprengihreyfílsbíla væru þeir tvímælalaust framtíðin, þar sem orkunýtni þeirra er margföld. Það væri þó ekki ástæða til að bíða eftir hinum fullkomna rafmagnsbíl –



DEILT UM VETNI Baldur Elíasson og Jón Björn Skúlason í pallborði á ráðstefnunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

„Vetnissamfélagið á sér hvorki fortíð, nútíð né framtíð.“

ULF BOSSEL
TALSMANUR EFCE

tvíntæknin sameinaði „það besta úr báðum heimum“ eins og Felix Kramer, frumkvöðull tengitvinn- tækninnar í fólksbílum í Kaliforníu, orðaði það í sínu erindi.

Tvinnbílar eru búnir bæði hefðbundinni vél sem gengur fyrir bensíni eða öðru eldsneyti, og rafal, rafmótor og rafhlöðum. Tengitvinnbílar eru búnir stærri rafhlöðu sem hægt er að hlaða úr innstungu heima í bílskúr.

Með slíkum bílum gæti Ísland nálgast markmiðið að verða nánast óháð bensíni og olíu þar sem þeir gengju að mestu fyrir innlendra raforku.

audunn@frettabladid.is

Nítján þúsund fermetra nýting á Frakkastígsreitnum lögð til:

Torfusamtök með byggingartillögu

MIÐBORGIN Torfusamtökin hafa gert tillögu að 19.000 fermetra nýtingu á Frakkastígsreitnum, sem gæti fullnægt þörfum Listaháskólans.

Samson Properties hefur falboðið reitinn Listaháskólanum, en enn hefur ekkert verið gefið upp um hvað yrði um þau hús sem fyrir eru. Verði þar listaháskóli mætti hins vegar reikna með að honum fylgdi tónleikasalur, myndlistargallerí og leiksvið.

„Við getum ekki sagt annað en að okkur lítist vel á að fá Listaháskólann á Frakkastígsreitinn,“ segir Þórður Magnússon, varaformaður Torfusamtakanna. Hann telur slíka starfsemi geta farið betur saman við varðveislu gamalla húsa en til dæmis verslunarmiðstöð, sem áður hefur verið rætt um í sambandi við reitinn.

„Við höfum lagt áherslu á að þessi þrjú framhús við Laugaveg verði varðveitt sem heild,“ segir Þórður. „Í stað þess að húsinn verði rifin er bílakjallari settur fyrir aftan. Öll húsinn myndu síðan tengjast því fyrsta hæðin yrði sambyggð.“

Samkvæmt hugmyndum Torfusamtaka yrðu gömlu húsinn við Laugaveg hækkuð um eina hæð. Bílakjallari yrði niðurgrafinn á bak við og ein hæð ofan á honum. Þar ofan á yrði trjágardur.

Byggingin yrði hæst sex hæðir, á horni Frakkastígs og Hverfisgötu.

Með þessu myndast möguleiki á grænu svæði við Laugaveg, en þau eru fá eftir. „Þetta er gjarnan gert í útlöndum að hafa gróður ofan á bílastæðakjöllurum, til að þeir séu ekki svona eins og flakandi sár,“ segir Þórður og minnir á bílastæðahúsið skammt undan við Hverfisgötu, sem víti til varnaðar.

Svanur Kristbergsson er hinn aðaleigandinn að Frakkastígsreitnum, en hann á Laugaveg 39, Hverfisgötu 56 og efstu hæð Regnbogans. Einnig hefur Svanur gert tilboð í þriðju hæð Regnbogans og Laugaveg 37, sem hafa verið samþykkt.

Hann kveður erfitt að segja til um hvort og hvernig hann kæmi að uppbyggingu Listaháskólans á svæðinu, enda hafi hann ekkert heyrt frá Samson.

Svanur hefur hins vegar engin sérstök áform um húsnæðið á Frakkastígsreitnum, sem er í útleigu. Húsinn voru keypt sem fjárfesting og því muni hann skoða öll tilboð í þau.

- kóp



LISTAHÁSKÓLI VIÐ LAUGAVEG? Tillaga Torfusamtakanna gerir ráð fyrir 19.000 fermetra byggingu með bílakjallara og trjágardi á bak við.

TEIKNING/SNORRI FREYR HILMARSSON

Dagleg þrif eru leikur einn
– með Unique örtrefjamoppum og klútum

Unique örtrefjamoppusettið byggir á tveimur mismunandi moppugerðum.

1 stk. hvítir þurrmoppur sem er notuð til þess að sópa. Moppan dregur í sig óhreinindi og ryk með því að mynda stöðurafragn.

2 stk. bláum blautmoppum sem eru notaðar til þess að þvo öll hörð gólfefni.

Unique örtrefjamoppusettið 2.980 Kr.
vörurn. 63240

Unique örtrefjaklútasett örtrefjaklútur og örtrefjaglerklútur **557 Kr.**
vörurn. 63242

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

Unique/080702

3G

Sjónvarp í símann á 0 kr. til 1. nóvember

3G þjónusta Símans á höfuðborgarsvæðinu opnar þér aðgang að:

- Sjónvarpsefni á símaskjánum *
- Samtölum undir fjögur augu með myndsímtali
- Þráðlausu netsambandi í fartölvunni með 3G netkorti
- Háhraðaneti í símanum

Kynntu þér möguleika 3G í næstu verslun
Símans eða á siminn.is

* Með Sony Ericsson K810i
eða Sony Ericsson W880i

Það er **Síminn** 



Sími



Netið



Sjónvarp





FYRSTUR FRÁ MALASÍU Sheikh Muszaphar Shukor verður fyrsti Malasíumaðurinn sem fer út í geiminn. Hann fer með geimflaug sem skotið verður frá Kasakstan hinn 10. október og mun dveljast í alþjóðlegu geimstöðinni í níu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Vínátta í verksmiðju:
Rjúpur bræða veiðimann

NÁTTÚRA „Rjúpurnar telja sig best settar hjá verksmiðjumönnum enda erum við afar heiðvirðir menn,“ segir Jón Sigurðsson, vefstjóri síðunnar vopnafjorður.is og starfsmaður í fiskimjölssverk-smiðju HB Granda á Vopnafirði. Við verksmiðjuna hefur fjöldi rjúpna vanið komur sínar og virðast þær treysta starfsmönnum þar vel. „Við erum reyndar alræmdir fyrir veiðidellu, ég hef meira að segja fengið viðurnefnið Jón morðingi vegna þess,“ segir hann og skellir upp úr. „Ég get samt ekki skotið þessar,“ bætir hann við. „Þær eru afskaplega fallegar og alveg ótrúlega gæfar, ég gat meira að segja klappað einni,“ segir Jón en á síðu hans má sjá fjölda fállegra mynda af fuglunum við verksmiðjuna. - kdlk



ÍSAFJÖRÐUR EKKI AKUREYRI Sjúkraflutningamenn á Ísafirði gerðu góðlátlegt grín að kollegum sínum.

MYND/SLOKKVILIÐ.ÍSAFJÖRÐUR.IS

Sjúkraflugvél villist af leið:
Flugu óvart heim aftur

SLÖKKVILIÐ „Þeir villtust eitthvað aðeins af leið með sjúklinginn og fóru með hann á Akureyri en ekki Ísafjörð,“ segir Hermann Hermannsson, slökkviliðsmaður á Ísafirði, um ófarir slökkviliðsmanna á Akureyri í gær. Akureyringarnir höfðu verið sendir með flugi til Reykjavíkur til að sækja sjúkling sem átti að flytja til Ísafjarðar. Það orðspor fer af norðanmönnum að þeir séu heimakærir og það sannaðist ef til vill á því að norðlensku sjúkraflutningamennirnir drifu sig heim aftur. Í aðfluginu áttaði árvökull slökkviliðsmaður sig þó á því að mistök hefðu átt sér stað. Norðurland væri ekki réttur áfangastaður. Hætt var við lendingu og haldið með sjúklinginn til höfuðstaðar Vestfjarða. „Flugið tafðist um hálf tíma. En sjúklingurinn var sem betur fer hinn kátasti með þetta og varð ekki meint af,“ segir Hermann. - kdlk

RÚSSLAND
Kynna sér eldflaugavarnir Bandarískir eldflaugavarnasérfræðingar komu til Aserbaidsjan í gær til að kynna sér rússneska eldflaugavarnastöð, sem rússnesk stjórnvöld hafa boðið Bandaríkjamönnum að nota til að verjast hugsanlegum árásum frá Íran og fleiri löndum.

Ríkislögreglustjóri varar við svikabréfum til að hafa peninga af fólki:
Hóta viðtakendum lífláti

LÖGREGLUMÁL Íslendingar hafa að undanfögnu fengið hótunarbréf í tölvupósti sem virðist vera frá leigumorðingja þar sem viðtakanda er hótad lífláti greiði hann ekki háa upphæð á bankareikning erlendis. Ríkislögreglustjóri hefur sent frá sér viðvörðun vegna þessa. Alríkislögreglan í Bandaríkjunum, FBI, og New Scotland Yard í Bretlandi hafa fengið margar kvartanir frá fólki vegna þessara sendinga. Ekki hafa borist fregnir af því að fólk hafi tapað peningum á þessu eða að nokkrum hafi verið unnið mein. Svikahrapparnir beita ýmsum



TIL LÖGREGLU Fólk er bent á að leita til lögreglu ef því berst sambærilegur póstur og hér er lýst.

brögðum og er nýleg aðferð þeirra að senda tölvupóst í nafni erlendra lögreglustofnana eins og FBI. Þar kemur fram að nafn viðtakenda hafi fundist í fórum handtekis leigumorðingja sem myrt hafi einstaklinga í Bandaríkjunum og Bretlandi sem hafi skorast undan að borga féð sem krafist var fyrir að þyrma lífi þeirra. Er viðtakandi beðinn um að svara tölvupóstinum til að hjálpa til við frekari rannsókn málsins. Svikahrapparnir velja netföng af handahófi og varar ríkislögreglustjóri fólk við að svara bréfunum, ella geti hótanirnar haldið áfram.

- jss

Yfirmaður hjá Alcoa:
Fundar með heimamönnum
ATVINNUMÁL Jon Erik Reinhardsen, sem er yfirmaður vaxtarverkefna Alcoa, fundar á mánudag með forsvarsmönnum Norðurlands og iðnaðarráðuneytisins vegna vinnu við þriðja áfanga hagkvæmniathugunar fyrir álver á Bakka við Húsavík. Unnið er að hagkvæmniathuguninni en tveimur áföngum af þremur er þegar lokið. Fundurinn er hefðbundinn samráðsfundur, samkvæmt upplýsingum upplýsingafulltrúa Alcoa. Reinhardsen mætir til fundarins til þess að heyra frá fyrstu hendi viðhorf heimamanna í Norðurlandi til verkefnisins. - mh

Takmarkaður stuðningur við tillögur lögreglustjóra

Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins segir að eitthvað muni undan láta ef skemmtanalífi miðbæjarins verður áfram blandað við íbúabyggð. Tillögur hans að úrbótum hljóta ekki hljómgrunn hjá stjórnmalámmönnum og hagsmunaaðilum. Allir eru þó sammála um að sýnileg löggæsla hefði gefist vel og henni eigi að halda áfram.

MIÐBORGIN „Það verða alltaf til skemmtanaglaðir Íslendingar og það eru fjölmargir skemmtistaðir utan miðbæjarins sem ganga vel,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Á miðborgarþingi fjallaði Stefán um aðgerðir lögreglu í miðborginni um helgar. Hann fjallaði um nýu atriði sem snúa að því hvernig auka megi eftirlit og bæta þannig umgengni gesta miðbæjarins og öryggi borgaranna. Meðal atriðanna voru aukinn sýnileiki lögreglu, götueftirlit með sölu og neyslu fíkniefna og forvarnastarf. En Stefán telur þessa möguleika ekki leysa vandamálið. „Móta þarf skýra stefnu um miðborgina. Hversu lengi staðir eiga að vera opnir, hverrar gerðar þeir eiga að vera og hversu margir.“ Á þinginu lagði hann til að opnunartími skemmtistaða í miðborginni yrði færður fram til klukkan tvö um helgar og að staðir með lengri opnunartíma yrðu færðir út fyrir miðbæinn og braust út mikið lófaklapp meðal gesta þingsins. „Ef menn vilja halda áfram að blanda saman atvinnustarfsemi, íbúabyggð og skemmtanalífi mun eitthvað láta undan að lokum,“ segir Stefán.

MIÐBÆR REYKJAVÍKUR Lögreglustjóri segir ófremdarástand ríkja í miðborginni. Mönnum greinir á um hvernig bæta megi umgengni gesta.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR



LAUSNIN LIGGUR Í SAMSTARFI

GUÐFINNUR S. KARLSSON „Ég held að það sé verið að dreifa vandamálinu en ekki laga það. Maður skyldi ætla að það sé auðveldara að hafa eftirlit með einu svæði heldur en tíu,“ segir Guðfinnur S. Karlsson, eigandi Píksins. Ef lokunartímanum verður breytt byrjar fólk bara fyrr að drekka. Ég veit ekki hvort það sé betra. Ofbeldi í miðbænum hefur minnkað síðan opnunartíminn var lengdur og liggur lausnin að mínu mati í auknu samstarfi lögreglu og borgaryfirvalda við skemmtistaði og dyraverði. Lögregla getur verið í sambandi við dyraverði og fengið þannig 60 til 70 manna liðsauka. Ég skil ekki hvernig opnunartími kemur málinu við. Það sem þarf er að tala saman.“

TAKMARKANIR Í HLIÐARGÖTUM

JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON „Þessar hugmyndir lögreglustjóra eru ekki nýjar af nálinni. Við erum að skoða þetta en engar ákvarðanir hafa verið teknar,“ eru viðbrögð Júlíusar Vífils Ingvarssonar, formanns Miðborgar Reykjavíkur, við tillögum lögreglustjóra. „Við erum núna í samráðsferli við rekstraraðila og íbúa. En áður en ráðist verður í breytingar skulum við fyrst athuga hvaða áhrif eftirlit og utanumhald hefur á umgengni í miðborginni. Á miðborgarþinginu varpaði einn íbúi fram þeirri hugmynd að takmarka opnunartíma skemmtistaða í hliðargötum Laugavegs. Það þykir okkur vera nokkuð sem við þurfum að fara yfir og líklegt er að við útfærum það nánar.“

VEITINGAMENN BERI ÁBYRGÐ

HILDIGUNNUR ÓLAFSDÓTTIR „Afgreiðslutími er öflugt tæki. Það hlýtur að þýða að líta til reynslunnar og athuga hvort hann hafi áhrif. Það virðast allir sammála um að hann hafi það,“ segir Hildigunnur Ólafsdóttir, sjálfstætt starfandi afbrotafæðingur. „Önnur tillaga gæti verið að leggja meiri ábyrgð á herðar þeirra veitingamanna sem hafa staði sína opna lengi. Í Bergen þarf starfsfólk slíkra staða að sækja sérstakt námskeið. Þeir læra að afgreiða ekki dauðadrukkið fólk og stöðva ágreining og leyfa honum ekki að halda áfram úti á götu eða inni á næsta stað. Að færa staðina út fyrir miðbæinn er líka áhugaverð tillaga. Mikilvægast er þó að skoða málið í heild.“

DREIFA ÞARF ÁLAGINU

JÓHANN SIGFÚSSON „Að hafa opnunartíma til klukkan þrjú var nógu slæm hugmynd en til tvö er ennþá verri hugmynd,“ segir Jóhann Sigfússon, formaður bifreiðastjórufélagsins Átaks. „Það þyrfti að fjölga bílum um svona 8.000 fyrir aðeins einn til tvo klukkutíma. Við dekkum það ekki og okkur list ekki á þetta. En það er ekki vitlaus hugmynd að færa staðina í úthverfin. Það er erfitt að keyra alltaf niður í miðbæ. Það hafa margar hugmyndir verið um það í gegnum tíðina, en hafa aldrei náð markmiðinu. Hrífnastur væri ég af því að veitingamenn myndu velja sér ólíkan opnunartíma og dreifa þannig álaginu yfir nóttina. En ég held að menn muni aldrei leysa þennan miðborgarvanda.“

SÝNILEG LÖG-GÆSLA MIKILVÆG

DAGUR B. EGGERTSSON „Miðborgin er afmarkað svæði og sýnileg löggæsla er eitt af lykilatriðunum, eins og hefur komið í ljós að undanfögnu. Ég held að það eigi að láta reyna betur á það. Þá þarf að útfæra reykngabannið í samvinnu við skemmtistaðina. Við hinar hugmyndirnar geri ég fyrirvara. Ef allir skemmtistaðir loka klukkan tvö, hvert er þá verið að beina skemmtuninni?“, segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar. Varðandi að dreifa skemmtistöðum, þá þarf að hugsa það vandlega. Í fyrsta lagi eru engin íbúðahverfi sem vilja taka við skemmtistöðum. Þá sækjast fáir eftir því að opna skemmtistað í iðnaðarhverfum. Þau eru illa lýst og ég held að fáir foreldrar vilji vita af börnum sínum á ráfi um þau í leit að leigubíl.“

Ekki gleyma sumarfríinu!

Góðar minningar eru betri á gæðapappír en hörðum disk. Komdu með myndavélina, minniskortið eða geisladiskinn í verslanir okkar og við komum minningunum úr sumarfríinu beint í albúmið.



www.hanspetersen.is

- | | | | | |
|--|---|--|---|---|
| » Laugavegur 178
105 Reykjavík
Sími 570 7500 | » Bankastræti 4
101 Reykjavík
Sími 570 7500 | » Kringlan
103 Reykjavík
Sími 570 7500 | » Smáralind
201 Kópavogur
Sími 570 7500 | » Fjörður
220 Hafnarfjörður
Sími 570 7500 |
|--|---|--|---|---|

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

„ORÐRÉTT“

Stefnubreyting

„Hvenær komast sjálfstæðismenn aftur í ríkisstjórn?“

FRÍÐJÓN FRÍÐJÓNSSON UM TREGA FORYSTU SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS TIL ÞESS AÐ FARA EFTIR STEFNU FLOKKSINS.

fridjon.eyjan.is 18. september.

Nýtt tækifæri

„Á dauða mínum átti ég von frekar en að ég færi aftur að vinna 73 ára gömul.“

FANNEY SIGURJÓNSDÓTTIR UM ÖVANTA ENDURKOMU Á VINNU-MARKAÐIN.

Fréttablaðið 18. september.

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÓLAFUR SCHRAM LEIÐSÖGUMAÐUR

Svaf í hundrað tuttugu og sex rúmum

„Nú fer ferðatímabilinu að ljúka eftir stanslaus ferðalög og 142 gistinætur í 126 mismunandi rúmum úti á landi,“ segir Ólafur Schram leiðsögumaður. „Ég held að rúmin á Hótel Laka í Efri-Vík hafi verið best, en kannski var ég bara þreyttastur þegar ég kom þangað.“ Hann segir sumarið hafa verið mjög gott, og nú taki við önnur tegund af ferðamönnum. „Þeir sem koma til landsins núna eru miklu meira ævintýrafólk sem vill etja kappi við náttúruna frekar en að skoða hana. Snjósleðaáhugamenn, göngu- og klífurfólk, fólk sem vill gista í köldum skálum og elda sjálft, það er fólk sem er að koma núna,“ segir hann. „Sumarferðamennirnir eru á aldrinum 45-65 ára, og vilja kynna sér sögu, söfn og náttúruna. Yngri fólk vill meira skemmta sér og stunda líkamlega afþreyingu.“ Af öðrum fréttum segist Ólafur hafa lokið þeim áfanga í byrjun sumars að keyra síðasta

vegspotta sem hann átti ókeyrðan á landinu. Hann var í Ófeigsfirði við Húsarárfoss. „Ég held að við séum ekki margir sem höfum gert þetta, en ég á samt nokkrar heimtraðir eftir. Ég legg samt ekki í það því ég geri ráð fyrir að það búi ekki aðrir en framsóknarmenn þar.“

Þess má geta að síðasti vegspottinn hlaut nafnið „Óli's End“, þar sem ferðamönnum sem voru með Ólafi í för gekk illa að bera fram nafnið Ófeigsfjörður.



MILL ENDS

HEIMSINS MINNSTI ALMENNINGSGARÐUR

■ Minnsti almenningsgarður í heimi, samkvæmt Heimsmetabók Guinness, er Mill Ends Park í Portland í Oregon-ríki Bandaríkjanna. Hann er staðsettur á umferðareyju og er tæpur þriðjungur úr fermetra að flatarmáli. Garðurinn var gróðursettur árið 1948 á degi heilags Patreks, og átti að vera nýlenda fyrir álfa og snigla auk annarra. Árið 1976 var garðurinn formlega viðurkenndur sem almenningsgarður, og þar með sá allra minnsti í heiminum.



VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



30%
AFSLÁTTUR

Frábært tilboð
75 sm breiðir Liebherr kæliskápar

LIEBHERR

CPes 4613
Stærð: h 184 sm/ br 75 sm/d 63 sm
Kælir: 337 ltr / Frystir: 95 ltr
Orkuflokkur A+
Stálklæddur
Verð áður kr. 285.100 stgr.

kr. 199.570* stgr.

*Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágateaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Taktu þátt

Skilaðu blaðinu
að lestri loknum
til endurvinnslu
í gám merktan
dagblöð



MAGNÚS ÖLVER ÁSBJÖRNSSON
Refaskyttan og útselinir tveir. Sá stærri er 325 kíló og hinn 232 kíló. Þeir verða urðaðir.

MYND/ARNI ÞÓR BALDURSSON

Refaskyttta í gæsaleit skaut tvo stóra útseli

Magnús Ölver Ásbjörnsson refaskyttta skaut tvo útseli er hann var að leita að gæsum á Ströndum í síðustu viku. Stærri selurinn vó 325 kíló. Magnús fær rúmar þrjátíu þúsund krónur í verðlaun frá hringormaneft en selirnir verða urðaðir.

„Ég var bara að kíkja að gamni hvort ég sæi einhverjar gæsir,“ segir Magnús Ölver Ásbjörnsson refaskyttta, sem á miðvikudag veiddi óvænt tvo gríðarstóra útseli.

Magnús, sem er frá Drangsnesi á Ströndum, var einn á ferð í bíl sínum er hann kom auga á útsel í norðanveðri Kaldbaksvík. Hann segir fremur sjaldgæft að útselir sjáist svo innanlega í Húnaflóa.

„Ég sá einn svona hundrað metra frá landi og skaut hann. Ég var með veiðistöng og spún og ætlaði að

húkka í hann en ég sá að ég dreif ekkert,“ segir Magnús, sem beið þess að selinn ræki nær landi og útbjó spotta til að binda selinn er hann næði til hans.

„Þá sá ég að það var annar, enn þá stærri, úti á víkinni þannig að ég náði bara í riffilinn og plammaði hann líka,“ segir Magnús, sem við svo búið stökk upp í bíl og keyrði í loftinu inn á Drangsnese til að ná í Ásbjörn Magnússon föður sinn og fékk hann með sér norður eftir. Er þangað var komið hafði selina báða rekið á land og feðgarnir hjálpuðust að við að bíta skepnunum upp á bílpallinn. Vó annar þeirra 325 kíló en hinn 232 kíló.

Hringormaneft greiðir að sögn Magnúsar þrjú þúsund krónur fyrir hvern selskjálka og fimmtíu krónur að auki fyrir hvert kíló sem dýrin vege.

„Þannig að þetta eru rúmar þrjátíu þúsund fyrir þá báða,“ segir Magnús, sem býst ekki við að kjötið af selunum verði nýtt. „Alla vega langar mig ekki í það. Ég bað handverkskonu að hirða skinnið og

ÚTSELIR

„Útselur (Halichoerus grypus) er önnur tveggja selategunda sem kæpa hér við land, hin tegundin er landselur (Phoca vitulina),“ segir á Vísindavef Háskóla Íslands.


„Stærstu útselsbrimlarnir geta orðið allt að þrír metrar á lengd og vegið yfir 300 kíló og eru því mun stærri en landselir sem verða vart meira en rúmlega 150 kíló. Hér við land eru þekkt tilvik þar sem útselir hafa náð meira en 40 ára aldri.

Árið 2002 var stofnstærð útsels við Ísland metin í kringum 5.500 dýr og virðist stofninn hafa farið minnkandi. Það þarf því ekki að koma á óvart ef stjórnmöld grípa til einhverra verndaraðgerða vegna þessa á næstu árum.“

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands.

hún var alveg himinlifandi en svo kom hún og skoðaði og sá að hún þyrfti kranabíl til að snúa honum svo hún hætti við. Ég verð bara að láta urða þetta.“

gar@frettabladid.is



NÁMSMANNA-
ÞJÓNUSTA BYRS

BYRjaðu daginn vel með rétta kreditkortinu fyrir námsmenn!



- Kreditkort sem er þér alltaf að kostnaðarlausu
- Engin færslugjöld
- 5000 króna ferðaávisun fylgir með
- Í hvert sinn sem þú notar kortið innanlands safnar þú punktum


Líttu við á www.byr.is og BYRjaðu rétt!

Aukasöfnun hjá yfir 60 fyrirtækjum



Svona erum við

> Árleg gosdrykkja á hvern íbúa á Íslandi í lítrum talið.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HERSTJÓRNIN Í BÚRMA

Munkar taka forystu í mótmælum

Í gær héldu meira en þúsund búdda-munkar í Búrma út á götur tveggja borga til að mótmæla herstjórn landsins, sem hefur verið þar við völd í nærri hálfa öld. Stjórnin hélt þeirri venju sinni að berja niður öll mótmæli harðri hendi, og beitti táragasi á munkana.

Hvernig er stjórnarfarið?

Herforingjastjórnin í Búrma hefur stjórnað með harðri hendi, leyfir engin mótmæli og enga stjórnarandstöðu. Herstjórnin og herinn hafa verið sökuð um gróf mannréttindabrot. Langflestir íbúar landsins eru Búrmar, en fjölmargir minnihlutahópaflokkar hafa átt í stríði við stjórnarherinn vegna kúgunar. Stjórnin vill að landið

heiti Mjanmar, en stjórnarandstaðan vill halda sig við gamla nafnið, þrátt fyrir að uppruna þess megi rekja til nýlendustjórnar Breta.

Hvers vegna hófust mótmælin?

Nýja mótmælaaldan í Búrma hófst í síðasta mánuði vegna þess að stjórnin hækkaði allt eldsneytisverð skyndilega og mikið. Hundruð manna héldu út á götur í Jangon, stærstu borg landsins. Stjórnin brást við með því að handtaka þrettán andspyrnuleiðtoga, en þeim handtökum var svarað með enn frekari mótmælum. Enn sér ekki fyrir endann á mótmælaöldunni.

Af hverju munkarnir?

Munkarnir eru að mótmæla því að

stjórn landsins hafi ekki beðist afsökunar á því að herinn hafi beitt hundruð munkna barsmíðum fyrir hálfum mánuði, þegar munkarnir tóku þátt í víðtækum mótmælum gegn verðhækkunum eldsneytis. Munkarnir höfðu gefið stjórninni frest þangað til á mánudag til að biðjast afsökunar. Búddamunkar njóta mikillar virðingar í Búrma og harðar aðgerðir gegn þeim gætu hæglega komið stjórninni í koll.



Haukinnn Abe þraut örendið

Shinzo Abe þraut örendið í embætti japanska ríkis-stjórnarleiðtogans innan við ári eftir að hann tók við því. Afsögn hans er til marks um að japanski stjórnar-flokkurinn LDP er í miklum kröggum.

Þegar Shinzo Abe tók við forystu-hlutverkinu í japanska stjórnar-flokknum LDP (Frjálslynda lýð-ræðisflokknum) og ríkisstjórninni fyrir ári var strax ljóst að hann átti erfitt verk fyrir höndum. Fyrir-rennari hans, Junichiro Koizumi, hafði notið gríðarlegra almenn-ingsvinsælda og hafði fylgt eftir umbótastefnu sinni af sannfærandi ákveðni, einnig gagnvart „fúnum viðum“ í eigin flokki, þegar hann ákvað að hætta.

Klíkufurstarnir risu upp

Fyrstu alvarlegu veikleikamerkin sýndi Abe í desember í fyrra, þegar hann hleypti ellefu gömlum flokkshestum LDP, sem Koizumi hafði vikið úr flokknum vegna andstöðu þeirra við einkavæðingu japönsku pósthjónustunnar, aftur „inn í hlýjuna“. Að mati stjórn-málaskýrenda var þessi ákvörðun teikn um að forsætisráðherrann hefði gefið upp á bátinn að fylgja eftir umbótastefnu Koizumis og að hann mætti sín lítils gagnvart gömlu klíkufurstunum innan flokksins. Fljótlega leit enn fremur út fyrir að Abe hefði heldur ekki stjórn á eigin ráðherraliði, þegar ráðherrarnir tjáðu sig opin-berlega eins og þeim sýndist, þótt það kæmi forsætisráðherranum illa. Hneykslismál urðu hverjum ráðherranum á fætur öðrum að falli og einn þeirra stýtti sér aldur. Abe reyndi að bæta úr málunum en flæktist þar með sjálfur í þversagnir. Vinsældir hans og traust meðal kjósenda þvarr. LDP beið niðurlægjandi ósigur í kosningum til efri deildar Japansþings í lok júlí og var þá farið að fjúka í flest skjól fyrir Abe.

Fyrst eftir embættistökuna hafði stuðningur við forsætisráð-herrann mælst yfir 70 prósent en í sumar fór sá stuðningur vel niður fyrir 30 prósent og mjakaðist aðeins lítillega upp á við eftir all-róttæka uppstokkun í stjórninni í lok ágúst. Eins og í ljós kom er Abe boðaði afsögn sína í síðustu viku og var síðan lagður inn á sjúkrahús, að sögn vegna örmögnunar, var sú uppstokkun örvæntingar-skref af hans hálfu sem svo reynd-



GAFAST UPP Shinzo Abe gengur af sviðinu eftir afsagnartilkynningu sína 12. september.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ist ekki nóg til að hann sæi sér fært að sitja áfram.

Stefnu haukanna hafnað

Í afsagnarræðu sinni tilgreindi Abe að með því að víkja vonaðist hann til að stjórn og stjórnarand-staða gætu komið sér saman um að framlengja þátttöku Japana í fjöl-þjóðlega friðargæsluverkefninu í Afganistan, en Japanar hafa stutt það með því að hafa herskip á Ind-landshafi sem eldsneytisstöð fyrir bandarísk herskip sem styðja við aðgerðir fjölþjóðlega herliðsins í Afganistan. Þátttaka Japana í verkefninu rennur út að óbreyttu 1. nóvember. Öll stjórnarandstað-an, sem nú hefur meirihluta í efri deild þingsins, er mjög ákveðin í að ekki beri að framlengja þessa táknrænu þátttöku Japanshers í hinu „hnattræna stríði gegn hryðjuverkum“ eins og Banda-ríkjastjórn lítur á aðgerðirnar í Afganistan og Írak.

Þannig tengist opinber afsagn-arástæða Abes stefnu sem hann og samherjar hans á hægrijaðri LDP hafa reynt að setja í forgang allt frá því hann tók við völdum en hefur hlotið misjafnar undirteknir. Hún snýst um að gera þjóðernis-hyggu hærra undir höfði í Japan og viðleitni til að hrista þær höml-ur af hernum og japanskri utanrík-isstefnu sem á hann/hana eru lagð-ar samkvæmt stjórnarskránni sem Bandaríkjamenn þvinguðu upp á Japani eftir síðari heimsstyrjöld. Allt í því skyni að gera Japan meira gildandi í alþjóðamálum, ekki sízt með það fyrir augum að láta Kína ekki eftir að verða allsráðandi stórveldi Asíu.

Áherzlan á að gera þjóðarstolti hærra undir höfði nýtur reyndar víðtæks stuðnings meðal japansks almennings, en síður sú mikla áherzla sem Abe og félagar leggja á að hvíka hvergi frá nánu banda-lagi við Bandaríkin. Að Abe skyldi hafa reynt að þrýsta Okinawa-búum til að setta sig við stækkun bandarískrar herstöðvar þar varð

FRJÁLSLYNDI LÝÐRÆÐISFLOKKURINN

Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn í Japan (Jiyu-Minshuto á japönsku), sem alþjóðlega er þekktur undir ensku skammstöfuninni LDP, var stofnaður árið 1955 og hefur haldið um stjórntaumana í landinu nærri því alla þá ríflega hálfu öld sem hann hefur verið starfandi. Hann er borgaralegur hægriflokkur.

Flokkurinn myndaði fyrstu meiri-hluta-hægristjórnina í Japan eftir stríð strax árið sem hann var stofn-aður, eftir kosningasigur á sósíalist-um sem á eftirstríðsárunum nutu mikils fylgis í landinu. Flokkurinn hélt síðan óslitið um stjórntaumana fram til ársins 1993, þegar klöfning-ur í flokknum og fleiri ástæður ollu kosningaósigri hans. Flokkabanda-lagið sem þá tók við völdum var þó svo ósamstætt að LDP sneri strax árið eftir í stjórn og að fullu sem meirihlutastjórn árið 1996.

Styrkur LDP byggðist ekki sízt á því að takast að byggja upp mjög stöðugt samráðskerfi við mótun stjórnarstefnu, þar sem hagsmunir stórfyrirtækja, lítilla og meðalstórra



ARFTAKAEFNNIN Taro Aso, 66 ára fyrrverandi utanríkisráðherra, og Yasuo Fukuda, 71 árs flokksöldungur, á fundi með flokksstjórn LDP í Tókýó um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fyrirtækja, landbúnaðar, fagstétta og annarra hópa voru samræmdir.

Árið 1998 sameinuðust stjórn-arandstöðuflokkar í Lýðræðisflokki Japans (DPJ), sem hefur unnið á í þeim kosningum sem haldnar hafa verið síðan. Í síðustu kosningum til neðri deildarinnar árið 2003 fékk LDP 237 sæti en DPJ 177 sæti. Í kosningum til efri deildarinnar í júlí 2007 missti LDP meirihluta sinn þar.

til þess að LDP tapaði stórt í því kjördæmi í kosningunum til efri deildarinnar í júlí.

Að sama skapi nýtur þátttaka Japanshers í illa skilgreindum aðgerðum í nafni hinnar hnatt-rænu baráttu gegn hryðjuverkum ekki mikil stuðnings í landinu.

Það þykir því ljóst að arftaki Abes muni ekki fylgja eftir áherzlu hans á að framlengja verkefni her-skipanna í Indlandshafi.

Arftakinn miðjumaður

Fyrst eftir afsögn Abes virtist Taro Aso, 66 ára fyrrverandi utanríkis-ráðherra, vera sennilegur arftaki í embætti bæði flokksformanns og forsætisráðherra. En ekki leið á löngu unz Yasuo Fukuda, einn af öldungunum í forystu flokksins (og sonur fyrrverandi forsætisráð-herra), kom fram sem það arftaka-



FRÉTTASKÝRING

AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Háprýsti- þvottataeki

Úrvals háprýstítæki á góðu verði.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Starfsnám haustið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa **yfir 35.000 nemendur** sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Hagnýt verkefnastjórnun



Þetta er nám er fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

Helstu kennslugreinar:

- **Undirstaða nútíma verkefnastjórnunar** og helstu aðferðir sem leiða til vel heppnaðra verkefna og markvissrar stjórnunar.
- **PRINCE2 aðferðarfræðin** sem beitt er til þess að undirbúa, áætla og stjórna fjölbreyttum verkefnum með lágmarks áhættu og hámarks árangri. PRINCE2 skilar árangri frá fyrsta degi.
- **Microsoft Project** við gerð verk- og kostnaðaráætlana, verkeftirlit, utanumhald um auðlindir og stjórnun verkefna og verkefnasafna.

Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á verkefnastjórnun og skila vel heppnuðum verkefnum, á réttum tíma og innan ramma kostnaðaráætlunar.

Kennari:

Halldór Kristjánsson, verkfræðingur, hefur meira en 20 ára reynslu af verkefnastjórnun fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök.

Lengd: 50 stundir/33 klukkustundir. **Kennt** á föstud. 9-12. **Hefst 21. september.** **Verð:** 89.900 (ath. hægt er að kaupa aðgang að einstökum hlutum námsins)

Hagnýtt bókhald

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjors og fleira

Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! *

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. **Verð:** 99.900

* Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.

Visual C# forritun

Hnitmiðað og yfirgripsmikið diplómnám ætlað þeim sem vilja læra forritun með Visual C# .NET frá Microsoft.

Námið spannar flesta þætti hins vinsæla forritunarmáls C# .NET og er góður grunnur að MCP prófgráðu, frekara námi í forritun eða starfsframa við forritun.

Krafist er góðrar ástundunar í náminu og góðrar þekkingar á hugbúnaði og tölvum til þess að þátttakandinn nái árangri.

Frábær kennari með langa reynslu af forritun og kennslu.

Láttu drauminn rætast, lærðu að forrita.

Lengd: 94 stundir/63 klst.

Verð: 139.900, þægileg greiðslukjör

*Kvöldnám hefst 24. september
Kennt er mán./mið. kl. 19:30-22:30*

Office 2007

Office 2007 er með gerbreytta ásynd frá eldri útgáfum. Valmyndirnar eru horfnar en í stað þeirra eru komnir flipar með hnöppum.

Þetta er ein mesta breyting sem gerð hefur verið á Office pakkanum frá upphafi og er markmiðið að auðvelda notendum að nýta hvert forrit til fulls.

Mörgum notendum reynist þó erfitt að fóta sig í þessu nýja umhverfi og fyrir þá bjóðum við röð stuttra námskeiða um hvert forrit fyrir sig.

Auk þess að útskýra þær breytingar sem orðið hafa er jafnframt kennt að nota ýmsa nýja eiginleika hvers forrits.

Við höldum einnig Office 2007 námskeið fyrir þau fyrirtæki sem þess óska.

► **Excel 2007: Breytingar og nýjungar**

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð:** 8.900 fyrir eitt námskeið en 7.565 fyrir tvö eða fleiri Office 2007

► **Word 2007: Breytingar og nýjungar**

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð:** 8.900 fyrir eitt námskeið en 7.565 fyrir tvö eða fleiri Office 2007

► **PowerPoint 2007: Breyt. og nýjungar**

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð:** 8.900 fyrir eitt námskeið en 7.565 fyrir tvö eða fleiri Office 2007i

► **Outlook 2007: Breytingar og nýjungar**

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð:** 8.900 fyrir eitt námskeið en 7.565 fyrir tvö eða fleiri Office 2007

► **Access 2007: Breytingar og nýjungar**

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð:** 8.900 fyrir eitt námskeið en 7.565 fyrir tvö eða fleiri Office 2007

Veldu einhver fjögur af Office 2007 námskeiðunum og greiðdu fyrir þrjú!

MCSA og MCP netstjórn



► **Netumsjón MCP**

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin.

Lengd: 121 st./81 klst. **Verð:** 159.900

Aðeins tvö sæti laus

► **MCSA netstjórnun**

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

Lengd: 243 st./162 klst. **Verð:** 299.900

Aðeins tvö sæti laus

► **Windows XP Professional MCP**

Fyrsti áfangi þinn að MCSA gráðu (70-270).

Lengd: 60 stundir/39 klst. **Verð:** 89.900

► **Windows Server 2003 MCP**

Náðu tókum á netstjórnun strax (70-290).

Lengd: 60 stundir/39 klst. **Verð:** 89.900



Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

• **Byrjendanámskeið**

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500

Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900

Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900

Windows Vista fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900

Fingrasetning - tölvuvérlitun • 6 stundir/verð: 6.900

• **Access**

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900

Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900

Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

• **Word**

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500

Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900

Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900

Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 18.900

Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 8.900

• **Excel**

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 24.500

Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900

Excel IIb: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 36.500

Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

• **PowerPoint**

PowerPoint I: Glæsur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900

PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 8 stund/8.900

PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900

PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

• **Outlook**

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • 13 st./verð 16.900

Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

• **Publisher**

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

• **Vefsíðugerð**

DreamWeaver 8 vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900

Microsoft Expression Web • 27 stundir/verð 29.900

Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

• **Myndvinnsla og grafík**

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900

Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 16.900

Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 29.900

Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900

Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

• **Windows**

Windows XP framhaldsnámskeið • 9 st./verð 12.900

• **Verkefna- og tímastjórnun**

PRINCE2 verkefnastjórnun • 18 stundir/verð 49.900

Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900

Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

Ný námskeið eru merkt með rauðum lit

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símapijónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitid nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðaðu **www.tv.is** til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Mikilvægar hugmyndir um kerfisbreytingar:

Lyf og orka

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Tveir ráðherrar, iðnaðarráðherra og heilbrigðisráðherra, hafa nú með nokkurra daga bili lagt línur hvor á sínu sviði um mikilvægar kerfisbreytingar. Um jafn ólíka hluti og lyf og orku hafa þeir leitað lausna með því að leggja á ráðin um að brjóta upp skipulag sem ekki svarar kröfum nýs tíma.

Það er ekki á hverjum degi sem ráðherrar takast á við viðfangsefni sem við blasa með hugmyndafræðilegri greiningu og áræði til að takast á við skipulag sem er hvort tveggja í senn fast í viðjum vana og hagsmunna. Þetta er eigi að síður að gerast með eftirtektarverðum hætti.

Margt hefur breyst til betri vegar á lyfjamarkaðnum. Á sumum sviðum hans hefur tekist að lækka verð. Það er hins vegar ekki algilt. Fákeppni sætir eðlilegri gagnrýni. Samkeppnisyfirvöld skoða ásakanir um óvönduð meðul í glímum á því sviði.

Frumkvæði heilbrigðisráðherra að því að brjóta aftur tæknilegar hindranir í viðskiptum og opna heimamarkaðnum leið inn á stærri alþjóðlegan markað er lofsvert. Árangurinn verður að vísu ekki mældur fyrirfram. En aðferðafræðin er rökrétt og skynsamleg.

Orkubúskapurinn er um margt miklu flóknara fyrirbæri. Þær breytingar sem gerðar voru í byrjun aldarinnar á lagaumhverfi á þessu sviði voru ófullnægjandi. Ein af ástæðunum fyrir því er sú að þáverandi iðnaðarráðherra varð vegna hagsmunabréstings að víkja frá upphaflegri stefnumótun í ýmsum veigamiklum atriðum.

Það á til að mynda við um aðskilnað einokunar og samkeppni. Afar hröð þróun í orkubúskapnum er fyrir vikið í einhvers konar kerfislegri bóndabeygju. Nútíma kröfur um réttmæta samkeppnishætti komast ekki að í orkuviðnaðinum. Nútíma hugmyndir um notkun skattpeninga almennings í áhættufjárfestingu eru gleymdar og grafnar. Nútíma sjónarmið um möguleika á mismunandi eignarhaldi einokunarbundinnar almannabjónustu annars vegar og samkeppnisrekstrar hins vegar rúmast ekki í ríkjandi skipulagi. Aukheldur eru ólík sjónarmið um eignarhald á auðlindum illleysanleg að óbreyttu.

Sú hugmyndafræði sem iðnaðarráðherrann hefur nú kynnt opnar möguleika á að losa þennan vaxtarbrodd í efnahagsstarfsemi landsins úr skipulagslegum fjötrum. Um leið verða leiðir færar til þess að fella mál í farvegi sem líklegt er að almenn sátt geti tekist um.

Mikilvægast er að ráðherrann telur rétt að skilja á milli einokunarbundinnar almannabjónustu og samkeppni. Hið er svo ekki síður kjarnaatriði að hann telur eðlilegt að opna möguleika á að líta á þau orkuréttindi sem eru í opinberri eigu sem sjálfstæða rekstrareiningu.

Yrði þetta að veruleika gætu ríki og sveitarfélög leigt orkuréttindi sem þau eiga. Orkuframleiðslufyrirtæki á samkeppnismarkaði gætu þar af leiðandi starfað sem hlutafélög á frjálsum grundvelli. Í öllum höfuðatriðum svara þessar hugmyndir kalli og þörfum nýs tíma. Um leið taka þær tillit til þess almenna og eðlilega sjónarmiðs að ríki og sveitarfélög afsali sér ekki orkuréttindum sínum í stórum stíl.

Satt best að segja eru þessar fersku hugmyndir um skipulag lyfja og orku eins og hressandi haustgustur eftir sumarlægð stjórnmálaumræðunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

ÖMMUPÖNNUKÖKUR

– allir dagar eru sunnudagar



www.ommubakstur.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Góðjöfur

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, skráði sig í metabækurnar þegar hann lagði til einn milljarð króna sem hlutafé í nýstofn-aðan Þróunarsjóð Háskólans í Reykjavík. Haft er fyrir satt að þetta sé stærsti styrkur sem einstaklingur hefur varið í eitt verkefni.

Auðjöfrannir íslensku hafa hver á fætur öðrum stimplað sig inn sem velgjörðarmenn lista- og fræðastarfs. Orðið vel-

gjörðarmaður þykir hins vegar ekki fanga viðurgjörning af þessari stærðargráðu og því hefur hugtakið „góðjöfur“ verið slegið fyrir Róbert Wessman. Eigum við ekki að vona að þeir verði fleiri?

Hvað um Ólaf?

En biðum við. Ekki er langt síðan Ólafur Ólafsson lét samsvarandi upphæð renna til Barnahjálpar Sam-einuðu þjóðanna. Datt þó engum í hug að kalla hann góðjöfur. Líklega hefur Ólafur óafvitandi afsalað sér tilkalli til nafnbótarinnar þegar hann lét Elton John spila í frystigeymslu úti á Granda í tilefni af sextugsafmæli hans, almennum launþegum til sárrar armæðu. Svoleiðis gera góðjöfrar greinilega ekki.

Eiginlega allir

Sagt er frá því í DV í gær að konur flýi fréttastofu Útvarps í stríðum straumi. Þrjár fréttakonur hafi hætt nýlega og enn fleiri á undanförunum tveimur áratugum! „Karlarnir eru hins vegar eiginlega allir enn þá,” er haft eftir Hjórdísi Finnbogadóttur. Þetta krefst skilgreiningar á hugtakinu „eiginlega allir“. Á sama tímabili hafa margir karlar hætt störfum hjá fréttastofu Útvarps, til dæmis Ari Sigvaldason, Atli Rúnar Halldórsson, Jón Baldvin Halldórsson, Ólafur Teitur Guðnason, Gissur Sigurðsson, Kristinn Hrafnsson, og Kári Jónasson. bergsteinn@frettabladid.

Hagstjórn í upplausn

Fátt er um góðar fréttir af sviði hagstjórnar þessa dagana. Verðbólga er á uppleið og viðskiptahalli vaxandi á nýjan leik. Fullkomið ráðleysi virðist ríkja á stjórnarheimilinu í bland við afneitun og ráðherrum verður það helst fyrir að kenna annað hvort Seðlabankanum, krónunni eða bara einhverju öðru en ríkisstjórninni um.

Til að bita höfuðið af skömm-inni gengur nýskipaður viðskiptaráðherra á undan með vondu fordæmi og talar gjaldmiðil þjóðarinnar niður. Þar heggur sá er hlífa skyldi. Viðskiptaráðherra eða ríkisstjórnin í heild getur haft þá skoðun að tími þess að reka sjálfstæða hagstjórn með eigin gjaldmiðli og efnahagslegum stýritækjum sé liðinn. En það verður að gera þá kröfu að áhrifamenn ræði um slíka hluti af lágmarksraunsæi og þekkingu, virði þá staðreynd að það að kasta krónunni getur vegna eðlis þeirrar aðgerðar aldrei orðið til lausnar bráðavanda í hagstjórn og er flóknara mál en kann að virðast í fyrstu.

Ábyrgðarlaust evrutal

Innganga í Evrópusambandið, hvað þá upptaka evru í kjölfarið, er langt ferli. Fyrst þyrfti að taka til skoðunar, ræða og helst kjósa um, hvort þjóðin vildi leggja upp í slíkan leiðangur. Í öðru lagi fara í viðræðurnar sjálfar og ná þar niðurstöðu. Í þriðja lagi að bera samningsniðurstöðuna undir þjóðina. Þó aðild yrði samþykkt hér þarf einnig til samþykki og fullgildingu allra aðildarríkja ESB, sem nú eru víst 27. Að því loknu færi í hönd reynslutími þar sem Ísland yrði að sanna að efnahagsmálin væru í fullnægjandi jafnvægi og við fær um að uppfylla öll skilyrði fyrir inngöngu í myntbandalagið og upptöku evru. Með öðrum orðum: margra, margra, margra ára ferli



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Í DAG | Efnahagsmál

og á meðan þurfum við í öllu falli að notast við krónugreyið. Ætli sé þá ekki í þágu þjóðarhags að áhrifamenn reyni að viðhalda tiltrú á gjaldmiðlinum fremur en tala hann niður? Leitin að sökudólg þjónar sömuleiðis engum tilgangi. Allra síst er við hæfi að ríkisstjórnin, er fylgir fram óbreyttri stjórnarstefnu frá þeirri sem hefur orsakað hér stórfellt jafnvægisleysi í efnahagsmálum, kenni öðrum um.

Varðandi hugsanlega upptöku evru, að ekki sé nú talað um einhliða og án undangenginnar aðildar að Evrópusambandinu, þá legg ég til að viðskiptaráðherra og þess vegna ríkisstjórnin öll fari á námskeið hjá Ingimundi Friðrikssyni seðlabankastjóra. Hann fer á afar yfirvegaðan og málefnalegan hátt yfir þá hluti í viðtali við Viðskiptablað Morgunblaðsins fimmtudaginn 13. september. Ingimundur hvetur til málefnalegrar umræðu og að farið sé að öllu með gát. Þau orð mega ýmsir sannarlega taka til sín.

Skuldir aukast

Hið alvarlega er að á meðan öll viðbrögð einkennast af afneitun og leit að sökudólgum flýtur allt að feiðgarósi vaxandi erlendarar skuldir þjóðarbúsins. Þarf ekki annað en að lesa Hagtölur Seðlabankans því til sanninda-merkis. Erlend skuldastaða þjóðarbúsins er nú verri en

nokkru sinni fyrr. Er þar ekki síst svakalegt að sjá hversu erlendar skammtímaskuldir hafa aukist og eru geigvænlega hátt hlutfall af útflutningstekjum, gjaldeyrisforða Seðlabankans eða hvaða viðmiðun annarri sem tekin er. Yfir þetta fer Þorvaldur Gylfason ágætlega í grein hér í Fréttablaðinu sl. fimmtudag.

Hinn kaldi veruleiki er sá að við getum ekki rekið þjóðarþúið endalaust með bullandi halla útávið. Við getum ekki haldið áfram að safna skuldum út í hið óendanlega. Það verður að nást hér jafnvægi sem ekkert bendir hins vegar til, því miður, að núverandi ríkisstjórn, fremur en sú síðasta, hafi metnað til að endurheimta. Fullkomin lausatök hennar á fyrstu mánuðum við völd og algjört alvöru- eða andvaraleysi lofar ekki góðu.

Það verður að átelja harðlega að ríkisstjórnin skuli ekki hafa notað tækifærið á fyrstu vikum og mánuðum valdaferils síns til að senda sterk skilaboð út í efnahagslífið og þjóðlífið allt um að nú verði tekið á málum. Opinberar heimsóknir og kynnisferðir forystumanna ríkisstjórnarinnar um lönd og álfur eru að sjálfsögðu góðra gjalda verðar og slíku er þarft að sinna ásamt öðru. En ef það er virkilega svo að ráðherrarnir telji það mikilvægara en að sinna brýnustu verkefnum íslenskra þjóðmála hér heima fyrir, þá eru þeir á miklum villigötum.

Nú verður að krefjast þess að ríkisstjórnin geri grein fyrir áformum sínum í þessum efnunum og hvernig hún ætli að leggja sitt af mörkum til að hér náist á nýjan leik viðunandi stöðugleiki í stað þess að ástandið versni eins og nýjustu mælingar á verðbólgu og viðskiptahalla benda til.

Höfundur er formaður Vinstri grænna.

Svo skal bøl bæta

UMRÆÐAN

Lomborg og umhverfismálin

Nú verður ekki lengur hjá því komist að viðurkenna að loftslagsbreytingar eru staðreynd. Tugmilljónir manna munu flosna upp og lenda á vergangi verði ekki dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda hið fyrsta. Vísindasamfélagið er einhuga um að helminga verði útblástur í heiminum fyrir miðja þessa öld miðað við 1990.

Enn eru þó nokkrar eftirlegukindur eftir sem ekkert vilja aðhafast. Eftir að hafa um áráraðir vitnað í hvern tóbaksvísindamanninn á fætur öðrum um markleysi loftslagsbreytinga vitna nú sumir hægrimenn ákaft til skrifna Björns Lomborgs – sem ekki dregur loftslagsbreytingar í efa. Heldur er kenning Lomborgs sú, að hvað sem loftslagsbreytingum líði, þá borgi sig ekki að gera neitt í málinu – það þýði ekkert og sé alltof dýrt. Að hans mati eru önnur vandamál meira knýjandi. „Svo skal bøl bæta að benda á eitthvað annað,” er rökfærsla Lomborgs.

Til allrar hamingju eru slík sjónarmið ekki lengur ráðandi meðal hægrianna. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur tekið forystu



ÁRNI FINNSSON

Velferðarsvið óskar eftir starfsmönnum til starfa á heimili fyrir heimilislausa karlmenn. Um er að ræða heimili fyrir átta heimilislausa karlmenn.

Helstu verkefni:

- Stuðningur við heimilismenn varðandi samskipti við samfélag/aðila innan og utan heimilisins
- Aðstoð við heimilismenn í daglegum störfum heimilisins s.s. þrif, matseld og þess háttar
- Ábyrgð á þrifum heimilisins og matseld
- Þátttaka í teymisvinnu starfsmanna
- Þátttaka í húsfundum heimilismanna
- Önnur þau störf sem starfsmanni kunna að verða falin af forstöðumanni.

Hæfniskröfur:

- Skilningur og þekking á vanda einstaklinga með langvarandi félagslegan vanda vegna neyslu áfengis og annarra vímuefna
- Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi fyrir málefnum íbúa heimilisins

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Erla Björg Sigurðardóttir í síma 411-1600, netfang: erla.bjorg.sigurdardottir@reykjavik.is Umsóknnum skal skilað á Velferðarsvið Reykjavíkur Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík fyrir **24. september nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Vilt þú vinna þar sem Íslendingum finnst skemmtilegast að versla?

Óskum eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir fólk á öllum aldri endilega hafið samband.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000



KOKKARNIR
VEISLUPJÓNUSTA



Bréfberar

- holl og góð hreyfing

Íslandspóstur óskar eftir bréfberum til starfa. Vinnutíminn er breytilegur eða eftir samkomulagi. Um er að ræða bréfberastörf víða á höfuðborgarsvæðinu.

Við bjóðum upp á hressandi störf fyrir fólk á öllum aldri við flokkun og útburð á pósti. Ef þú vilt stunda holla og góða hreyfingu og fá greitt fyrir sæktu þá um.

Allar nánari upplýsingar fást í síma 580 1000 og á netfanginu postur@postur.is Einnig er hægt að sækja um starf á www.postur.is



Starfsmaður óskast

Ferskar Kjötvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni til að hafa umsjón með kjötborði okkar í Hagkaup

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000



KOKKARNIR
VEISLUPJÓNUSTA



Gröfumaður á hjólavél

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum manni á nýlega hjólagröfu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Nánari uppl. gefur Jón Hákon í síma 693-7319.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is



Firma BYGGINGARF.GYLFA & GUNNARS HF

poszukuje operatorow sprzetu ciezkiego z uprawnieniami na koparko-ladowarki,koparki obrotowe do 17 ton i wiecej.Zapewniamy prace na dlugi okres czasu.Nasza firma to jedna z wiekszych i dobrze prosperujacych w islandii.Zapewniamy dobre warunki.

Wszelkie informacje mozna uzyskac pod numerem 6630317/Areko po polsku/Dziekujemy za kontakt.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is



Pípulagnir

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars auglýsir eftir pípulagningarmönnum til starfa. Mikil mælingarvinna. Hjá okkur er góður aðbúnaður og virkt starfsmannafélag. Nánari upplýsingar veitir Ólafur í síma 693-7325.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

Fermingarfrelsi í tuttugu ár

UMRÆÐAN
Borgaraleg
ferming

Nú í vetur mun Siðmennt, Félag siðrænna hómánista, halda upp á 20 ára afmæli Borgaralegrar fermingar hér á landi. Fyrsti hópurinn byrjaði í borgaralegri fermingarfræðslu síðla árs 1988 og voru 16 ungmenni fermd vorið 1989. Síðan þá hafa um þúsund unglingar og fjölskyldur þeirra kosið þennan valkost og um 13.000 manns verið viðstaddir athafnirnar. Undanfarin ár hafa rífega 100 unglingar verið í hverjum árgangi.

Á hverju ári sendir Siðmennt lítinn A5 kynningarbækling til um 4000 fjölskyldna með börn á fermingaraldri til að upplýsa þau um hvað Borgaraleg ferming sé og hvernig hægt sé að skrá sig ef þau hafa áhuga á að taka þátt. Þetta hefur reynst besta leiðin til að kynna fræðslunámskeið okkar fyrir væntanlegum þátttakendum.

Borgaraleg ferming er valkostur fyrir þá sem t.d. eru ekki reiðubúnir að strengja trúarheit eða fyrir þá sem af öðrum ástæðum vilja ekki taka þátt í hefðbundinni kirkjulegri fermingu. Tilgangur Borgaralegrar fermingar er að efla heilbrigði og farsæl viðhorf ungmenna til lífsins. Þátttakendur rækta meðal annars með sér jákvæðni og ábyrgðarkennd gagnvart sjálfum sér og samborgurum sínum. Fermingarámskeiðið samanstendur af einni tvöfaldri kennslustund, vikulega í samtals 12 vikur, fyrir unglinga á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir unglinga á landsbyggðinni er í boði helgarnámskeið sem



HOPE KNÚTSSON

stendur í tvær helgar og einnig er boðið upp á fjarnám fyrir fermingarbörn sem búa erlendis. Þátttakendur læra margt gagnlegt um hvað það er að vera fullorðin og taka ábyrgð á eigin hegðun og skoðunum. Meðal annars er fjallað um mannleg samskipti, gagnrýna hugsun, siðfræði, að taka ákvarðanir, mismunandi lífsskoðanir og lífsstíl, unglinga í neyslu- og auglýsingasamfélagi, fordóma og fjölmenningu, trúarheimspeki, samskipti unglinga og fullorðinna, sorg og sorgarviðbrögð, ofbeldi og einelti, hamingjuna og tilgang lífsins, sjálfsmynd og samskipti kynjanna og skaðsemi vímuefna.

Að námskeiðinu loknu fer fram falleg og virðuleg athöfn og taka sum fermingarbörnin virkan þátt í henni með tónlistarflutningi, ljóðalestri og ávörpum. Einnig kemur þekkt fólk úr íslensku samfélagi fram sem ræðumenn.

Sem formaður Siðmenntar tek

Unglingar úr fjölskyldum sem aðhyllast mörg mismunandi trúarbrögð hafa tekið þátt í Borgaralegri fermingu vegna þess að námsefnið er óháð trú og trúarbrögðum.

ég við símtölum fyrir skráningu í Borgaralega fermingu. Eftir að við höfum að senda út kynningarbæklinga árlega hefur stöku foreldri hringt í mig, stundum jafnvel á nóttunni, til þess eins að tjá óánægju sína yfir því að fá bæklinginn sendan heim. Því miður hafa flestir þessir foreldrar ekki rætt málin kurteislega heldur hafa þeir fundið þörf fyrir að vera með dónaskap og hótanir í minn garð. Sumir hafa sagst vera móðgaðir vegna þess að þeir séu mjög trúaðir og túlka þennan

kynningarbækling sem persónulega árás á sig. Ég undrast það að fólk sem gefur sig út fyrir að vera kristið og búa yfir kristnu umburðarlyndi fer í vörn yfir upplýsingum um aðrar lífsskoðanir, en engin gagnrýni á önnur trúarbrögð er að finna í bæklingi okkar. Er það svo óruggt um sína eigin lífsskoðun? Sumir þeirra hafa haldið því fram að það væri ólöglegt að dreifa kynningarefni með þessu móti. Staðreyndin er sú að í frjálsu og lýðræðislegu samfélagi mega félög og fyrirtæki senda kynningarefni hverjum sem er. Siðmennt hefur farið nákvæmlega eftir reglum Hagstofu og ekki sent þeim sem merkt er við þar að vilji ekki fjölpóst. Ég er ekki kristin en ég fæ oft í póstkassann auglýsingar og kynningarefni frá ýmsum kristilegum kirkjum og trúarhópum. Þetta efni höfðar alls ekki til mín en ekki dettur mér í hug að hringja í presta eða forstöðumenn þessara söfnuða og æpa á þá eða hóta þeim! Ég bara hendi þessu efni eins og ég geri með auglýsingabæklinga í póstinum sem höfða ekki til mín.

Unglingar úr fjölskyldum sem aðhyllast mörg mismunandi trúarbrögð hafa tekið þátt í Borgaralegri fermingu vegna þess að námsefnið er óháð trú og trúarbrögðum. Það er ekkert kennt í námskeiði okkar sem er gegn trú eða kristni.

Skráning í Borgaralega fermingu fyrir vorið 2008 er nú í fullum gangi og á þessum tímapunkti má þess geta að aldrei í 20 ára sögu hennar hafa fleiri ungmenni verið skráð en nú. Slagorð Siðmenntar eru „það er dýrmætt að eiga val“ og „Það er allt í lagi að vera öðru vísi“.

Höfundur er formaður Siðmenntar og stofnandi Borgaralegrar fermingar á Íslandi.

Vegur milli Þingvalla og Laugarvatns

UMRÆÐAN
Samgöngur

Undanfarið hafa birst greinar í Fréttablaðinu um fyrirhugaðan nýjan veg milli Þingvalla og Laugarvatns. Ekki er allt rétt, sem þar kemur fram. Eiginlega er hér um að ræða tilfærslu á vegarstæði þar sem hingað til hefur verið notast við hinn 100 ára gamla kóngsveg, sem er að öllu leyti alls ófullnægjandi vegarstæði fyrir bílaumferð. Pétur M. Jónasson, vatnalíffræðingur, hefur verið með harðan áróður gegn lagningu þessa nauðsynlega vegar og fullyrðir að Þingvallavatn geti orðið fyrir skemmdum.

Við þekkjum öll þær staðreyndir að vegir liggja allt í kringum vatnið og um þjóðgarðinn og eru orðnir flestir eldgamlir. Af hverju er þá vatnið í lagi? Það er enga skemmd að sjá þrátt fyrir mikla umferð í áratugi. Pétur forðast að gefa á því skýringar. Hamagangur Péturs gegn þessari framkvæmd er alls óskiljanlegur í ljósi þess að vegurinn mun liggja að mestu fjarri Þingvallavatni. Hann kemur frá Laugarvatni og mun liggja við rætur Lyngdalsheiðar og tengjast veginum, sem liggur að aust-



JÓN OTTI JÓNSSON

anverðu meðfram vatninu. Sá vegur hefur verið umferðaræð um langan tíma, marga áratugi.

Ég vil benda á að umræddur vegur var og er hluti af hinum vinsæla og fjölfarna Þingvallahring: Reykjavík-Þingvellir-Sogið-Hveragerði og svo til Reykjavíkur um Hellisheiði. Pétur hefur tekist að æsa ýmsa menn upp, m.a. nokkra náttúrufræðinga. Búast mætti við að vel menntaðir menn sæju í gegnum slíkan hugarburð gamals manns. Slæmt er þegar aðstoðarráttgjafi Fréttablaðsins fellur í þá gryfju að taka undir með Pétur og rangtúlkar legu nýja vegarins og segir hann eigi að liggja meðfram vatninu. Ekki er gæfulegt fyrir Fréttablaðið að birta slíkt bull í leiðara.

Öllu ömurlegra er að sjá skrif Guðmundar Andra Thorssonar um þessi mál í sama blaði 3. sept. sl. Guðmundur virðist halda að nú eigi að gera ógurlega hraðbraut með allra þyngstu umferð sem hugsast getur! Guðmundur hallmælir Vegagerðinni og stjórnendum hennar eins og þeir einir beri ábyrgðina. Vegagerðin hefur þau verkefni að hanna vegi og hefur í þessu tilvikinu tekið vel upp að færa vegarstæðið frá gamla kóngsveginum á heppilegri stað. Svo reynir Guðmundur að fá umhverfisráðherrann til að rifta umhverfismatinu og þar með að gera þessu máli mikið

ógagn. Ég hvet ráðherrann til að láta ekki verða af slíku og taka raunsætt mið af raunveruleikanum. Mér finnst að Guðmundur Andri Thorsson ætti að halda sig við skáldskap og láta vera að skrifa um alvörumálefni.

Í grein í Fréttablaðinu 31.08. sl. vitnar blaðamaður í Umhverfisstofnun. Þar er fjallað um rask og lýti. Um hvaða rask er stofnunin að tala? Var kóngsvegurinn rask á sínum tíma? Ég efast stórlega um að Vegagerðin muni vaða um svæðið eins og naut í flagi. Ég sé ekki betur en að Vegagerðin gangi almennt vel um í sínum framkvæmdum. Vegagerðin á þakkir skildar fyrir að halda þessari vesældar leið sem kóngsvegurinn er í eins þolanlegu ástandi og unnt er. Lagning þessa nýja vegar þóir ekki lengri bið. Tafir hafa verið alltof miklar, m.a. vegna stífnar og sérvísku fyrir Þingvallanefndar og svo nú vegna kærugleði Péturs M. Jónassonar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar þarf betri samgöngur vegna skylduverkefna. Ferðaþjónustan og rútúbílaeigendur bíða í óþreyju. Þessi vegur mun tengja saman þekktustu ferðamanna staði á Suðurlandi. Bættar samgöngur á þessari leið mun létta mjög á umferð um Suðurlandsveg og Hellisheiði.


Höfundur er prentari.

Auglýsingasími

5125050



- Mest lesið



Veldu Ford Focus Trend Collection



Nýtt tákni um gæði

Kauptu í dag Ford Focus Trend Collection 1,6i 5 dyra 5 gíra

Kauptu Focus Collection í dag 2.220.000 kr.*

Collection toppar flokkinn 'special series' hjá Ford. Gerðu samanburð. Spurðu söluráðgjafa Ford um Ford Focus Trend Collection. Skoðaðu verð og búnað. Komdu í Brimborg. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Focus Trend Collection.

Kauptu Focus Trend Collection frá Ford. Komdu í Brimborg.

collection

FOCUS
collection

FOCUS

Ford FOCUS Nýtt tákni um lífsgæði

Ford Focus Genuine Design. Hönnun Ford Focus sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Focus merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseginnleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vishæfan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Focus.

Spurðu um hvað
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar
þýðir fyrir þig


visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað


brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

LEIKARINN JEREMY IRONS FÆDD-
IST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1948

„Maður á í raun ekki heim-
ili fyrr en maður eignast
börn og það heimili mótast
af börnunum.“

Jeremy Irons fæddist í bænum
Cowes á ensku eyinni Isle of
Wight. Hann hefur leikið í fjöl-
mörgum myndum og unnið til
margra verðlauna. Hann fékk
til að mynda Óskarinn sem
besti leikarinn árið 1990 fyrir
hlutverk sitt í myndinni Re-
versal of Future.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 19. SEPTEMBER 1981

Ókeypis tónleikar í Central Park

Til er plata með þjóðlaga- og rokkduettinum Simon og Garfunkel sem heitir „Tónleikarnir í Central Park“. Plata þessi var tekin upp 19. septemb-
er árið 1981 þegar Simon og Garfunkel sameinuðust á ný eftir hlé og héldu ókeypis tónleika á stóru grasflötinni (the Great Lawn) í Central Park í New York.

Yfir 500.000 manns komu á tónleikana og í mars sama ár kom platan út. Hún var útsett af Paul Simon og Dave Grusin og framleidd af Paul Simon, Art Garfunkel, Phil Ramone og Roy Halee. Auk þessa var gefið út myndband af tónleikunum og á því eru tvö lög sem ekki voru á plötunni. Þetta eru lögin „The Late Great Johnny



Ace“ og „Late in the Evening“. Flutningurinn á laginu um Johnny Ace var truflaður þegar æstur aðdáandi réðist inn á sviðið.

Simon og Garfunkel kynntust í grunnskóla árið 1953 þegar þeir voru báðir að leika í leikritinu „Lisa í Undralandi“. Símon lék hvítu kanínuna og Garfunkel lék köttinn. Árið 1957 mynduðu þeir hópin „Tomma og Jenna“ og brögðuðu í fyrsta sinn á frægðinni með lagi sínu „Hey Schoolgirl“. Það var þó ekki fyrr en árið 1965 sem þeir slógu í gegn með laginu „Sounds of Silence“. Það jók enn á vinsældir þeirra er tónlist þeirra hljómaði í kvikmyndinni „The Graduate“ sem í léku meðal annarra Dustin Hoffman og Anne Bancroft.

MERKISATBURÐIR

- 1667 Gullskipið Het Wapen van Amsterdam strandaði á Skeiðarársandi og fórust um 140 manns. Skipið var hlaðið dýrum farmi sem aldrei hefur fundist.
- 1874 Blaðið Ísafold kom út í fyrsta sinn.
- 1939 Þýskur kafbátur, U30, kom til Reykjavíkur með þrjá menn sem höfðu slasast í árás á breskt flutningaskip. Hinn 3. september sama ár hafði þessi bátur sókk breska farþegaskipinu Athenia.
- 1981 Tungufoss sökk á siglingu yfir Ermarsund. Áhöfn var bjargað.
- 2006 Tailenski herinn framdi valdarán í Bangkok og nam stjórnarskrána úr gildi.



Ástkær eiginmaður minn, faðir og sonur,

Konráð Þórisson

Móaflöt 37, Garðabæ,

verður jarðsönginn frá Víðalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 20. september kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á Bandalag íslenskra skáta og Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Vala Dröfn Hauksdóttir
Oddný Þóra Konráðsdóttir
Oddný Dóra Jónsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Valur

Guðmundsson

Safamýri 13, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 13. september. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 20. september kl. 11.00.

Vilhjálmína K. Magnúsdóttir
Magnús Már Guðmundsson
Sigrún Guðmundsdóttir
Niels Rafn Guðmundsson
Njáll Hákon Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabarn.

Sigurbjörg Sigurðardóttir
Kjartan Ingvason
Sigrún Arnardóttir



Ástkær bróðir okkar,

Kristján Ari Guðmundsson

lést þann 10. september á Landspítalanum. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Okkar innlegustu þakkir til starfsfólks Lungnadeildar Landspítalans fyrir góða umönnun.

Systkini og frændfólk



Móðir okkar, amma og langamma,

Guðrún Jóhanna Einarsdóttir

Laugarnesvegi 84,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólí laugardaginn 15. september. Útförin fer fram föstudaginn 21. september kl. 15.00 í Fossvogskirkju.

Jónas Gústafsson
Hulda S. Gústafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



„ÍSLENSK STJÓRNVÖLD Vildu gjarnan semja við Breta en þorðu það ekki af ótta við innanlandsálitið,“ segir sagnfræðingurinn Guðni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GUÐNI TH. JÓHANNESSON SAGNFRÆÐINGUR: NÝ BÓK UM ÞORSKASTRÍÐ BRETA

Bókin snýst ekki bara um hina slæmu Breta og góðu Íslendinga

„Ég hef lengi haft áhuga á þorskastríðum. Ekki síst af því að afi minn, Guðni Thorlacius, var í Landhelgisgæslunni frá stríðsárunum fram á sjöunda áratuginn,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur. Hann er höfundur ný-
útkominnar bókar um fiskveiðideilur Breta á Norður-Atlantshafi á árunum 1948-1964. Guðni var við nám í Bretlandi frá 1998-2003 og bókin er doktorsritgerð hans, aðeins aukin og endurbætt og kemur út á ensku. „Bretar stóðu í stappi við Íslendinga, Norðmenn, Sovétmenn og Dani en mestur var hasarinn milli okkar og Breta því hér voru mikilvægustu miðin og hér voru líka stjórnvöld tregust til að gefa eftir,“ segir hann.

Guðni kveðst hafa leitað fanga í skjalasöfnum víða um heim og talað við fjölda manns sem tóku þátt í átökunum. Hvað skyldi honum hafa þótt athyglisverðast? „Það kom mér á óvart hversu mikill áherslumunur var innan breska stjórnkerfisins á því hvernig taka ætti á fiskveiðideilunum. Þar voru margar skoðanir uppi. Ágreiningur um aðferðir var líka mikill hér heima því stjórnmálamenn vildu gjarnan semja en þorðu það ekki af ótta við innanlandsálitið.“

Guðni kveðst hafa fengið vissa samúð með Bretunum. „Auðvitað var geysilegt hagsmunamál fyrir Íslendinga að fá full yfirráð yfir miðunum en saga landhelgismálsins hér er hálf-

gerð helgisaga þar sem við sjáum fyrir okkur einhuga þjóð í baráttu við ofurflið. En málið er miklu flóknara. Það snerist ekki bara um hina góðu Íslendinga og slæmu Breta,“ segir hann.

Þar sem bók Guðna er doktorsritgerð lýtur hún öllum þeim fræðilegu kröfum sem gerðar eru til slíks verks. „Ritgerðin er ekki skrifuð með hinn almenna lesanda í huga. Hins vegar stendur til að skrifa sögu þorskastríða Íslendinga og landhelgismálsins á íslensku. Hún verður miklu skemmtilegri,“ segir Guðni og bætir við: „Þessi nær líka bara til tólf mílna deilunnar en ekki hinna hörðu átaka á áttunda áratugnum.“

gun@frettabladid.is



Rúnar Geimundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



90 ára afmæli

Sigmundur Tryggvason

sjómaður og smíður frá Hrísey, er níræður í dag. Manni er nú til heimilis að Jöklastræti 2, dvalarheimilinu Hrafnistu, Reykjavík.

Frá kr. 1.430.000
Getz

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Hyundai hefur gæðin

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði*

✓ *Flottur*

✓ *Hagstæður*

✓ *Rúmgóður*

✓ *Traust bílaumbod*

✓ *Öruggur*

✓ *Góð þjónusta*



Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

 **HYUNDAI**

www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

STUÐ MILLI STRÍÐA: Ef ég gerði það

FREYR GÍGJA GUNNARSSON SETUR O.J Í NÝTT SAMHENGÍ



17. júní árið 1994 breyttist heimurinn. Kannski ekki eins og þegar Tvíburaturnarnir hrundu eða Díana dó. Og þó. Dagurinn er greypstur í minningu þeirra sem á horfðu. Þennan morgun kom íslenska þjóðin sér fyrir í fjölskyldubílnum og reyndi að fíkra sig nær Þingvöllum ásamt fimmtíu þúsund öðrum Íslendingum. Krakkarnir sátu kirfilega bundnir í aftursætinu, málaðir í íslensku fánalitunum og báru fram óskir um rétti dagsins; kandífloss, pylsu með öllu og risavaxna snuddu gerða úr bræddum sykri. Og ekki mátti gleyma helúmblöðrunni með einhverri Disney-figúrunni framan á.

Um leið og bíllinn mjakaðist áfram fyrstu fimm metrana steig O.J. Simpson upp í rauðan Ford Bronco og keyrði eftir vegi númer 405 í Kaliforníuríki. Leiðin hans var greið, ólíkt Þingvallaveginum. Þegar fjölskyldubífreiðin hafði komist áfram um tíu metra voru tugir lögreglubíla á eftir O.J. með blá blikkandi ljós. Og þýrlur sjónvarpsstöðvanna sveimuðu yfir. Allt í beinni útsendingu. Bandaríska þjóðin stóð á öndinni, rétt eins og krakkinn á Þingvöllum sem á sama augnabliki mændi yfir mannhafið og hugsaði með sér að nú myndi hann týnast. Gamla ruðningshetjan, þessi „næs gæ“ sem lék óheillakrakuna Nordberg í Naked Gun, var grunaður um

morð. Ekki eitt heldur tvö ástríðu-morð. Og þegar fáninn hafði verið dreginn að húni og þjóðsöngurinn kyrjaður var O.J. kominn á bak við lás og slá. Helmingur bandarísku þjóðarinnar fylgdist með og hafði ekki hugmynd um að á sama tíma og ameríski draumurinn var settur í steininn fagnaði lítil eyjabjóð frelsi sínu á bílahátíð allra landsmanna. Hún söng út um gluggann og trallaði, veifaði fánum sínum og hirti lítið um hin skelfilegu örlög O.J. Simpson. Herveldið í vestri hefur nú þurft minna tilefni til að hefja stríðsrekstur en þá vanvirðingu sem Íslendingar sýndu þegar þeir héldu upp á lýðveldisafmælisittáÞingvallaveginum, sama dag og O.J. var klófestur.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



50
+50
100
MILLJÓNIR

Bónus-
vinningur
24
milljónir

RISA
BÓNUSPOTTUR!

Potturinn stefnir í 50 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 50 milljónir og bónusvinningurinn í 24 milljónir. Ekki gleyma að vera með, nældu þér í áskrift.

Fáðu þér miða fyrir kl. 16 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

V Í K I N G A
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

CHANCE
CHANEL

Kynning í Lyf og Heilsu Kringlunni dagana 13-15 september



Gréta Boða veitir faglega ráðgjöf og kynnr spennandi nýjungar frá Chanel í verslun Lyf og Heilsu Kringlunni.

Haust/vetrarlitirnir komnir.

- Chance Eau Fraiche, ilmurinn sem hefur slegið öll sölumet.
- Brúnkukrem sem gefur húðinni raka auk þess að innihalda SPF 8
- Ný líkamslína sem Chanel er stolt af að kynna.

Gerðu þér glaðan dag og upplifðu töfra Chanel með hjálp fagaðila okkar.

Glæsilegir kaupaukar og tilboð í boði. *

*Á meðan birgðir endast.

 **Lyf & heilsa**
APÓTEK

> AFLÝSIR TÓNLEIKAFERÐ

Rapparinn **50 Cent** hefur aflýst tónleikaferð sinni um Evrópu vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna. 50 hafði heitið því að hætta í tónlist ef Kanye West seldi fleiri plötur en hann og nú er spurning hvort hann stendur við stóru orðin.

fólk

folk@frettabladid.is



Britney Spears missir forræðið

Kevin Federline, fyrrum eiginmaður Britney Spears, fær nánast fullt forræði yfir strákunum þeirra tveimur, þeim Jayden James og Sean Preston. Þessu hélt bandaríska fréttastofan Fox fram í gær.

Spears er sögð vera með vonlaust mál í höndunum í forræðisdeilu sinni og ekki bætti úr skák þegar lögfræðingateymi hennar sagði upp störfum skömmu áður en réttarhöldin áttu að hefjast. Lögfræðingarnir gáfu þá skýringu á uppsögninni að söngkonan væri „vandræðargæmsi“. Forræðisdeilan tók nokkuð óvænta stefnu þegar fyrrum lífvörður Spears, Tony Baretto, gaf út vitnisburð sinn þar sem hann sagðist hafa séð Spears neyta eiturfylla fyrir framan syni sína. hún

hefði sært blyggðunarkennd þeirra og stefnt öryggi þeirra í hættu. Baretto var rekinn eftir að hann heyrði ekki skipun Spears um að taka upp hattinn hennar. Búist er við því að dómari kveði upp sinn úrskurð á mánudaginn.

Til að bæta gráu ofan á svart tilkynnti útgáfufyrirtæki Spears að þeir hefðu sliði öllu samstarfi við hana. „Britney Spears hefur mikla hæfileika en í ljósi kringumstæðna þá sjáum við okkur ekki fært að geta unnið að hennar málum af heilum hug,“ sagði framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Jeff Kwatinetz.

BRITNEY SPEARS Leið hennar hefur legið lóðrétt niður og nú er talið nánast öruggt að hún missi forræðið yfir sonum sínum.

NORDICPHOTOS/GETTY



Pistols koma aftur saman

Pönkararnir í The Sex Pistols ætla að halda tónleika í London 8. nóvember í tilefni af þrjátíu ára útgáfuaufmæli plötunnar Nevermind The Bollocks. Olli platan miklum deilum þegar hún kom út í Bretlandi í október árið 1977 og voru meðlimir sveitarinnar útmálaðir sem algjörir stjórnsleysingjar.

Upprunalegir meðlimir The Sex Pistols, John Lydon, Steve Jones, Paul Cook og Glen Matlock spila allir á tónleikunum.



SEX PISTOLS Pönkararnir halda tónleika í London 8. nóvember.

ÁST Í samstarfi við Vesturport

19.9.2007	14:00
20.9.2007	14:00
20.9.2007	20:00
27.9.2007	20:00

SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARDARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000 www.borgarleikhus.is

Vegna gífurlegra vinsælda – 4 sýningar í Rvík

28. september – IDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
29. september – IDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
12. október – IDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
13. október – IDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00

Miðasala daglega í lönó í síma 562 9700 frá kl. 11 – 17 og á midi.is

Pabbinn PABBINN Á TÖR UM LANDIÐ – ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS

midt.is **REC** **THORSSON PRODUCTIONS**

SÝNINGAR Í AUSTURBÆ

BLINDA KINDIN eftir Elísabetu Jökulsdóttur
Næstu sýningar: 20/9 - 23/9 - 27/9 - 29/9 og 30/9

SÖNGLEIKURINN ÖSKUBUSKA eftir Agnar Jón Egilsson. Tónlist: Hallur Ingólfsson
Næstu sýningar: 22/9 29/9 6/10

Miðasala í síma 551 4700 og á midi.is

AUSTURBÆR



Debra Messing úr The Starter Wife, valdi svart og hvítt.



Hayden Panettiere úr Heroes mætti í laxableikum og afar víðum kjól.



Jamie-Lynn Sigler úr Sopranos skartaði hvítum kjól.



Heidi Klum var gullfalleg í kjól frá Dior.

EDALKJÓLAR Á EMMY



Becki Newton úr Ugly Betty kom í gráum kjól með hafmeyjusíði.

Emmy-verðlaunahátíðin sem fram fór í Los Angeles á sunnudag var fyrsta tækifæri haustsins til að klæða sig upp í síðkjól og demanta fyrir stjórnurnar. Þær voru enda hver annarri glæsilegri á að líta, eins og þessar myndir bera vitni um. Það var mikið um kjóla í látlausum litum á Emmy-verðlaunahátíðinni í ár. Inn á milli mátti þó sjá litsterka kjóla sem hresstu upp á rauða dregilinn.



Vinningshafinn America Ferrera geislaði í bláu.

framsækni

Vörður tryggingar hf. | Borgartúni 25 | sími 514 1000 | www.vordur.is

Rómantík í rúminu *Vilja bæta ímynd ungmenna*

Eva Longoria sagði blaðamanni Access Hollywood frá nýafstöðnum hveitibrauðsdögum sínum og Tony Parker á rauða dregli Emmy-verðlaunanna á sunnudaginn. „Við læstum okkur inni í húsi á einkaströnd á einkaeyju,“ sagði Longoria. „Við horfðum á þriðju þáttaröðina af Lost alla daga. Við lágum uppi í rúmi og horfðum á myndbönd. Það var mjög rómantískt,“ sagði leikkonan. Aðspurð hvað hefði verið rómantískast við



brúðkaupið sjálft, sagði Longoria það hiklaust hafa verið kossinn. Hún viðurkenndi að sér hefði þó fatast flugið á einum stað í athöfninni. „Ég fór með heitin mín á frönsku og ég ruglaðist í þeim,“ sagði Longoria. „Öllum fannst það sætt að ég hefði gleymt þessu, en þetta var ótrúlega erfitt orð,“ bætti hún við. **RÓMANTÍSKIR HVEITIBRAUÐSDAGAR** Hjónin nýbökuðu, Eva Longoria og Tony Parker, vorðu hveitibrauðsdögum sínum uppi í rúmi, við þá iðju að horfa á Lost og önnur myndbönd. NORDICPHOTOS/GETTY

Hljómsveitirnar Jeff Who?, Reykjavík!, Skakkamanage og Retro Stefson verða á meðal þeirra sem koma fram á styrktartónleikum fyrir Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna í Listasafni Reykjavíkur í kvöld. Ungmennaráð Íþrótt- og tómstundaráðs miðbæjar og vesturbæjar heldur tónleikana í samstarfi við ungmennaráð Unicef á Íslandi. Með tónleikunum vilja ungmennaráðin bæta ímynd unglunga ásamt því að safna fé fyrir starfsemi Unicef og vekja fólk til umhugsunar um líf skjör og réttindi barna víðs vegar um heiminn. „Við vorum á ungmennaráðsfundi fyrir ári og vorum þá að tala um að það væri oft gefin svo vond



RETRO STEFSON Hljómsveitin Retro Stefson, sem spilar á styrktartónleikunum, tók lagið á blaðamannafundi þar sem verkefnið var kynnt. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

mynd af unglingum í fjölmiðlum,“ segir Hilma Rós Ómarsdóttir hjá ungmennaráðinu. „Okkur langaði að bæta þessa ímynd og þá kom upp sú hugmynd að halda styrktartónleika fyrir Unicef. Þeir voru að pæla í því sama þannig að við ákváðum að vinna saman.“ Tónleikarnir hefjast kl. 18.30 og lýkur þeim kl. 21.30. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og hægt er að kaupa miða í félagsmiðstöðvum ÍTR, Hinu húsinu og á skrifstofu Unicef. Tónleikunum verður útvarpað beint af Rás 2. Hinir vinsælu Unicef-bolir, sem hannaðir eru af Kronkron, verða seldir á staðnum auk þess sem önnur fjáröflun verður í höndum ungmennaráðsins. **- fb**

TVÖFÖLD
ENDURGREIÐSLA Í
AUKAKRÓNUM
ÚT SEPTEMBER



Grunn endurgreiðsla Olís er 1,75% af öllum viðskiptum. Í september veitir Olís 3,5% endurgreiðslu af öllum viðskiptum.



VIÐ TÖLUM UMBUÐALAUST UM TRYGGINGAR

Þegar kemur að tryggingum vitum við að innihaldið skiptir öllu máli. Hjá Verði snýst allt um að tryggja viðskiptavinum faglega ráðgjöf og trausta úrlausn.

Minni ímynd, meiri trygging

verður

traust

Vörður er í eigu Byrs-sparisjóðs, Landsbankans og SP-Fjármögnunar.Fjármögnun



www.SAMbio.is 575 8900 **midi.is**

Skemmtilegustu vinurur í heimi eru mættar.

Allir eiga sín leyndarmál.

MR. BROOKS

Óvæntasti sálfræðitrillir ársins.



bratz

Mynd í anda Clueless og Mean Girls.



disturbia



KNOCKED UP



Erstu að fara að gifta þig?
Þá viltu alls ekki lenda í honum!!!

LICENSE TO WED



Langmest sötta myndin á Íslandi í dag

ASTRÓPIA

SMÁRA BÍÓ				AKUREYRI			
ÁLFABAKKA				KEFLAVÍK			
MR. BROOKS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16		BRATZ THE MOVIE	kl. 6	L	
MR. BROOKS VIP	kl. 8 - 10:30			VACANCY	kl. 8 - 10	12	
BRATZ	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L		ASTRÓPIA	kl. 6	L	
KNOCKED UP	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12		VEDRAMÓT	kl. 8 - 10	14	
DISTURBIA	kl. 8 - 10:30	14					
ASTRÓPIA	kl. 6 - 8 - 10:10	L		BRATZ THE MOVIE	kl. 8	L	
ASTRÓPIA VIP	kl. 6			KNOCKED UP	kl. 8 - 10:30	12	
RATATOUILLE MY-ISL.TAL	kl. 5:30	L		DISTURBIA	kl. 10:10	12	
KRINGLUNNI				SELFOSSI			
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16		MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16	
BRATZ	kl. 5:30 - 8	L		LICENSE TO WED	kl. 8	7	
LICENSE TO WED	kl. 6 - 8	7		BOURNE ULTIMATUM	kl. 10:10	14	
ASTRÓPIA	kl. 6						
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10	14					
TRANSFORMERS	kl. 10:30	DIGITAL	10				



Nýtt í bíó

Stærsti söngleikur

ALLRA TÍMA

HAIRSPRAY

disturbia



Frá Wikispjóni

„THE 40-YEAR-OLD VIRGIN“

EIN ÓVÆNTASTA GRIMMYND ÁRSINS

KNOCKED UP

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

HAIRSPRAY	kl. 5.30, 8 og 10.30	L
KNOCKED UP	kl. 6 og 9	14
DISTURBIA	kl. 5.45 og 10.20	14
THE BOURNE ULTIMATUM	kl. 8	14

www.laugarasbio.is - Miðasala á **midi.is**



NÝTT Í BÍÓ!

16

L

- L.I.B., Topp5.is

EF ÞEIM TEKST EKKI AÐ SLEPPA ÞÁ VERÐA ÞAU FÖRNLÖMB Í "SNUFF" MYND.

KATE BECKINSALE LOREN WILTON

VACANCY

ÓHUGNANLEGASTI SPENNUTRYLLIR ÁRSINS!



HAIRSPRAY

LUXUS



KNOCKED UP

14

- A.F.B. Blaðið



VEDRAMÓT

14

- T.S.K., BLAÐIÐ

- E.E., - DV R.H., - FBL PANAMA.IS



ASTRÓPIA

L



BOURNE ULTIMATUM

14




54.000 manns

L




THE SIMPSONS MOVIE ISL.TAL

12



SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

HAIRSPRAY	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
HAIRSPRAY LUXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
VACANCY	kl. 8 - 10	16
VEDRAMÓT	kl. 5.40 - 8	14
KNOCKED UP	kl. 8 - 10.40	14
BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 4 - 6	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKTAL	kl. 3.45	
THE SIMPSONS MOVIE ISL.TAL	kl. 3.45	
RUSH HOUR	kl. 5.50 - 10.20	12



REGNBIGINN Sími 551 9000

450 kr. í bíó!

SÝNINGARTÍMAR GR/ENA LJOSSINS		
KL. 8	Sicko	
KL. 10.30	Sicko	
VACANCY	kl. 6 - 8 - 10	16
VEDRAMÓT	kl. 5.40 - 8 - 10.20	14
BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 6	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKTAL	kl. 6 - 8 - 10	

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919

HAIRSPRAY	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
VEDRAMÓT	kl. 5.40 - 8 - 10.20	14
BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 6	
ASTRÓPIA	kl. 6 - 8 - 10.10	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10.30	14

HÁSKÓLABÍÓ Sími 462 3500

HAIRSPRAY	kl. 5.50 - 8 - 10.20	
KNOCKED UP	kl. 8 - 10.20	14
BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 5.50	



Á KÁRANHJÚKUM Hljómsveitin Sigur Rós sendir á næstunni frá sér heimildarmyndina Heima sem var m.a. tekin upp á Káranhjúkum.

Mikil nálægð er stressandi

Hljómsveitin Sigur Rós frumsýnir heimildarmynd sína, Heima, hinn 27. september á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni. Freyr Bjarnason ræddi við trommarann Orra Pál Dýrason um gerð myndarinnar.

Heimildarmyndin var tekin upp á tónleikaferð Sigur Rósar um Ísland síðasta sumar, þar sem þeir spiluðu á tíu stöðum á tveimur vikum. Á meðal viðkomustaða voru Ásbeyrgi, Kárahnjúkar, Djúpavík og Klambíratún í Reykjavík, þar sem um þrjátíu þúsund manns horfðu á.

Góð viðbrögð góður bónus Heimla hlaut frábærar viðtökur á forsýningu fyrir blaðamenn sem var haldin á Akureyri. Ritstjóri breska tímaritsins Q sagði myndina eina af fimm bestu tónlistarmyndum sögunnar og eru það ekki slæm meðmæli svona rétt fyrir frumsýningu. „Þegar maður er búinn að vinna að henni svona lengi, og þá sérstaklega síðasta mánuðinn, þá var maður alveg búinn að missa sjónar á því hvort hún væri góð eða slæm. Það er rosalega gott að fá góð viðbrögð. Það er góður bónus því maður var orðinn svolítið stressaður,“ segir Orri Páll Dýrason.

Leiðinlegar tónlistarmyndir Að sögn Orra hafði þá félagi í Sigur Rós alltaf langað að endurtaka leikinn síðan þeir fóru í tónleikaferð um Ísland árið 1999. Ákváðu þeir því að slá tvær flugur í einu höggi með því að halda ókeypis tónleika og gera mynd í leiðinni. „Það er gott að við gerðum það því annars hefði þetta orðið hefðbundin tónlistarmynd, sem við vildum ekki því okkur finnst flestar tónlistarmyndir frekar leiðinlegar. Við höfum verið að byggja upp þetta form á tónleikum í mörg, mörg ár með Amiinu-stelpunum og brassbandinu og sjónræna þættinum. Við vildum skrásetja það á filmu og eftir það gætum við farið að gera eitthvað alveg nýtt.“

Umhverfi í algjörri niðurniðslu Orri segir að eftirminnilegustu tónleikarnir hafi verið í Djúpavík þar sem þeir spiluðu í gamalli verksmiðju fyrir framan þrjú hundruð manns. „Það var alveg frábært því það búa bara fimm þar allt árið,“ segir hann og hlær. „Þarna var bara fólk í sumarfrí sem vissi að eitthvað væri að gerast þarna. Það var fullt af fornbílum þarna inni, svölitið illa förnum, og alls konar gamlar vélar og drasl. Þetta var mjög „industrial“ umhverfi í algjörri niðurniðslu. Það var mikið líf þarna á Djúpavík einu sinni en það hefur örugglega ekkert verið um að vera þarna síðan verksmiðjan hætti.“

Að deyja úr hungri er hollt og gott

Hver segir að ekki sé hægt að dusta rykið af íslenskum leikritum og sýna þau aftur og aftur? Sagan um stóru börnin sem þurfa að fara að minnka til þess að verða fullorðin er í fullu gildi, enda hugmyndin um að hvolfa hefðbundinni tilveru alltaf góð. Það var unun að horfa á litlu peysufatakonuna og gaman að sjá hversu sterk litla mamman var í framgöngu sinni en það er sagan um félagana Guðmund og Finn sem fangar athygli áhorfenda. Þegar vissum gildum er snúið á haus er nauðsynlegt frá fyrstu stundu að komast að samkomulagi við áhorfendur um að svona sé tilveran. Hér var þetta innsiglað vel í byrjun með því að risastór strákur sté upp úr agnarlitlu húsi, eins konar Gúlliver en samt ekkert ógnvekjandi. Leikmynd Finns Arnars Arnarssonar var einföld en bráðsnjöll í smekklegri lýsingu Björns Bergsteins Guðmundssonar.

Dansatriðin voru í höndum Ástrósar Gunnarsdóttur, sem er nú orðin þaulreynd í að samhæfa unga og aldna í ævintýrum á sviði, og var lokadansinn skemmtilegastur.

Mörgum krökkunum þótti það alveg ótrúlegt og botnuðu ekkert í því hvernig aðalpersónan Guðmundur gat staðið öðrum megin á sviðinu, inni í herberginu sínu, og æpt svo út um gluggann hinum

megin. Einkar vel til fundinn áhættuleikur sem féll vel í kram áhorfenda. En hver var hinn eiginlegi markþöpur?

Þegar börn leika fyrir börn eru þau í ákveðnum stellingum. Þegar börn leika fyrir fullorðna eru þau í öðrum stellingum. Þegar fullorðnir og börn sameinast í leik getur samleikurinn oft orðið hárfín jafnvægisganga, það eru agnarlitil atriði sem geta orðið að svo miklu ósamræmi. Börnin léku öll vel, en hugsanlega hefði það gert heildaryfirbragðið betra ef í sumum atriðum hefði verið dregið aðeins úr tali þeirra og þau látn tjá sig fremur með hreyfingum í stað þess að þylja langar setningar sem komust ekki alveg til skila, enda virtust þau ekki skilja alveg sjálf hvað þau voru að segja.

Góí átti salinn. Guðjón Davíð Karlsson kann listina að fetta sig og bretta, snúa upp á sig og detta þannig að ungvíðið tistir og orgar og vill fá meira að sjá og heyra. Nýliðinn Hallgrímur Ólafsson, sem fór með hlutverk gleraugnagámsins Finns sem lét sig hverfa vegna leiðindanna heima fyrir, skilaði einnig hlutverki sínu vel. Einkum voru geiflurnar góðar þegar hann var að verða blindur vegna þess að gleraugun voru svo skítug. Pabbi Finns var trúverðugur leiðindaskarfarur, Magnús Ingi Birkisson hvíldi einstaklega vel í hlutverki sínu. Kristín Þóra Har-



Á KÁRANHJÚKUM Hljómsveitin Sigur Rós sendir á næstunni frá sér heimildarmyndina Heima sem var m.a. tekin upp á Káranhjúkum.

Stressaður á tónleikum Sigur Rós var nýkomin úr fjórtán mánaða tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir plötu sinni Takk þegar hún ákvað að spila hér heima. Orra segist ekkert hafa verið minna stressaður fyrir tónleikana hér heldur en fyrir framan þúsundir manna erlendis. „Ég er alltaf jafnstressaður fyrir tónleika en ætli ég sé ekki aðeins meira stressaður þegar fólk er alveg svona ofan í manni. Þegar ég hef verið að spila fyrir framan 5.000 manns eða fleiri er alltaf einhver fjarlægð því maður sér ekki nein andlit. Hérna heima sá maður svipbrigði fólks og allt. Það var gaman að hafa svona nálægð.“

Ný plata í undirbúningi Eftir að Heima verður frumsýnd í Háskólabíói verður hún sýnd á kvikmyndahátíðum víða um heim í næsta mánuði. Orra og félagar verða þá á faraldsfæti til að kynna myndina en eftir það ætla þeir að halda áfram með næstu plötu sína. Upptökur eru þegar hafnar og vonast þeir til að ljúka verkinu á skemmri tíma en nokkru sinni fyrr, eða í byrjun næsta árs.

Almennar sýningar á Heima hefjast í Háskólabíói 5. október og hefst forsala 25. september. Meðfram myndinni verður gefin út tvöfalda platan Hvarf-Heim sem hefur að geyma áður óútgefið og órafmagnað efni frá Sigur Rós.





Leikfélag Akureyrar sýnir Óvita eftir Guðrúnu Helgadóttur

Leikstjóri: Sigurður Sigurjónsson

Frumssýning 15. september

★★★★

Góð skemmtun fyrir unga og aldna

aldsdóttir lék gelgjusysturina Dagnýju og má segja að hún hafi verið best sniðin að nútímanum hvað hreyfingar og talsmáta varðar, með sterka og góða nærveru án þess að yfirleika.

Búningar Maríu Ólafsdóttur sögðu vel sína sögu inni í sakleysislegum gervum Rögnu Fossberg þar sem bæði langafi og litla peysufatakonan báru náttúrlega af sem svona uppáhaldsmyndir í litlu dúkkuhúsi.



SKUTLAÐU

ÞESSU BLAÐI INN Í NÝTT LÍF



sorpa.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Taktu þátt

Skilaðu blaðinu að lestri loknum
til endurvinnslu í gám merktan dagblöð



> Willum næstur í skammarkrókinn?

Pórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hefur verið duglegur að klaga þjálfara Landsbankadeildarinnar til aganefndar KSÍ í sumar vegna ummæla sem tengjast dómurum deildarinnar. Nú velta menn fyrir sér hvort röðin sé komin að Willum Þór Þórssyni, þjálfara Vals, sem sagði Guðjón Þórðarson, þjálfara ÍA, hafa tekið Kristin Jakobsson dómara úr sambandi í leik Vals og ÍA. Eftir það hafi allir vafadómar fallið ÍA í skaut. Sjálfur gaf Guðjón lítið fyrir þessi ummæli Willums og sagði hann einan hafa farið á taugum í leiknum.

sport
sport@frettabla-



LEIKMAÐUR 1. UMFERÐAR N1-DEILDARINNAR: HALLDÓR INGÓLFSSON, HAUKUM

Neistinn kviknaði aftur síðasta vetur

Lengi lifir í gömlum glæðum. Þessi orð eiga svo sannarlega við í tilviki Halldórs Ingólfssonar sem fór á kostum í sigri Hauka á Íslandsmeisturum Vals í 1. umferð N1-deildarinnar. Halldór, sem orðinn er 38 ára gamall, fór illa með unga leikmenn Vals, skoraði fimm mörk og var síógnandi.

„Ég er í ágætis formi og hitti á góðan leik. Það var ekki verra að það gerðist gegn meisturunum,“ sagði Halldór en hann þjálfaði norska liðið Stavanger í fyrra og lék reyndar með því líka þó svo hann hafi verið búinn að leggja skóna á hilluna. Meiðsl-avandræði liðsins voru

slík að Halldór neyddist til að byrja að spila á ný. „Ég hafði svona svakalega gaman af því að spila aftur og sá því ekkert til fyrirstöðu að halda áfram á meðan ég er að mestu laus við meiðsli. Það er erfitt að hætta aftur. Neistinn kviknaði á ný í fyrra. Hugurinn vill reyndar oft gera meira en líkaminn ræður við,“ sagði Halldór léttur en hann verður 39 ára í lok ársins og hefur tvisvar reynt að hætta áður. „Ætli þetta sé ekki síðasta tímabilið mitt. Annars á maður ekki að segja of mikið enda sagt þetta áður,“ sagði Halldór kíminn en hann stefnir á að þjálfar þegar skórnir fara loksins á hilluna.



TÖLURNAR TALA

Markahæstir í umferðinni:

1. Andri B. Haraldsson, Fram (9/1)
1. Arnar Þór Sæþórsson, HK (9/7)
3. Augusta Strazdas, HK (7)
3. Goran Gusic, Akureyri (7/2)
3. Zilvinas Grieze, ÍBV (7)

Flest varin skot í umferðinni:

1. Roland Eradze, Stjarnan (19/1)
2. Sveinbjörn Pétursson, Akureyri (18)
3. Egidijus Petkevicius, HK (15/1)

Grófasta liðið: Fram og Stjarnan, 10 mínútur utan vallar.

Prúðasta liðið: Afturelding og Akureyri, utan vallar í 4 mínútur.

Besta sóknarliðið: Fram, 32 mörk.

Besta varnarliðið: Haukar, 20 mörk

Hraðasta liðið: Fram, 10 hraðaupph.

Peter Kenyon:

Mourinho verður ekki rekinn

FÓTBOLTI Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea, blæs á sögusagnir þess efnis að dagar



JOSÉ MOURINHO

José Mourinho, þjálfara Chelsea, séu svo gott sem taldir. „Það fara alltaf af stað sögusagnir um að Mourinho verði rekinn um leið og við töpum leik. Væntingar eru vissulega miklar og eigandinn, Roman Abramovich, vill gera Chelsea að stórveldi í Evrópu og það er ekki spurning hvort heldur hvenær við vinnum Meistaradeidina og við sjáum Mourinho fyrir okkur sem lykilinn að þessum áætlunum.“

- óþ

Fyrstu umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld – Manchester og Arsenal eiga erfiða leiki:

Ronaldo og Nani á kunnuglegum slóðum

FÓTBOLTI Fyrstu umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld og að vanda eru skemmtilegir leikir í boði. Helst ber að nefna að Manchester United ferðast til Portúgal og tekur á móti Sporting, Arsenal mætir Sevilla á heimavelli og Barcelona fær Lyon í heimsókn.

Leikur Manchester United og Sporting er fyrir margar sakir eftirtektarverður. Lið Sporting hefur átt góðu gengi að fagna gegn ensk-

LEIKIR KVÖLDSINS:

Rangers-Stuttgart	
Barcelona-Lyon	
Roma-Dynamo Kyiv	
Sporting-Man. Utd.	SÝN
PSV-CSKA Moskva	
Fenerbach-Inter	
Arsenal-Sevilla	SÝN EXTRA
Slavia Prag-Steaua	

um liðum á heimavelli sínum og er þar taplaust í fimm leikjum, en Manchester United, sem stefnir væntanlega á að landa sínum hundraðasta sigri í Evrópukeppni meistaraliða, hefur unnið þrjá, gert eitt jafntefli og tapað fjórum sinnum gegn andstæðingum sínum í Portúgal. Meðal liðsmanna United eru tveir fyrrum leikmenn Sporting, þeir Cristiano Ronaldo og Nani, sem og reyndar fyrrum þjálfari Sporting, Carlos Queiroz, sem nú er aðstoðarþjálfari United. United verður án Owen Hargreaves, Gary Neville, John O'Shea, Darren Fletcher, Park Ji-Sung, Ben Foster og Mikael Silvestre, sem eru meiddir, en Wayne Rooney verður með að nýju eftir að hafa meiðst í fyrsta deildarleik United í ár.

Nýliða í Meistaradeildinni, Sevilla, bíður erfitt verkefni þegar

liðið mætir Arsenal á Emirates-leikvanginum, en Arsenal er enn sem komið er taplaust þar í Meistaradeildinni. Arsenal leikur án William Gallas, Emmanuel Eboue og Jens Lehmann, sem eru meiddir.

Barcelona og Lyon setja markið hátt í ár og vilja eflaust gleyma síðasta tímabili í Meistaradeildinni, þar sem bæði lið voru slegin út í 16-liða úrslitum, eftir gott gengi liðanna í riðlakeppninni. Barcelona hefur verið sigursælt á heimavelli í Meistaradeildinni og aðeins tapað einum af síðustu fjórtán leikjum sínum þar. Meðal liðsmanna Barcelona eru tveir fyrrum leikmenn Lyon, þeir Eric Abidal og Edmílson.

- óþ
KOMINN HEIM Ronaldo kemur aftur á gamla heimavöllinn sinn í kvöld. Hann sést hér spila með Sporting gegn Man. Utd.

NORDIC PHOTOS/AFP



FLOTTUR ALLT ÁRIÐ!



Dómur í lyfjamáli:
Dansari féll
á lyfjaprófi

DANS Dómstóll ÍSÍ dæmdi á föstudag hinn 18 ára gamla dansara, Jón Eypór Gottskálks-son, í sex mánaða keppnisbann en Jón Eypór féll á lyfjaprófi sem var tekið á landsmóti UMFÍ í sumar. Honum er jafnframt óheimilt að gegna trúnaðarstörf-um fyrir ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félög og deildir innan þeirra til 31. janúar 2008.

Jón Eypór ku vera fyrsti dansarinn sem fellur á lyfjaprófi á Íslandi eftir því sem Fréttablaðið kemst næst.

Jón Eypór kom hreint fram í málinu og játaði að hafa reykt kannabis í fyrsta og eina skiptið kvöldið fyrir keppni á Landsmóti-
inu. Hann kom af hreinskilni fram við félag sitt, sem er dansfélagið Hvönn, og játaði að loknu prófinu að möguleiki væri á því að hann félli á því sökum kannabisreykinganna.

- hbg

HM kvenna í fótbolta:
Þær sænsku
sátu eftir

FÓTBOLTI Sænska kvennalandsliðið komst ekki í átta liða úrslitin á HM í Kína þrátt fyrir 2-1 sigur á Norður-Kóreu í lokaleik sínum í riðlinum. Þetta eru mikil vonbrigði fyrir sænska liðið sem komst í úrslitaleikinn á síðasta HM sem fram fór 2003.

Bandaríkin unnu riðilinn eftir 1-0 sigur á Nígeríu sem rak lestina. Með þessu er ljóst að Þýskaland mætir Norður-Kóreu og Bandaríkin spila við England í átta liða úrslitunum.

- 66j

Petta er búið að vera rosalegt ár

Eggert Magnússon hefur minnkað við sig hjá West Ham og kemur ekki lengur að daglegum rekstri. Hann verður áfram stjórnarformaður og er farinn á fullt að skipuleggja byggingu á nýjum og stórum heimavelli.

FÓTBOLTI Eggert Magnússon hætti í gær sem forstjóri hjá West Ham, starfi sem hann lenti á kafi í án þess að hafa ætlað sér það í byrjun. Álagið hefur verið mikið á Eggert síðasta árið en nú hefur hann fundið sér mann til að sjá um daglegan rekstur West Ham og einbeittir sér nú í staðinn að fót-boltahliðinni hjá félaginu.

„Ég verða áfram stjórnarfor-
maður og verð á fullu í kringum félagið þó að ég sé ekki í daglegri stjórn á klúbbum. Það fer yfir á nýja forstjóran en auðvitað verð ég áfram formaður stjórnar og verð í því hlutverki sem stjórnar-
formenn eru yfir höfuð hér í Eng-
landi,“ segir Eggert sem er sattur við þessar breytingar.

„Ég er mjög ánægður. Ég hef ekki getað andað og komst loksins í vikufrí á dögnum. Ég ætlaði mér aldrei að vera í starfi 24 tíma og sjö daga vikunnar. Þetta er búið að vera rosalegt ár. Þó að ég sé á besta aldri og í betra líkamlegu formi en flestir þá verður maður aðeins að hugsa líka um lífið og til-
veruna. Minn maður er mjög góður, hann er búinn að starfa með mér í eitt ár og ég veit alveg hvar hann stendur,“ segir Eggert.

Eggert segir það ekki hafa verið ætlunina að taka svo mikla vinnu á sig þegar hann kom inn í West Ham.

„Þegar ég kom inn í West Ham þá ætlaði ég mér aldrei að verða formaður og forstjóri en viku eftir að ég kom inn í félagið þá þurfti ég að láta þann mann fara sem var stjórnarformaður því hann var of tengdur þeim sem voru að keppa við okkur að yfirtaka félagið. Ég labbaði beint inn í það hlutverk en

fékk með mér mann að nafni Scott Duxbury sem varð aðstoðarstjórn-
arformaður. Hann er núna að taka við. Það var allt upp í loft á síðasta ári af ýmsum ástæðum og það hefur ekki verið hægt að gera þetta fyrr en núna. Við erum í sjötta sæti, öll Tevez-mál eru búin og ég held að klúbburinn sé í betra ástandi núna en hann hefur verið um árabil,“ segir Eggert en West Ham hefur unnið tvo síðustu leiki sína 3-0 gegn Reading og Middles-
brough og er taplaust frá því að liðið lá fyrir Manchester City í fyrsta leiknum. Eggert horfir bjartsýnn fram á veginn.

„Við vorum í viðræðum um Ólympíuleikvanginn sem gengu ekki upp en borgarstjórinn í Lond-
on lofaði okkur í staðinn landi til kaups sem myndi henta okkur vel. Það land er núna klárt og nú erum við að fara að horfa til þess að byggja nýjan og stóran völl og byggja upp íbúðabyggð í kringum hann. Ef það gengur upp þá förum við að byggja upp svæðið sem völlurinn er á núna. Það er heilmik-
ið í kortunum hjá West Ham og spennandi tímar fram undan,“ segir Eggert Magnússon en nú er búist við að Björgólfur Guðmunds-
son, eigandi West Ham, fari meira að skipta sér að rekstri félagsins með beinum hætti.

ooj@frettabladid.is

TÍMI TIL BREYTINGA Eggert Magnússon hefur minnkað við sig hjá West Ham en verður samt áfram í sviðsljósinu á Upton Park.

NORDICPHOTOS/GETTY



LEGACY

 SUBARU



Subaru eigendur vita að veturnir geta oft verið harðir hér á landi. Það er því mikilvægt að vera með drif á öllum þegar keyrt er í hálkunn.

Boxer vélin liggur lárétt í vélarrýminu svo þyngdarpunktur bílsins er mjög lágur sem gerir hann miklu stöðugri í öllum akstri. AWD sídrífið tryggir að aflið dreifist jafnt og örugglega til hjólanna.

Þeir sem kaupa sér Subaru einu sinni halda áfram að kaupa Subaru. Þeir vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar.

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru

hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Subaru Legacy eru klárlega bestu kaupin í dag. Þú finnur varla bíl með þessa eiginleika í þessum verðflokki.

Það ætti því enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru Legacy. Spurðu bara Subaru eigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir.

Svo er hann ekki bara flottur á veturna, heldur allt árið!

SYMMETRICAL

AWD

Sjálfskiptur Sedan **2.680.000,-**

Sjálfskiptur Wagon **2.830.000,-**

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525-8000	Opíð: Mán. 10 - 18, þri.-fös. 9 - 18, lau. 12 - 16.	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990

ÚRSLITIN Í GÆR		
Meistaradeildin 1. umferð:		
A-RÍÐILL		
Marseille-Besiktas	2-0	
1-0 Julien Rodríguez (76.), 2-0 Djibril Cisse (90.).		
Porto-Liverpool	1-1	
1-0 Lucho González, víti (8.), 1-1 Dirk Kuyt (17.).		
B-RÍÐILL		
Chelsea-Rosenborg	1-1	
0-1 Miika Koppinen (24.), 1-1 Andreiy Shevchenko (53.).		
Schalke-Valencia	0-1	
0-1 Villa (63.).		
C-RÍÐILL		
Real Madrid-Bremen	2-1	
1-0 Raul (16.), 1-1 Boubacar Sanogo (17.), 2-1 Ruud van Nistelrooy (74.).		
Olympiakos-Lazio	1-1	
1-0 Luciano Galletti (55.), 1-1 Luciano Zauri (77.).		
D-RÍÐILL		
Shakhtar-Celtic	2-0	
1-0 Brandao (6.), 2-0 Cristiano Lucarelli (8.).		
AC Milan-Benfica	2-1	
1-0 Andrea Pirlo (9.), 2-0 Filippo Inzaghi (24.), 2-1 Nuno Gomes (90.).		

Sænska b-deildin:	
Örgryte-Öster	0-0
Helgi Valur Danielsson lék allan leikinn með Öster.	

Reykjavíkurmót í körfu:	
ÚRSLITALEIKUR KARLA	
KR-ÍR	89-73
Stig KR: Joshua Helm 24 (8 fráköst), Jovan Zdravovski 20 (hitti úr 9 af 16 skotum), Fannar Ólafsson 16, Darri Hilmarsson 9, Brynjar Þór Björnsson 9, Helgi Már Magnússon 8 (9 fráköst, 5 stoðsendingar, 4 stólnir), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 2, Ellert Arnarson 1 (6 stoðsendingar).	
Stig ÍR: Sonny Troutman 25, Sveinbjörn Claessen 17 (4 stólnir), Ómar Sævarsson 12 (14 fráköst, 4 varin), Ólafur Sigurðsson 5, Ásgeir Hlöðversson 4, Þorsteinn Húnfjörð 3, Eiríkur Örnundarson 2.	



REYNDUR Ballotta man tímana tvenna í boltanum. NORDICPHOTOS/GETTY

Marco Ballotta hjá Lazio:
Er enn að spila
43 ára gamall

FÓTBOLTI Marco Ballotta, markvörður Lazio, varð í gær elsti leikmaður til þess að taka þátt í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu, þá 43 ára og 168 daga gamall og stórbætti þar með met Alessandro Costacurta. „Þegar ég ver vel segja menn að það sé út af reynslu minni, en ef ég geri mistök er talað um hversu gamall ég sé, en ég æfi alltaf af krafti og sé til hversu langt það skilar mér,“ sagði Ballotta, sem sló met Dino Zoff í fyrra, sem elsti leikmaður sem spilað hefur í efstu deild á Ítalíu. - óþ



VONGÓÐUR Moratti ætlar Inter stóra hluti. NORDICPHOTOS/GETTY

Moratti, forseti Inter:
Ætlum í úrslit

FÓTBOLTI Massimo Moratti, forseti Inter, sér ekki af hverju Inter ættu ekki að geta spilað til úrslita í Meistaradeildinni. „Við erum komin með það sterkan hóp að ég sé ekki af hverju við eigum ekki að geta spilað til úrslita í Meistaradeildinni á þessu tímabili og við setjum takmarkið á það.“ Inter hefur á síðustu árum þurft að horfa upp á nágranna sína í AC Milan njóta meiri velgengni í Meistaradeildinni. - óþ

KR vann 16 stiga sigur á ÍR í úrslitaleik Reykjavíkurmóts karla í körfubolta í gærkvöldi:

Fyrsti titill KR-inga á nýja parketinu

KÖRFUBOLTI KR er Reykjavíkurmestari í körfubolta eftir 89-73 sigur á ÍR á nýja parketinu í DHL-Höllinni í gærkvöldi. KR-ingar unnu nokkuð öruggan sigur en komu sér í vandræði þegar þeir hleyptu Breiðhýltingum inn í leikinn í byrjun fjórða leikhluta. ÍR-ingar voru frískari framan af en frábær annar leikhluti færði Vesturbæingum 15 stiga forskot, 47-32, í hálfleik. KR-ingar komust mest 19 stigum yfir í þriðja leikhlutanum en ÍR-ingar voru ekkert á því að gefast upp. Sveinbjörn Claessen dreif sína menn áfram og á aðeins sjö mínútna kafla voru þeir búnir að koma muninum niður í fjögur stig, 69-

65, og leikurinn var orðinn spennandi. Sveinbjörn skoraði 10 stig á þessum kafla og KR-ingar urðu að taka leikhlé til að laga sinn leik. Það tókst vel því KR-ingar skoruðu sex fyrstu stigin eftir leikhléið og komu muninum aftur upp í 16 stig fyrir leikslok. Joshua Helm (24 stig og 8 fráköst) og Fannar Ólafsson (16 stig og 6 fráköst) voru sterkir inn í teig hjá KR, Jovan Zdravovski skoraði 20 stig á 22 mínútum og þá sýndi Ellert Arnarson skemmtilega takta og átti meðal annars sex stoðsendingar. Hjá ÍR var Ómar Sævarsson bestur með 12 stig og 14 fráköst, Sveinbjörn átti frábæran enda-



kafla og þá skoraði Sonny Troutman 25 stig en var lengstum í sínum eigin heimi. - óþ

STERKUR Fannar Ólafsson átti góðan leik og tók síðan við bikarnum í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Rosenborg náði jafntefli á Brúnni

Átta leikir fóru fram í fyrstu umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í gær. Ensku liðin Chelsea og Liverpool náðu bara jafntefli en AC Milan og Real Madrid hófu riðlakeppnina á góðum sigrum.

FÓTBOLTI Ensku liðin Chelsea og Liverpool lentu í basli í fyrstu umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í gær og gerðu bæði jafntefli, en núverandi meistarar AC Milan og svo Real Madrid unnu hvort um sig góða sigra. Chelsea urðu að sætta sig við svekkjandi 1-1 jafntefli á heimavelli sínum gegn Rosenborg, en Chelsea sóttu án afláts í leiknum. Chelsea lentu óvænt undir um miðjan fyrri hálfleik, þegar Miika Koppinen skoraði fyrir Norðmennina, en Andriy Shevchenko náði að bjarga Chelsea frá vandræðalegu tapi með jöfnunarmarki í byrjun seinni hálfleiks. Mourinho, stjóri Chelsea, var ósáttur með leik sinna manna, en hrósaði Rosenborg. „Við vorum klaufar að nýta ekki færi okkar í leiknum, en Rosenborg vörðust vel og ég get ekki annað en hrósað þeim fyrir sinn leik.“ Liverpool og Porto gerðu 1-1 jafntefli í kaflaskiptum leik í Portúgal. Liverpool lentu snemma undir í leiknum, þegar Lucho González skoraði úr vítaspurnu fyrir Porto, en Dirk Kuyt jafnaði stuttu síðar fyrir Liverpool og leikurinn var í járnum í fyrri hálfleik. Í síðari hálfleik dró til tíðinda þegar Jermaine Pennant, leikmaður Liverpool, fékk að líta rautt spjald á 58. mínútu eftir vafasama tæklingu, en tíu leikmenn Liverpool náðu þó að halda jafnteflinu og máttu vel við una í leikslok.



MARK Miika Koppinen kom Rosenborg yfir gegn Chelsea á Stamford Bridge í gær. Hér sést hann skora markið. NORDICPHOTOS/GETTY



RAUTT SPJALD Jermaine Pennant sá rautt gegn Porto. NORDICPHOTOS/GETTY

Rafa Benitez, stjóri Liverpool, var stoltur af sínum mönnum, að Pennant undanskildum. „Hann lærir vonandi af þessu, en ég er stoltur af þeim tíu leikmönnum Liverpool sem eftir voru á vellinum. Auðvitað viljum við vinna alla leiki, en jafntefli eru góð úrslit fyrir okkur úr þessum leik.“ AC Milan átti ekki í erfiðleikum með Benfica á heimavelli sínum þrátt fyrir nauman 2-1 sigur. Andrea Pirlo skoraði beint úr auka-

spurnu snemma leiks og Filippo Inzaghi bætti öðru marki við um miðjan fyrri hálfleik, en Nuno Gomez náði að minnka muninn fyrir Benfica í uppbótartíma. Real Madrid vann góðan sigur á Werder Bremen, 2-1, í hörkuleik. Liðin skoruðu með mínútu milli-bili snemma í fyrri hálfleik, fyrst Raúl González fyrir Madrid með skalla, eftir sendingu frá Ruud Van Nistelrooy og svo Boubacar Sanogo fyrir Werder Bremen. Um miðjan síðari hálfleik skiptu Raúl og Nistelrooy um hlutverk, þegar Raúl lagði upp sigurmarkið á Nistelrooy. - óþ



RAÚL Skoraði eitt og lagði upp eitt í sigri Real Madrid á Werder Bremen. NORDICPHOTOS/GETTY

Allan Dyring segir að þjálfari FH hafi orðið mjög reiður yfir viðtali sem hann gaf Fréttablaðinu á dögnum:

Segir Ólaf Jóhannesson þjálfara hafa rekið sig í kjölfar viðtals við Fréttablaðið

FÓTBOLTI Frá því var greint á mánu-daginn að FH hefði náð samkomu-lagi við danska framherjann Allan Dyring um starfslok hjá félaginu sem kom nokkuð á óvart í ljósi þess að samningur Danans við FH átti að renna út í lok tímabilsins. Allan segir ástæðuna vera einfalda – Ólafur Jóhannesson þjálfari hafi viljað hann burt frá félaginu eftir að Allan gagnrýndi Ólaf í viðtali við Fréttablaðið á dögnum. „Óli var mjög reiður yfir því sem ég sagði við Fréttablaðið. Það truflar mig samt ekki neitt því ég hef ekkert að fela. Ég talaði reyndar aldrei við Óla eftir að viðtalið var birt en hann talaði við stjórnina og bað hana um að finna lausn á málinu svo ég þyrfti ekki að mæta aftur á æfingu hjá honum. Viðtalið gaf Ólafi góða afsökun til þess að losa sig við mig,“ sagði Allan við Fréttablaðið í gær en hann þurfti ekki að mæta aftur á æfingu hjá félaginu eftir að viðtalið birtist. Í viðtalinu gagnrýndi Allan þjálfarann fyrir að neita að ræða



SAMSTARFID Á ENDA Allan Dyring er farinn frá FH. Hann segist skilja sáttur við félagið og stjórnina en ber þjálfara FH, Ólafi Jóhannessyni, ekki vel söguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI OG GLÓRÍA



við sig og sagði hann einnig vera furðulegan. Hann stendur við þá gagnrýni. „Ég skil sáttur við félagið og stjórnina sem ég átti alltaf

góð samskipti við en stjórnin varð að sjálfsögðu að styðja þjálfarann. Ég skil það vel,“ sagði Allan, en fær hann góðan starfslokasamn-

ing? „Já, að sjálfsögðu. Annars hefði ég aldrei samþykkt hann.“ Ævintýrið með Allan Dyring hefur klárlega kostað FH skildinginn enda Allan atvinnumaður sem gerir ekkert annað en að spila fótbolta. Slíkir menn hafa ekki undir hálfri milljón króna í mánaðarlaun. Tveggja ára samningur FH við Allan hefur því kostað félagið að lágmarki 12 milljónir króna. Allan hefur aðeins leikið 43 mínútur í sumar og því má gefa sér að hver spiluð mínúta leikmannsins í sumar hafi kostað félagið um 140 þúsund krónur. Ólafur Jóhannesson gefur lítið fyrir yfirlýsingar Dyrings sem hann segir ósannar. „Hann verður að eiga þessi orð við sjálfan sig. Staðreyndin er sú að hann óskaði sjálfur eftir því að verða leystur undan samningi við FH,“ sagði Ólafur en hvað fannst honum um gagnrýni Dyrings á sig? „Okkar samstarf hefur verið eins og við alla aðra leikmenn – gott. Ég talaði við hann eins og alla aðra leikmenn. Ég gef lítið fyrir þessa gagnrýni.“ henry@frettabladi.is



EINN AF FJÓRUM Donald Brown hefur þrjá aðra erlenda leikmenn með sér á Króknum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Iceland Express-deild karla: Fjórir erlendir á Króknum

KÖRFUBOLTI Tindastóll hefur samið við fjórða erlenda leikmanninn fyrir baráttuna í Iceland Express-deildinni í körfubolta í vetur en sá er Serge Poppe sem er 201 cm framherji sem hefur belgískt ríkisfang.

Poppe var til reynslu hjá Tindastól í síðustu viku en hann spilaði síðast með Tusculum skólanum og var með rúm 11 stig að meðaltali í leik og 5 fráköst. Fyrir hjá Tindastólslíðinu voru Donald Brown, 23 ára og 196 cm framherji frá Bandaríkjunum, Igor Trajkovski 27 ára og 180 cm bakvörður frá Makedóníu og loks Marcin Konarzewski, 25 ára og 203 cm miðherji sem er Kanada-búi með pólskt vegabréf.

- óó



RÓLEGUR Wenger rólegur yfir breytingum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Arsene Wenger, stjóri Arsenal: Hugsa bara um úrslit leikjanna

FÓTBOLTI Arsene Wenger, þjálfari Arsenal, sem er nýbúinn að lengja samning sinn við liðið, lét sér fátt um finnst þegar hann var inntur eftir breytingum á stöðu hluthafa innan félagsins.

„Ég ber ábyrgð á úrslitum Arsenal, en allt annað kemur mér ekkert við.“

Rússneski auðjöfurinn Alisher Usmanov var að auka hlut sinn í Arsenal og er orðinn annar stærsti hluthafinn í félaginu.

- óþ

Juande Ramos, stjóri Sevilla: England spennandi kostur

FÓTBOLTI Juande Ramos, stjóri Sevilla, vill ekki útiloka þann möguleika að þjálfari lið í ensku úrvalsdeildinni í framtíðinni, en hann var orðaður við þjálfara-stöðuna hjá Tottenham á dögnum.

„Í dag er ég þjálfari Sevilla, en í framtíðinni er allt mögulegt. England er vissulega spennandi kostur og krefjandi áskorun fyrir mig sem þjálfara, en ég vil ekki gefa upp neina dagsetningu á þessum plönum, því hlutirnir gerast oft hratt og óvænt í fótboltaheiminum.“

- óþ

Paul Westhead gerði Phoenix Mercury að meisturum í kvennakörfuboltanum í Bandaríkjunum:

Hefur þjálfað NBA- og WNBA-meistara

KÖRFUBOLTI Phoenix Mercury tryggði sér sinn fyrsta WNBA-titil með því að vinna oddaleikinn gegn meisturunum Detroit Shock. Phoenix lenti tvisvar undir í einvíginu en vann úrslitaleikinn af miklu öryggi, 108-92, eftir að hafa byrjað leikinn mjög vel.

Lið Mercury hefur vakið mikla athygli fyrir hraðan og villtan leik enda er liðið þjálfað af Paul Westhead sem leggur upp með að taka eins mörg skot og mögulegt er. Westhead varð þarna fyrsti þjálfarinn til að vinna titil í bæði NBA og WNBA en hann gerði Los Angeles Lakers að NBA-meisturum fyrir 27 árum síðan.

Það var einmitt þegar Magic Johnson vann titilinn á sínu fyrsta ári í deildinni. Besti leikmaður WNBA-úrslitanna í ár, Cappie Pondexter, er ekki búin að vera lengi í deildinni en þetta er hennar annað ár. Pondexter var með 26 stig og 10 stoðsendingar í lokal-eiknum en hún er ásamt þeim Penny Taylor og Diönu Taurasi í algjöri lykilhlutverki í hinum hraða leik Mercury. Þær voru saman með 73 stig, 18 stoðsendingar og 13 fráköst í síðasta leiknum.

Paul Westhead játaði það að það væri erfitt að velja besta leikmanninn í sínu liði og nefndi sjálf-



MEISTARAPJÁLFARI Paul Westhead leggur áherslu á hraðan og skemmtilegan körfubolta.

NORDICPHOTOS/GETTY

ur Kelly Miller. Miller kom einmitt til Íslands síðasta vetur með franska liðinu Montpellier sem mætti þá Haukum í Evrópukeppni. „Það er mjög erfitt að velja okkar besta leikmann. Ef þú myndir spyrja liðið mitt þá væri Kelly Miller valin mikilvægust. Hún er mótörinn í liðinu, keyrir upp hraðann og leyfir ekki liðinu að hægja á sínum leik,“ sagði Westhead sem kvartaði yfir því að fyrir 27 árum reyndi enginn leikmaður að sprauta yfir hann kampavíni en nú var það liggur við það eina sem var á dagskránni á sigurhátíðinni í leikslök.

- óó



VoltarenEmulgel®

Diklófenak tvíetýlamin 11,6 mg

Njótum þess að hreyfa okkur!

Voltaren Emugel dregur úr verkjum og minnkar staðbundnarbólgur í sínum, vöðvum og liðum



Voltaren Emugel® er notað sem stað-bundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávisunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. A meðgöngu skal ávallt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjúlundi 17, 210 Garðabæ.

Fæst án lyfseðils

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

www.lyfja.is



- Lífið heil

> JOHN C. MCGINLEY

John C. McGinley fæddist í New York 3. ágúst 1959. Ferill hans hófst þegar kvikmyndaleikstjórinn heimsfrægi Oliver Stone kom auga á hann þegar hann var enn í leiklistarskóla í New York. Hinn rauðhærði McGinley fékk hlutverk í myndinni Platoon sem kom út 1986 og síðan þá hefur hann leikið í flestum myndum Stone. Á meðal þeirra eru Wall Street, Born on the Fourth of July og Nixon.

McGinley fer með hlutverk hins kaldhæðna læknis dr. Perry Cox í gamanþættinum vinsæla, Scrubs, sem er á dagskrá Ríkissjónvarpsins í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ

FREYR BJARNASON KVEÐUR STÓRU HÖKUNA, JAY LENO

Áreynslulaust og innihaldslítið

Nú stýttist í að viðkunnanlegi grínistinn með stóru hökuna, Jay Leno, yfirgefi Skjá einn. Hugsanlega verður það fyrir fullt og allt og eru þessi tíðindi aðdáendum hans væntanlega ansi þungbær.

Þótt Leno sé með hressari mönnum hefur hann verið gagnrýndur í gegnum tíðina fyrir að taka létt á viðmælendum sínum og spyrja þá einum of þægilegra spurninga um lífið og tilveruna. Þykir andstæðingur hans, David Letterman, hafa vinninginn þegar kemur að innihaldsríkum samtölum og er ég því hjartanlega sammála. Leno hefur það þó fram yfir Letterman að brandarar hans í byrjun hvers þáttar eru töluvert fyndnari auk þess sem hljómsveitarstjórinn og pipar-sveinninn Kevin Eubands er mun skemmtilegri en hinn ofurhressi Paul Shaffer.



JAY LENO Grínistinn Jay Leno yfirgefur Skjá einn á næstunni.

áhorfanda, sem vill oftast ekki fá hlutina matreidda ofan í sig áreynslulaust, a la Jay Leno.

EKKI MISSA AF



► **21.00** Mæðst í mörgu SJÓNVARPIÐ



► **22.00** Oprah STÖÐ 2



► **22.00** The Forgotten STÖÐ 2 BÍÓ



► **21.15** E-Ring SÍRKUS



► **21.00** Blow Out III SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Fjölskylda mín (1:7) e.

18.00 Disneystundin

18.01 Herkúles (29:56)

18.23 Sígildar teiknimyndir

18.30 Finni kostur (1:21)

18.54 Víkingalottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.15 Bráðavaktin (10:23)

► **21.00** Mæðst í mörgu (5:6) Bresk gamanþáttaröð sem gerist meðal stjórnmálamanna í Westminster og segir frá sköndnum samskiptum ráðherra, pólitískra ráðgjafa hans og fjölmiðlamanna.

21.35 Nýgræðingar

22.00 Tíufréttir

22.20 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

23.00 Mótorsport Þáttur um íslenskar aksturslífréttir. Umsjónarmaður er Birgir Þór Bragason.

23.25 Rebus bak við tjöldin Þáttur um gerð myndanna um Rebus lögreglufulltrúa í Edinborg. Skyggst er bak við tjöldin og rætt við helstu leikara og Ian Rankin, höfund sagnanna sem myndirnar eru gerðar eftir.

00.00 Kastljós

00.40 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Everbody's Doing It

08.00 Ice Princess

10.00 Breakin' All the Rules

12.00 Dear Frankie

14.00 Ice Princess

16.00 Breakin' All the Rules

18.00 Dear Frankie

20.00 Everbody's Doing It

► **22.00** The Forgotten Hrollvekjandi spennumynd. Kona fær þær upplýsingar skömmu eftir að andlát sonar síns að hann hafi aldrei verið til.

00.00 The Aviator

02.45 Children of the Corn 6

04.05 The Forgotten



07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.10 Oprah

08.55 Í finu formi 2005

09.10 The Bold and the Beautiful

09.30 Wings of Love (23.120)

10.15 Sisters (10.24)

11.00 Whose Line Is It Anyway

11.25 Örlagadagurinn (8.14)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Það var lagið (e)

14.20 Extreme Makeover. Home Edition (14.32)

15.55 Barnatími Stöðvar 2

17.30 The Bold and the Beautiful

17.55 Nágrannar

18.20 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

19.25 The Simpsons (17.22) (e)

19.50 Friends (2.23)

20.15 Tískulöggurnar NÝTT (2.6) Trinny og Susannah eru tískulöggur með meiru en nú ætla þær að ferðast um Bretland og ráðleggja fólki um tísku og allt sem henni fylgir. 2006.

21.05 Big Love (4.12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonur hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og 7 börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem krefst mikillar vinnu. Það er ekki von að maðurinn sé þreyttur en hann er þó ekki á því að gefast upp. (4.12) Dularfullt hvarf íbúa í kommúnunni vekur upp erfiðar spurningar og átök virðast vera í vændum. 2006.

► **22.00** Oprah (Addiction. Why Can't They Stop?) Hvað fær fíkilinn til að fórna öllu fyrir næsta skammt? Oprah ræðir við fíkla og sérfræðinga um baráttuna við fíkinna.

22.45 Ghost Whisperer (30.44)

23.30 Stelpurnar (4.10)

23.55 Kompás NÝTT

00.30 Bones (17.21)

01.15 Life on Mars

02.10 Welcome to Mooseport

04.00 The Closer (6.13)

04.45 Murder in Suburbia (3.6)

05.30 The Simpsons (17.22) (e)

05.55 Fréttir og Ísland í dag

06.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SYN besta sætið

07.00 Meistaradeildin með Guðna Berg

07.40 Meistaradeildin með Guðna Berg

08.20 Meistaradeildin með Guðna Berg

09.00 Meistaradeildin með Guðna Berg

14.55 Meistaradeild Evrópu - endurs (Meistaradeildin - (E))

16.35 Meistaradeildin með Guðna Berg

17.15 Spænsku mörkin 2007-2008

18.00 Meistaradeildin - með Guðna Bergs 07/08

18.30 Meistaradeild Evrópu 07/08 (Sporting - Man. Utd.) Bein útsending.

20.40 Meistaradeildin með Guðna

21.20 Meistaradeild Evrópu 07/08 (Arsenal - Sevilla)

23.10 Meistaradeild Evrópu 07/08 (Barcelona - Lyon)

01.00 Meistaradeildin með Guðna Berg

SYN2

18.30 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

19.00 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

19.30 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

20.30 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tveikið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.

21.55 Leikur vikunar

23.35 Portsmouth - Liverpool

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

16.15 Vörutorg

17.15 Charmed (e)

18.15 Dr. Phil

19.00 Thick & Thin (e)

19.30 Family Guy (e)

20.00 Giada's Everyday Italian Skemmtileg matreiðsluþáttaröð þar sem þokkadís Giada De Laurentiis matreiðir fljótlega, heilsusamlega og gómsæta rétti að hætti Ítala. Að þessu sinni matreiðir Giada rómantíska máltíð. Ravioli með spinati og sveppum, unaðslegar ostrur og jarðarberja trufflur.

20.30 Andy Barker, P.I. (4.6) Bráðfyndin gamanseria með háðfuglinum Andy Richter í aðalhlutverki. Endurskoðandi flytur inn á skrifstofu sem áður var í eigu einkaspæjara og fyrir tilviljun fer hann að fá inn á borð til sín mál til rannsóknar sem ætluð voru einkaspæjaranum.

► **21.00** Blow Out III - Lokapáttur Þriðja þáttaröðin með hárgreiðslumeistararum Jonathan Antin sem fæst við hvert stórverk efnið af öðru með skærin í annarri hendi og hárláðaran í hinni.

22.00 Starter Wife (3.5) Bandarísk megasería í fimm þáttum um ofdekraða eigin konu í Hollywood sem þarf að hefja nýtt líf eftir að eiginmaðurinn sparkar henni.

22.50 Jay Leno

23.40 Heartland (e)

00.30 C.S.I. New York (e)

01.20 Vörutorg

02.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE



CHAMPIONS
LEAGUE



Í KVÖLD KL. 18:45

SPORTING - MAN. UTD.

Arsenal - Sevilla Sýn Extra

Barcelona - Lyon Sýn Extra 2

Upphitun hefst kl. 18:00

Umfjöllun um alla leiki kvöldsins kl. 20:40

SYN
besta sætið

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50

Big Love

Þá er komið að annarri seríu um Bill Henrickson og eigin-konurnar hans þrjár. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem krefst mikillar vinnu. Það er ekki nema von að mað-urinn sé þreyttur en hann er þó ekki á því að gefast upp. Í þætti kvöldsins vekur mannshvarf upp erfiðar spurningar og svo virðist sem átök séu í vændum.



ÞVIÐ MÆLUM MED

KILJAN

Sjónvarpið kl. 22.20

Nýr bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar en Kolbrún Bergþórs-dóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins. Meðal gesta í kvöld eru hjónin Jung Chang og Jon Halliday sem skrifuðu umtalaða ævisögu Maós, Jóhann Páll Valdi-marsson bókaútgefandi, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og að auki nýr handhafi Íslensku barnabókaverðlaunanna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50

Bæn

07.05

Morgunvaktin

09.05

Okkar á milli

09.45

Morgunleikfimi

10.13

Brot af eilífðinni

11.03

Samfélagið í nærmynd

12.00

Fréttayfirlit

12.03

Hádegisútvarp

12.20

Hádegisfréttir

12.45

Veðurfregnir

12.50

Dánarfregnir og auglýsingar

13.00

Vítt og breitt

14.03

Tónar að nóni

15.03

Útvarpssagan: Vansæmd

15.30

Dr. RÚV

16.00

Siðdegisfréttir

16.10

Veðurfregnir

16.13

Hlaupanótan

17.03

Víðsjá

18.00

Kvöldfréttir

18.24

Auglýsingar

18.25

Spegillinn

18.50

Dánarfregnir og auglýsingar

19.00

Endurómur úr Evrópu

20.00

Leynifélagið

20.30

Stefnumót

21.10

Út um græna grundu

22.15

Landnemasögur

23.00

Gáru

00.10

Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

18.23 Fréttir
19.00 Hollyoaks (17.260)
19.30 Hollyoaks (18.260)
20.00 Gary the Rat
20.30 The Will (3.6) Spennandi raun-veruleikaþáttur þar sem ættingjar milljóna-mæringsins Bills Long keppa um erfðarrétt-inn á stórum búgarði. Í hverri viku keppa ættingjarnir og í lok þáttarins er einn send-ur heim. 2005.
►21.15 E-Ring (8.22) Spennuþáttur úr smíðju Jerry Bruckheimers með Denn-is Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverk-um. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrr-um CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
22.00 Justice (5.13) Spennandi lög-fræðipættir, framleiddir af Jerry Bruckheim-er(CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttri lög-fræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjald-an tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þátt-unum hefur verið líkt við Practice.
22.45 NCIS (4.24) Hörkuspennandi fram-haldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða ný-liða.2006.
23.30 Arrested Development 3 Óborg-anlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
23.55 Skins (3.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturfylja-neyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Down to Earth 13.00 Miss Marple 14.00 Passport to the Sun 14.30 Cash in the Attic 15.30 Small Town Gardens 16.00 As Time Goes By 16.30 Last of the Summer Wine 17.00 The Week the Women Went 17.30 Small Town Gardens 18.00 Silent Witness 19.00 The Inspector Lynley Mysteries 20.00 Celeb 20.30 The Kumars At Number 42 21.00 Silent Witness 22.00 Ever Decreasing Circles 22.30 The Inspector Lynley Mysteries 23.30 As Time Goes By

DR 1

12.20 Det store år 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Flemmings Helte 14.15 SKUM TV 14.30 Pucca 14.35 Thai's So Raven 15.00 Junior 15.30 Klassen 2.b 15.45 Tagkammerater 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd 18.00 Søren og Søren 18.30 Med slør og høje hæle 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 En sag for Frost 21.40 Onsdags Lotto 21.45 OBS 21.50 DR Jobbussen 22.20 Landet som stalin tog 22.50 Flemmings Helte

NK1

10.55 Standpunkt 11.40 VM fotball 2007, kvinner 14.00 Gatefotball 14.30 Fabrikken 15.00 NRK nyh-eter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 VM fotball 2007, kvinner 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Barne-tv 16.15 Ugler i mosen 16.35 Danny og Daddy 16.40 Distriktshyeter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerspektørene 17.55 Jordmødrene 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktshyeter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Vikinglotto 19.50 House 20.30 Migrapolis: Folk i farta 21.00 Kveldsnytt 21.20 VM fotball 2007, kvinner: VM-magasin 21.35 Lydverket live 22.35 50 menn på 10 uker 23.20 Kulturnytt

SVT 1

13.30 Andra Avenyn - castingen 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Packat & klart 15.30 Krokodill 16.00 Lilla prinsessan 16.10 Ellas lördag 16.15 Världens största kör 16.30 Ponpon 16.55 Dr Dagg 17.00 Mitt liv som en Popat 17.30 Rapport 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Sex med Victor 19.30 Mia och Klara 20.00 Studio 60 on the Sunset Strip 20.45 Simma lugnt, Larry! 21.20 Rapport 21.30 Kulturnyheterna 21.40 Döden väntar i Arkangelsk 22.40 Sändningar från SVT24

www.lyfja.is

CLINIQUE

GÓÐ GJÖF

Kaupauki 8 hlutir!

Ef þú kaupir 2 hluti eða fleiri í Clinique er þessi gjöf til þín:*

• Take The Day Off Makeup Remover 30 ml.

• Liquid Facial Soap Mild 30 ml.

• Dramatically Different Moisturizing Lotion 30 ml.

• Continuous Rescue Antioxidant Moisturizer 15 ml.

• Up-Lighting Liquid Illuminator 7 ml.

• High Impact maskari 4g.

• Full Potential varagloss 2,4 ml.

• Aromatics Elixir ilmvatn 4 ml.



* Á meðan birgðir endast

Garðatorgi, Laugavegi, Lágumlíla Setbergi, Smáralind, Smáratorgi, Spönginni, Borgarnesi, Egilsstöðum, Höfn og Reyðarfyrri.

LYFJA

- Lífið heil

GAMLA MYNDIN



„Ég hef nú ekki verið að leggja neinar tiskulínur á þessum tíma, menn voru syona yfirleitt síðhærðir þarna. Ég ætla hins vegar að geyma það til elliár-anna að safna hári aftur.“

Tómas Tómasson Stuðmaður.

Myndin er tekin í kringum 1975.

Jógvan óþekktanlegur með nýja klippingu

„Þetta var orðið nauðsynlegt, ég er náttúrulega hárgreiðslumaður og því er nauðsynlegt að breyta til,“ segir Jógvan Hansen, fyrsti sigurvegari hins íslenska X-factor, en hið mikla hár sem söngvarinn skartaði í þáttunum er nú fokið og eftir er nauðrakaður og svartur kollurinn. „Þetta er nú líka vandamálið með flottustu klippingarnar, þær eru mesta vesenið og ég var orðinn nokkuð þreyttur á henni,“ útskýrir Jógvan og bætir því við að þetta sé miklu þægilegra. Hárið var á sínum tíma eitt einkennismerkja söngvarans frá Færeyjum og hann var auðþekktanlegur á makka sínum.



En núna segir Jógvan að enginn þekki hann. „Og ég hef því fengið alveg ótrúlega mikinn frið,“ útskýrir hann. Sitt sýnist hverjum um nýju hárgreiðsluna og Jógvan hefur fengið athugasemdir um að hann verði svolítið barnalegur. „Sumir segja að ég sé eins og krakki en fyrir 29 ára gamlan mann er það bara hrós,“ segir söngvarinn, sem undirbýr sig nú af krafti fyrir George Michael-sýninguna á Broadway ásamt Friðriki Ómari. „Ég varð reyndar að hringja í Friðrik og spyrja hann hvort þetta væri ekki í lagi,“ segir Jógvan. - fgg

MEÐ HÁR Hárgreiðslan sem söngvarinn skartaði í X-Factor.



ÁN HÁRS Jógvan prýðir nú ný hárgreiðsla en allt hárið er farið af. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. gáski 6. í röð 8. keyra 9. fæða 11. í röð 12. sveia 14. þúsund-asti hluti 16. tveir eins 17. fiskur 18. for 20. í röð 21. traðkaði.

LÓÐRÉTT 1. teikning af ferli 3. guð 4. smjaðra 5. draup 7. slatti 10. flyttr 13. rá 15. skál 16. fálmm 19. kyrrð.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. gáski, 2. fæða, 3. keyra, 4. þúsund-asti hluti, 5. fiskur, 6. tveir eins, 7. for, 8. traðkaði, 9. guð, 10. flyttr, 11. smjaðra, 12. draup, 13. slatti, 14. ferli, 15. guð, 16. guð, 17. guð, 18. guð, 19. guð, 20. guð, 21. guð.

- VEISTU SVARID**
- Svör við spurningum á síðu 8.
1. 760 manns.

2. Lífetanóli.

3. Hjálmar H. Ragnarsson.

Takk!

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

SIGURJÓN SIGHVATSSON: ÞEKKTIR LEIKARAR Í NÝRRI KVIKMYND

Sigurjón Sighvats veiðir Köngulóarmanninn í net sín

Sigurjón Sighvatsson á nú í við-ræðum við bandarísku leikarana Toby Maguire og Jake Gyllenhaal um að leika í kvikmyndinni Brothers sem hann framleiðir. Sigurjón staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið og segir viðræðurnar á lokastigi en ítarlega er fjallað um myndina í bandaríska kvikmynda-tímaritinu Variety. „Þetta hefur gengið mjög vel og í raun óvenju hratt fyrir sig,“ segir Sigurjón en eins og Fréttablaðið greindi frá í apríl á þessu ári mun írski leikstjórinn Jim Sheridan leikstýra myndinni. Brothers er endurgerð dönsku kvikmyndarinnar Brødre eftir Susanne Bier en hún segir frá hermanni sem sendur er til Afganistan í baráttuna gegn ógn-arstjórn talibana og felur bróður sínum að gæta eiginkonu sinnar og barna. Líf þeirra flækist til muna þegar sá verður ástfanginn af eiginkonunni.

Að sögn Sigurjóns er stefnt að því að framleiðsla kvikmynda-rinnar hefjist í nóvember; enn eigi þó eftir að semja við leikkonu í aðalkvenhlutverkið en nokkrar séu í sigtinu. „Fyrst göngum við frá þessu,“ útskýrir hann. Ekki þarf að fjölyrða um að mik-ill akkur er fyrir Sigurjón að fá leikara af þessari stærðargráðu til liðs við sig. Gyllenhaal er í hópi eftirsóttustu leikara Hollywood af yngri kynslóðinni en hann lék aðalhlutverkið í hinni margverð-launuðu Brokeback Mountain eftir Ang Lee og var tilnefndur til Ós-karsverðlauna fyrir leik sinn sem smalamaðurinn Jack Twist. Hann lék síðast í Zodiac sem þegar hefur verið orðuð við Óskarstilnefningu. Maguire er ef til vill þekktastur sem Köngulóarmaðurinn Peter Parker í kvikmyndum Sams Raimi



SÁTTUR MEÐ GANG MÁLA Sigurjón er ánægður með hversu hratt málin hafa gengið fyrir sig en stefnt er að því að hefja tökurnar í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

EFTIRSÓTTIR

Peir **Jake Gyllenhaal** og **Toby Maguire** eru eftirsóttir leikarar af yngri kynslóðinni. Gyllenhaal var mikið hrósað fyrir frammistöðu sína í Brokeback Mountain á meðan Maguire hefur skotist upp á stjörnuhim-ininn sem Peter Parker, eða Köngulóarmaðurinn. Peir eiga nú í viðræðum við **Sigurjón Sighvatsson** um að leika í endurgerð dönsku kvikmynda-rinnar Brødre, Brothers.



en hefur jafnframt getið sér gott orð fyrir leik í „vandaðri“ kvik-myndum á borð við Wonder Boys og The Cider House Rules. Sigurjón Sighvatsson er bjart-sýnn á gott gengi myndarinnar; segir hana hafa enn meiri skír-

skotun til bandaríks þjóðfélags en þess danska. „Í Írak eru til að mynda 500 danskir hermenn en 130 þúsund bandarískir. Brothers á því mjög mikið erindi til Banda-ríkjanna eins og staða heimsmála er í dag.“ freyrgigia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Vignir Snær Vigfússon

tónlistarmaður var nýlega steggjáður af vínahópi sínum. Vignir sagði Fréttablaðinu frá því í síðustu viku að vinnur hans hefðu sent mynd af honum í Séð og heyrt og hann væri Séð og heyrt-strákur vikunnar. Svo var þó ekki. Vinnur tónlistarmannsins höfðu einfaldlega búið til nýjar kápur utan um Séð og heyrt-blöð og afhent Vigni fölsuð eintök. Þegar upp komst um hrekinn tók Vignir honum vel, en mun hafa sakað vini sína um kveifarskap – þeir hefðu átt að stíga skrefið til fulls og senda myndina í alvöru í Séð og heyrt. Vignir kvænist unnustu sinni 29. september næstkomandi.

Fyrsta lag strákahljómsveitarinnar Luxor, When You Say You Love Me, er komið út. Um er að ræða tökulag úr smíðju hjartaknúsarans Josh Groban, sem hélt eftirminnilega tónleika í Laugardalshöll síð-aðliðið vor. Svo getur farið að söngkonan **Diddú** syngi með Luxor í einu lagi á fyrstu plötu sveit-arinnar sem kemur út í lok október. Verður ákvörðun um það tekin bráðlega.

Og eins og komið hefur fram í fjöl-miðlum dvaldist ofurstjarnan **Jody Foster** hér á landi fyrr í sumar. Leik-konan dásamaði bæði land og þjóð í spjallþætti Davids Letterman fyrir nokkru og sagði landið vera eins og náttúrufrófsþáttur á National Geograph-ic. Í viðtalinu kom jafnframt fram að Foster hefði verið tíður gestur í sundlaugum og hefði síður en svo látið mikið fyrir sér fara heldur það að sig með sauðsvörtum almúganum í bún-ingsherbergjunum. - sun/fb/fgg



Vallarstjóri á bak við grínþætti

„Ég er bara nokkuð ánægður með þetta, ég var nokkuð ósáttur með kreditlistann en er búinn að hafa samband við lögfræðinginn minn og vonandi verður þetta lagað,“ segir Gestur Valur Svansson, sem á bloggsíðu sinni, gastone.blog.is, greinir frá því að hann sé hugmyndasmiðurinn að sjónvarps-þáttaröðinni Næturvaktinni en hún var frumsýnd á Stöð 2 á sunnudagskvöld. Gestur er vallarstjóri á Vodafone-velli Vals-manna en hugmyndina að gríni á bensínstöð fékk hann fyrir nokkrum árum eftir að hafa sjálfur starfað á bensínstöð á sínum yngri árum. „Ég hafði samband við Ragnar Bragason á sínum tíma og við áttum nokkra fundi saman en síðan slitnaði upp úr því samstarfi. Ég varð því nokkuð hvumsa þegar ég sá að Stöð 2 væri að fara að framleiða Næturvakt-ina,“ segir Gestur. Eftir samningavíðræður fékk Gestur þó sitt framlag metið og samdi við Saga Film, framleiðanda þáttanna, um greiðslur fyrir það sem hann telur vera höfundarverk sitt. Ragnar Bragason, leikstjóri þáttanna, sagði kannast við mál Gests og viðurkendi að hann hefði vissulega átt hugmyndina að því að gera grín á bensínstöð. „Og þegar þetta fór að rúlla fyrir alvöru þótti mér því sjálfsgatt að hann fengi sitt fyrir að hafa komið snjóboltanum af stað,“ útskýr-



VANN Á BENSIÑSTÖÐ Gestur Valur vann á bensínstöð í Mos-fellsbæ og þaðan kviknaði hugmyndin að Næturvaktinni.

ir Ragnar sem vildi að öðru leyti ekki tjá sig um þetta, höfundarréttur væri flókið mál en stað-festi að hann kannaðist við óánægju Gests í kjölfar frumsýningarinnar. „Málið er í ákveðnum farvegi og mér skilst að hann hafi fengið viðurkenningu fyrir sitt framlag og greiðslur samkvæmt umrædd-um samningi.“ - fgg

MEGA TILBOÐ

Eðal FISKFARS úr smíðju prinsins

99kr/kg



HAFID FISKIPRINSINN

Þú getur alltaf treyst á prinsinn

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

Kíktu út!

TILBOÐ
» VERÐ FRÁ:
5.900 kr.
aðra leið með sköttum
og öðrum greiðslum



**Sala hefst
kl. 12:00 í dag!**

Bókunartími: 19.–21. sept.
Ferðatímabil: 1. okt.–30. nóv. 2007


Kaupmannahöfn
London
Friedrichshafen
Berlín
Barcelona
Alicante
Billund
Lúxemborg

Iceland Express býður flug á tilboðsverði, lægsta verð aðeins 5.900 kr., aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

» Nú er um að gera að bóka ódýrt flug til Evrópu og eiga flugmiða upp á vasann þegar kvikasilfrið í hitamælinum tekur að falla. Iceland Express býður flugsæti á frábæru tilboðsverði og er lægsta verð aðeins 5.900 kr., aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

» Um er að ræða valdar dagsetningar á tímabilinu 1. október til 30. nóvember og eru í boði flugsæti til allra áfangastaða Iceland Express, fram og til baka.

» Bókunartíminn er 19.–21. september og er sætaframboð takmarkað. Sala hefst í dag, stundvíslega kl. 12 á hádegis og það er eins og alltaf: Fyrstur bókar, fyrstur fær!



Iceland Express





BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur


Sultur

Af eðlislægri forvitni hef ég stundum leiðst út í tilraunir sem eiga að miða að bættri heilsu og betra lífi. Úthaldið hefur nú reyndar verið minna en trúgirninn svo enn sem komið er sitja fáar sérþarfir eftir. Svona tveimur dögum eftir kaup á rándýrri spírúlinu er ég til dæmis búin að steingleyma henni og kemst þar af leiðandi aldrei að því hvort hún virkar eins vel og haldið er fram.

Í NOKKUR ár hef ég með andakt fylgst með fólki – sem komið er á æðra plan í leitinni að tilgangi lífsins – stunda reglubundna föstu. Það þýðir að í marga daga samfleytt neita þessar staðföstu manneskjur sér um annað en fljótandi grænmeti, vatn og grænt te. Tilgangurinn er einfaldlega að hreinsa líkamann af alls kyns úrgangi og fylla af ferskri orku. Þetta hljómar alveg nógu einfalt til að jafnvel ég skilji og auk þess eru sannfærandi frásagnir fólksins af dásamlegri líðan í hungurverkfallinu.

SVO uppástunga vinkonu minnar á dögnum um sameiginlega föstu fannst mér alveg gráupplögð. Vegna þess að hún hefur einbeittari sjálfsaga tók hún að sér fræðilega kaflann, las sér til og afhenti mér svo glósur til að styðjast við í meinlætinu. Hugmyndin varð reyndar strax dálítið súrari þegar ég sá að daglegar stólpípur væru mikilvægar í ferlinu. Mögulegar aukaverkanir væru svo andfýla, höfuðverkur og svimi. Mín privat aukaverkun til viðbótar verður svo átakanleg geðvonska, sem er persónuleikabrestur sem verður því miður mjög áberandi þegar ég er svöng.

NÚ er klukkan 11.32 að morgni fyrsta sultardagsins og mér er óglatt af hungri. Það sem af er dagsins hef ég drukkið frekar vondan djús sem ég pressaði sjálf og horfði öfundsjúk á meðan á annað heimilisfólk úða í sig rúnnstykkjum og dýrindis kaffi. Ég fékk hins vegar marga bolla af hrútleiðinlegu grænu tei og er nú stútfull af andoxunarefnum og sjálfsvorkunn. Í blöðum dagsins má lesa að hundruð bíða eftir offitumedferð og dramatískar offituaðgerðir eru nú líka gerðar á börnum. Átröskunin á sér margar myndir. Kannski vegna þess að öll hugsun mín er í augnablikinu rígbundin við ýmsar kræsingar finnst mér á dularfullan hátt við öll vera systkin í þjáningunni.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 19. september, 262. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.01	13.22	19.41
Akureyri	6.44	13.06	19.27

Heimild: Almanak Háskólans



RX 350 sameinar glæsileika, fágun, gríðarmikið afl og einstakt öryggi. Hann er athvarf frá álagi hinna virku daga. Hann er hrein upplifun þar sem landið hættir að setja þér takmörk og víður sjóndeildarhringur opnar þér nýja möguleika. Komdu og gefðu Lexus RX 350 tæri á að uppfylla ýtrustu

kröfur sem þú gerir til lúxussportjeppa. Niðurstaðan verður gagnkvæm virðing milli þín og RX 350, bíls sem er smíðaður til að standa undir ströngustu væntingum.

Verð frá: 5.520.000 kr.


The pursuit of perfection